

HJÖRDÍS LILJA ÖRNÓLFSDÓTTIR
Hljómurinn boðar komu velkominna gesta
 • heimili • nám
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Fimm herbergja hæð í fjórbylí við Flókagötu
 sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



Allt fyrir skrifstofuna
17% afsláttur af öllum blæk og dufthylkjum
Office 1
 Frí dagbók með öllum pöntunum í janúar
Frí dagbók með öllum pöntunum í janúar
PÖNTUNARSÍMI 550 4111
FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

12. janúar 2009 – 11. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR


Brýn þörf í samfélaginu
 Séra Þórhallur Heimisson opnar fjölskyldu- og hjónaráðgjöf í dag.
TÍMAMÓT 16

Sólskinsdregurinn frumsýnd
 Björgólfur Thor, Vigdís Finnbogadóttir og Ólafur Ragnar Grímsson meðal frumsýningargesta.
FÓLK 19


Niðurlæging
 Man. Utd tók Chelsea í bakaríð á Old Trafford í gær.
ÍPRÓTTIR 22

Risar slást um Latabæ
 Magnús Scheving í viðræðum við Sony og Warner Bros.
FÓLK 26

VEÐRIÐ Í DAG



ÉL NORÐAN OG AUSTAN í dag verða norðaustan 5-15 m/s hvassast við suðausturströndina. Él norðanlands og austan og sum staðar með suðurströndinni seint í dag. Frost 0-6 stig.
VEÐUR 4



Atvinnurekendur svíkja út bæturnar

Formaður Framsýnar segir fyrirtæki misnota atvinnuþryggingakerfið. Bætur vegna skertrar atvinnu nýttar til að greiða niður launakostnað. Forstjóri Vinnu- málstofnunar segir þetta skýrt lögbrot. Fólk verði endurkrafíð um bæturnar.

VINNUMARKAÐUR Fyrirtæki og einstaklingar misnota atvinnuleysisbætur vegna hlutastarfs í auknum mæli og nýta þær sem launagreiðslur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Fyrirtæki hafi lækkað starfshlutfall starfsmanna um allt að helming en ætlast til sömu afkasta eftir sem áður. Þannig hafi atvinnuleysisbæturnar í reynd breyst í niðurgreiðslu launakostnaðar. Í einhverjum tilfellum vinni starfsfólk þó að eigin frumkvæði fullt starf á skertum launum. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnu- málstofnunar, segir þetta skýrt lögbrot sem launþegarnir séu þátttakendur í. „Þeir eru einfaldlega að svíkja út bætur. Það

gæti vel komið til þess að fólk verði endurkrafíð um bæturnar ef slíkt kemst upp.“ Breyting á starfshlutfalli geti ekki verið einhliða ákvörðun vinnuveitanda. Samþykki starfsmaður ekki skerðingu skuli atvinnurekandi segja honum upp með eðlilegum uppsagnarfresti. Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar – stéttarfélags, segir fyrirtæki hafa leitað til sín, sem telji sig í rétti að fara þessa leið. Hann hafi bent þeim á að þetta sé ólöglegt. Að auki veit Aðalsteinn til þess að löginn hafi verið misnotuð á annan hátt. „Ég þekki nokkur dæmi þess að fyrirtæki segi fólk upp störfum og sendi það strax af stað til að

sækja um bætur vegna skertrar atvinnu. Það er klárt lögbrot, enda ber fyrirtækjum að greiða starfsmönnum uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningi,“ segir Aðalsteinn. „Vinnu- málstofnun og stéttarfélagin eiga að sækja hart að þessum atvinnurekendum. Láti þeir ekki segjast á að kæra þá. Ábyrgð fylgir rekstri. Þeir verða að axla sína ábyrgð,“ segir Aðalsteinn. Launafólk eigi undir högg að sækja. „Það er sótt að fólk að taka á sig alls konar skerðingar. Það er búið að taka heila öld að byggja upp réttindakerfi fyrir verkafólk. Við erum komin áratugi aftur í tímarni í þeirri réttindabaráttu.“
 - hhs

Sinfóníuhljómsveit Íslands: Tónleikum verður fækkað

MENNING „Við ætlum ekki að grípa til uppsagna nema í allra, allra ýrtruðu þörf og vonum að til þess þurfi ekki að koma,“ segir Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin hefur ekki farið varhluta af efnahagskreppunni og hefur misst tvo helstu styrktaraðila sína, Stoðir og Landsbankann. Landsbankinn var búinn að borga styrkinn í haust þegar hrúnið varð en ekki Stoðir.



PRÖSTUR ÓLAFSSON Þröstur segir að um háar upphæðir sé að ræða og á von á verulegum niðurskurði sem birtist meðal annars í færri tónleikum. Þá býst hann við að enn erfiðara verði að afla styrkja nú en áður. „Horfurnar eru núll,“ segir hann.
 - ghs



SVÖL MÆÐGIN Þessi ungi maður og móðir hans viluðu ekki fyrir sér að fá sér sundsprett á hinu íslagða Chizhovskoe-vatni í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, í gær.
 NORDICPHOTOS/AFP

Fulltrúar í allsherjarnefnd: Ósammála um dómarskipanir

DÓMSTÓLAR Fulltrúar allra flokka í allsherjarnefnd Alþingis telja að ráðast ætti í breytingar á fyrirkomulagi dómarskipana. Þeir eru hins vegar ósammála um hvaða leið skuli fara og hversu áriðandi það er.

Stjórnarandstæðingar telja mjög brýnt að svipta dómsmálaráðherra skipunarvaldinu í ljósi ítrekaðra dæma um að ráðherra hafi gengið fram hjá umsögnum og álit matsnefnda. Fulltrúi Samfylkingarinnar er ekki sannfærður um að valdinu væri betur komið annars staðar og fulltrúi Sjálfstæðisflokks vill fyrir enga muni svipta hann því. Valdið þurfi að vera hjá ráðherra, þar eð hann beri pólitíska ábyrgð á ráðningunni. Hann segir einnig að nefndin hafi mörg mikilvægari mál á sinni könnu.
 - sh / sjá síðu 4

Formaður og þingflokksformaður frjálslyndra héldu fund á Klörubar á Kanarí: Frjálslyndir funduðu í framsóknarvigi

STJÓRNMÁL Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, og þingflokksformaðurinn Jón Magnússon funduðu með riflega sjötíu Íslendingum á Klörubar á Kanaríeyjum á laugardag. Barinn hefur hingað til verið þekktur sem mikið vígi framsóknarmanna og þeir reglulega haldið þar fundi. Jón hefur verið í vikufrí á Kanaríeyjum og kemur heim í dag.

Guðjón verður eitthvað lengur. „Það eru fundir hér á laugardögum klukkan ellefu og framsóknarmenn á svæðinu bara buðu okkur afnot af fundinum,“ segir Jón. Jón segir fundinn hafa verið fjörugan og skemmtilegan. „Við vorum að ræða bara almennt um pólitík heima og svara fyrirspurnum,“ segir hann. Fundurinn hafi staðið frá ellefu til eitt í glampasólskini

og menn hafi skipst ákveðið á skoðunum. Jón segir að framsóknarmenn hafi ekki verið í áberandi meirihluta á fundinum, en þó hafi fyrirhugaðar forystukosningar í flokknum borið talsvert á góma. Þá segir Jón nokkra framsóknarmenn hafa óskað þess að Framsóknarflokkurinn tæki upp fiskveiðistefnu Frjálslynda flokksins.
 - sh

Skinku bátur 6 tommu bátur **329 kr.**
SUBWAY
 Gildir í janúar 2009
 Gildir ekki með öðrum tilboðum
 Gildir ekki í Stjórnarmáli

Áttu von á gestum?
 Svefnósar
Betra BAK

SPURNING DAGSINS



Eiríkur, hefur safninu vaxið fiskur um hrygg?

„Já, enda hefur aflinn verið að glæðast mikið undanfarið með fjölgun gesta, og nú þegar nýppgerðu safni verður hleypt af stokkunum fyrir vorið munum við sækja á ný og auðugri mið.“

Eiríkur P. Jörundsson er nýsettur forstöðumaður Sjóminjasafns Reykjavíkur, sem farið hefur í yfirhalingu að undanförmum.

Björgunarmenn gerðu árangurslausa tilraun til að ná ljónstyggu lambi í Úlfarsfelli:

Svo sannarlega ekkert lamb að leika sér við

BJÖRGUN „Lambið er mjög sprækt og ljónstyggt svo að það er mjög erfitt að nálgast það,“ segir Hlynur Sigurðarson, formaður björgunarsveitarinnar Kyndils í Mosfellsbæ, sem ásamt þremur öðrum björgunarsveitarmönnum og sex bændum gerði árangurslausa tilraun til að ná lambi af syllu í Úlfarsfelli í gær.

Lambið hefur hafst við í Úlfarsfelli undanfarnar vikur eftir að það varð viðskila við aðrar kindur. Hlynur segist ekki vita hver sé eigandi þess en að höfðu samráði við lögregluna hafi verið ákveðið að reyna að ná því.

„Það varð uppistand vegna lambsins í haust þegar það fór hér út á

götu og truflaði umferð en þegar fólk reyndi að nálgast það þá hljóp það upp í fjall,“ segir Hlynur.

Björgunarmönnum tóks að reka lambið niður af syllunni í gær. Þeir björgunarmenn sem þar biðu náðu hins vegar ekki að handsama lambið og því hljóp það aftur upp í fjall og út á syllur sem Hlynur segir glerhálar. Hann segir varasamt að reyna að ná lambinu þar sem það er núna. Með því yrði bæði lambið og mannskapurinn settur í óþarfa hættu.

Til stendur að reyna að ná lambinu síðar. „Lambið hefur greinilega nóg að éta þannig að það er alveg full orka í því,“ segir Hlynur.

- ovd



FUNDIBÉ Björgunarmenn með tvo hunda reyndu að ná lambinu, sem sést efst til hægri, þar sem það var í hömrum norðvestanvert í Úlfarsfelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÁ LANDSFUNDI Björn Bjarnason dómismálaráðgjafi og Geir H. Haarde forsætisráðgjafi stanga saman nefjum á landsfundi 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landsfundur í lok janúar:

Mikil aðsókn á landsfund

STJÓRN MÁL Allflest félög í Sjálfstæðisflokknum hafa gengið frá skráningu landsfundarfulltrúa sinna samkvæmt upplýsingum sem fengust á skrifstofu flokksins. Mikill áhugi á fundinum er talinn stafa af stöðu efnahagsmála á Íslandi auk þess sem ákvarðanir um stefnu flokksins í Evrópumálum liggja fyrir fundinum.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fer fram í Laugardalshöll 29. janúar til 1. febrúar næstkomandi en þessum 38. landsfundi flokksins var flýtt um níu mánuði vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Vel á annað þúsund fulltrúar eiga sæti á landsfundi og eru þeir valdir af kjördæmisráðum eða kosnir af einhverju þeirra 148 sjálfstæðisfélaga sem starfandi eru á landinu. Að auki eru þeir sem sitja í flokksráði sjálfkjörnir á landsfundi.

- ovd

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hafði þegar misst prófið

Lögreglan á Suðurnesjum handtók í fyrrinótt mjög ölvaðan ökumann sem sinni ekki stöðvunarkerjum lögregluunnar og ók utan í lögreglubifreið sem veitti honum eftirför. Maðurinn reyndist próflaus í þokkabót.

Saka oddvitann um að stela bókhaldinu

Brotist var inn á skrifstofu Kjósarhrepps um jólin og tölvum með bókhaldi og persónulegum gögnum stolið. Oddvitinn segir málið alvarlegt og átelur lögreglu fyrir seinangang. Sveitungar hans saka hann um að hafa sjálfur stolið gögnunum.

LÖGREGLUMÁL Þegar Sigurbjörn Hjaltason, oddviti Kjósarhrepps, mætti til vinnu eftir jólin mætti honum stórskemmd hurðin á hreppsskrifstofunni. Brotist hafði verið inn og tölvum með gögnum hreppsins stolið. Þau eru ófundin.

Sigurbjörn segir að málið líti óneitanlega þannig út að þjófurinn hafi aðeins ásælst gögnin, en meðal gagnanna er bókhald bæjarins auk ýmissa viðkvæmra persónulegra upplýsinga um málefni einstaklinga

og sveitarfélagsins, til dæmis um fjármál fólks. „Svo eru þarna tölvupóstar á milli mín og starfsmanna félagsmálasviðs Mosfellsbæjar. Hlutir sem ekki eiga að komast á flöt,“ segir Sigurbjörn. Engu

öðru var stolið, þótt inni væru verðmætir hlutir á borð við handhægan peningaskáp, flatskjá og skjávarpa.

Eftir að fréttir birtust um innbrotið á vef sveitarfélagsins fóru að berast við þær óvægðar athugasemdir frá tveimur sveitungum Sigurbjörns, þar sem ýjað var að því að hann hefði sjálfur átt þátt í innbrotinu og hvarfi gagnanna vegna þess að þau sýndu fram á spillingu og óráðsú í rekstri sveitarfélagsins.

Sigurbjörn fjarlægði athugasemdirnar, þar sem honum þóttu þær meiddandi. Í kjölfarið bárust fleiri athugasemdir þar sem hann var sakaður um ritskoðun og kennd-



MEDALFELLSVATN Í KJÓSI í Kjósarhreppi búa um 190 manns.

MYND/GUÐMUNDUR P. STEINÞÓRSSON

TVENN UMMÆLI AF VEF KJÓSARHREPPS

■ 30.12.2008 01:55:37 „Það þykir vinsælt og heplegt í dag að eyða og tyna gögnum eða jafnvel láta stela þeim þegar allt er komið í óefni í bókhaldinu og spillingin hefur verið í alglymi, kosnir fulltrúar í því að hign vinnum og vandamönnum, útvega þeim verkefnum á vegum hreppsins, og jafnvel bjóða svarta vinnu án löglegra útboða.“
Don Petro Þúfukoti Kjós“

■ 8.1.2009 17:41:43 „Nú á að koma á ritskoðun á kjós.is. Þá verður íslenska Mugabe falið að ritskoða skoðanir fólks. [...]Trúlega er þetta síðasta álit mitt sem birtist á meðan hinn íslenski Mugabe er við völd í Kjósarhrepp. Hann er nú þegar búinn að brjóta af sér á sama hátt og Róbert Mugabe átrúnaðargoð hans og fyrirmynd gerir í Simbabe [...] Áhugamaður um að land sé byggt með lögum“

ur við Robert Mugabe, forseta Simbabwe.

Annar þeirra sem skildi eftir athugasemdirnar skrifaði undir nafni. Sá er Pétur Jónsson í Þúfukoti. Sigurbjörn segir hann annan tveggja sem hafi um nokkurn tíma troðið illsakir við sig og sveitarfélagið vegna skipulagsmála. Hinn sé tannlæknirinn Jón Birgir Jónsson, sem Sigurbjörn segist sannfærður um að hafi ritað hinar athugasemdirnar undir dulnefni.

Sigurbjörn segir ásakanirnar

mjög óþægilegar. Hann grunar þó ekki Pétur eða Jón Birgi um að hafa stolið gögnunum. „Þessi skrif á síðunni voru þess eðlis að flestir telja vera eitthvert samhengi þarna á milli, þótt ég vilji ekki meina það.“

Og Sigurbjörn er ekki ánægður með viðbrögð lögreglu, í ljósi þess hversu alvarlegt það sé að svo viðkvæmum upplýsingum sé stolið. „Við biðum í rauninni bara eftir því að lögreglan hristi af sér slenið og fari að rannsaka þetta,“ segir hann.

stigur@frettabladid.is



NORRÆN GULLDEPLA Fiskurinn verður 6 til 8 sentimetrar langur.

MYND/NÁTTÚRUSTOFA NORÐAUSTURLANDS

Tilraunaveiðar á gulldeplu:

Nóg af fiski en erfitt að veiða

SJÁVARÚTVEGUR „Það er nóg af henni hérna en það er bara málið að koma henni í pokann og halda henni þar,“ sagði Gylfi Viðar Guðmundsson, skipstjóri á Hugin VE, í gær þar sem hann var við tilraunaveiðar á norrænni gulldeplu.

Skömmu fyrir jólin fengu þeir 50 tonn af þessum smágerða fiski sem er af laxsildarætt og er aðeins um sex til átta sentimetrar að lengd. Líkt og með loðnuna er hún veidd bæði til bræðslu og frystingar. „Við erum að prófa okkur áfram með veiðarfærin,“ sagði hann og bætti við að þar ættu menn nokkuð langt í land. Ekki var þó langt í land í eiginlegum skilningi því gulldepluna var að finna skammt suðvestur af Vestmannaeyjum og því aðeins um tveir tímar í heimstím.

- jse

Formaður mannúðarsamtaka:

Kuldi gæti fellt þúsundir Breta

BRETLAND Mikill kuldi og flensa sem geislað hefur í Bretlandi að undanförmum gæti fellt þúsundir fólks í vetur, að mati dr. Alan Maryon-Davis, formanns mannúðarsamtakanna UK Facility of Public Health. Í viðtali við Daily Telegraph segir Davis að kuldinn og flensan, í bland við efnahagskreppuna, komi afar illa við eldri borgara og þá sem veikir eru fyrir.

Að sögn Davis eru íbúar Bretlands illa í stakk búnir til að takast á við harðan vetur. Fyrir hverja gráðu sem hitastigið lækkir fjölgi dauðsfólum um átta þúsund.

- kg

Forsætisráðgjafi Ísraels segir herinn nálgast markmið sín:

Nærri 900 drepnir á 16 dögum

PALESTÍNA Að sögn palestínskra lækna létust 29 Palestínnumenn í hernaðaraðgerðum Ísraelsmanna á Gaza-svæðinu í gær, þar af sautján í Gaza-borg. Sjúkrahús, sem rekið er af sænsku kirkjunni á Gaza-ströndinni, varð fyrir flugskeyti Ísraelshers. Engan sakaði en sjúkrahúsið er gjörónytt. Ísraelsmenn segja Palestínnumenn hafa skotið tólf flugskeytum á suðurhluta Ísraels.

Ehud Olmert, forsætisráðgjafi Ísraels, lýsti því yfir í gær að her landsins nálgist nú þau markmið sem hann hefði sett sér með aðgerðum sínum á svæðinu. Þó væri enn þörf fyrir meiri þolinmæði, staðfestu og vinnu.

Olmert sagði við sama tilefni að enginn gæti ákveðið fyrir Ísraelsmenn hvenær þeir réðust til atlögu og hvenær ekki. Leiðtogar bæði



ÁFRAMHALDANDI AÐGERÐIR Palestínnsk kona sem særðist í hernaðaraðgerðum Ísraelshers á Gaza í gær er borin á spítala.

NORDICPHOTOS/AFF

Ísraelshers og Hamas-samtakanna palestínsku hafa lýst yfir að þeir hyggist hundska kröfu öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um tafarlaust vopnahlé á svæðinu.

- kg

ostur.is

Veldu létt
... og mundu eftir ostinum!

NOTA HÖBBERIA

Vafræðu um netið á læggra verði!

**Prófaðu nettengingu Nova.
Þú hefur 10 daga til að finna út
hvort þjónustan hentar þér.**

Allar nánari upplýsingar á nova.is.

**10 daga
reynslutími!**



Nettenging fyrir heimilið og/ eða sumarbústaðinn.
Hentar ef fleiri en ein tölva er á heimilinu.



Nettenging fyrir fartölvuna. Fartölvun alltaf tengd netinu
hvort sem þú ert heima eða á ferðinni.

3G internet

1.990 kr. /mán.

Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.

**3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Það dugur
flestum að nota 5 GB á mánuði. Komdu til Nova og fáðu pung eða box til að
tengjast netinu. Þetta er einfaldara en það hljómar!**

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði + 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkort.
Pungur útborgun: 0 kr. Box útborgun: 4.990 kr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,82	124,42
Sterlingspund	188,67	189,59
Evra	169,63	170,57
Dönsk króna	22,759	22,893
Norsk króna	17,855	17,961
Svænsk króna	15,769	15,861
Japanskt jen	1,3641	1,3721
SDR	189,86	191

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,4419
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjávarútvegsráðherra útilokar ekki lengur samningaviðræður við ESB:

Segir umræðuna í sjálfheldu

SJÁVARÚTVEGSMÁL Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra útilokar ekki lengur að látið verði á það reyna hvaða árangur gæti náðst í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Hann telur það nauðsynlegt í ljósi þess endurmats sem nú fer fram í Evrópumálum í kjölfar bankahrunsins. Hann segir hins vegar ljóst að samningsmarkmið slíkra viðræðna yrðu út frá hagsmunum Íslands og gengu lengra en hjá öðrum þjóðum.



AF FUNDI HEIMSSÝNAR Einar K. Guðfinnsson útilokar ekki lengur viðræður við ESB vegna endurmats í Evrópumálum sem nú fer fram hérlandis.

spurningu hvaða kostir standi Íslandi til boða. „Kjarni málsins er sá að þeirri spurningu þarf að svara. Ekki bara í huga okkar sem

höfum ákveðnar skoðanir á málinu, því það er alveg ljóst að almenningur unni ekki öðru en fá aðkomu að svarinu. Það er nauðsynlegt að við rifum okkur út úr þeirri sjálfheldu sem við erum stödd í með þessa umræðu,“ sagði Einar í erindi sínu.

Einar sagði jafnframt að þegar rætt væri um stöðu sjávarútvegs í samhengi við Evrópusambandsaðild væri eitt ljóst í hans huga. „Við getum ekki unað þeirri stöðu sem aðrar þjóðir hafa þurft að sætta sig við. Sérstafa okkar er algjör.“ Í þessu ljósi muni Ísland aldrei semja um að gefa eftir forræði yfir fiskimiðum þjóðarinnar.

- shá

Ferja sökk í Indónesíu:

Óttast að margir hafi látist

INDÓNESÍA Ferja með 250 farþega og 17 manna áhöfn innanborðs sökk í aftakaveðri í austurhluta Indónesíu í fyrrinótt. Samgönguráðherra landsins segir 150 manns hafa náð að stökkva frá borði áður en ferjan sökk, en ekki er vitað hvort fólk hefur lifað vistina í köldum sjónum af. Viðamikil leit að farþegum og áhöfn stóð yfir í allan gærðag.

Talsmaður ráðuneytisins sagði í gær að vitað væri um átján sem hefðu lifað af. Fellibylur geisar nú á svæðinu og er ölduhæð mikil. Árið 2006 létust um 400 manns þegar ferja sökk á svipuðum slóðum.

- kg

Skurðstofur HSS vannýttar: Ekki mistök að byggja upp

HEILBRIGÐISMÁL Sigríður Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, segir ekki rétt að nýjar skurðstofur sjúkráhuðssins séu ónotaðar og að ekki hafi verið vitað til hvers ætti að nýta þær þegar þær voru byggðar eins og haft var eftir Ástu Möller, formanni heilbrigðisnefndar, í Fréttablaðinu í gær.

„Við fluttum úr gömlu skurðstofunni í sumar og þá voru teknar í notkun tvær nýjar skurðstofur. Önnur þeirra er svo til fullnýtt í dag en hin er ekki í notkun,“ segir Sigríður. Til stóð að auka þjónustuna en fjárveitingar og yfirvofandi skipulagsbreytingar gáfu ekki tiliðni til slíks í sumar og haust.

Ákveðið hefur verið að loka skurðstofum St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og færa þjónustuna til Suðurnesja.

- þó

Endurskoða ætti fyrirkomulag við ráðningu dómara

Fulltrúar í allsherjarnefnd vilja ganga mislangt í að breyta fyrirkomulagi við dómarskipanir. Stjórnarandstæðingar segja brýnt að svipta ráðherra skipunarvaldi. Fulltrúar stjórnarflokkanna eru á öðru máli.

DÓMSTÓLAR Fulltrúar allra flokka í allsherjarnefnd Alþingis telja ástæðu til að endurskoða fyrirkomulag við skipanir dómara, bæði við héraðsdóma og Hæstarétt. Þeir vilja hins vegar ganga mislangt í þeim efnum.

Birgir Ármannsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks og formaður nefndarinnar, segist í meginatriðum sáttur við núverandi kerfi, þótt ástæða sé til að taka það til endurskoðunar. Allsherjarnefnd hafi hins vegar mörg önnur mikilvægari mál á sinni könnu.

Mestu máli skiptir að mati Birgis að skipunarvaldið verði hjá dómsmálaráðherra, vegna þess að hann beri pólitíska ábyrgð á gjörðum sínum. „Síðan getum við velt vöngum yfir því hvernig aðdraganda að ákvörðun ráðherra er háttáð,“ segir hann. Ástæða sé til að skoða það ferli, hvernig umsagna er aflagð og hvaða sjónarmið liggja þar til grundvallar.

Jón Magnússon, fulltrúi Frjálslynda flokksins í nefndinni, segir að rökin um pólitíska ábyrgð ráðherra séu ógild. „Hvenær hefur dómsmálaráðherra nokkurn tímann borið pólitíska ábyrgð á því að ganga fram hjá matsnefnd?“ spyr hann. „Ætla Árne Mathiesen að bera pólitíska ábyrgð á ráðningu Þorsteins Davíðssonar?“

Jón segir brýnt að færa skipunarvaldið frá ráðherra til að aðgreina betur framkvæmda- og dómvaldið. Í ljósi þess hve breyttu samfélagi við búum í eftir efnahagshrun sé aukið gagnsæi sem því myndi fylgja enn mikilvægara.

Atli Gíslason, fulltrúi Vinstri grænna, tekur í sama streng og

Jón. Hann segir núverandi fyrirkomulag „aðför að hinu þrískipta ríkisvaldi“ og vill að skipunarvaldið verði fært frá ráðherra bæði hvað varðar héraðs- og hæstaréttardómara. Grundvallaratriði sé að pólitískar ráðningar heyrri sögunni til.

Atli segir málið alls ekki einfalt, en stingur til dæmis upp á að skipuð verði þriggja manna matsnefnd til fjögurra ára með fulltrúum lögjafar-, framkvæmda- og dómvalds sem réði dómara á bæði dómstig. Jafnvel komi til greina að fela Alþingi að samþykkja ráðninguna með auknum meirihluta, eins og frumvarp samfylkingarþingmannsins Lúðvíks Bergvínssonar frá síðasta þingi gerði ráð fyrir. Jón var meðflutningsmaður þess frumvarps. Frumvarpið dagaði uppi á þingi.

Birgir segir að ráðningarnar yrðu ef eitthvað væri „enn pólitískari“ ef Alþingi fengi að ráða, og vísar til Bandaríkjanna, þar sem slíkt fyrirkomulag er í gildi.

Siv Friðleifsdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins, vill eins og Jón og Atli taka skipunarvaldið af dómsmálaráðherra, ekki síst í ljósi vinnubragða Árna Mathiesen við skipan Þorsteins Davíðssonar. Þá segir hún brýnt að veita matsnefndum meira og skýrara vald og að eðlilegt væri að þingið þyrfti að samþykkja dómara.

Ellert B. Schram, fulltrúi Samfylkingarinnar, er ekki sannfærður um að leið Lúðvíks, samflokksmanns síns, sé vænleg. Hann telur, líkt og Birgir, að með samþykki Alþingis geti ráðning verið allt eins pólitísk og ráðningar ráðherra. Tilefni sé þó til þess að end-



FULLTRÚAR ALLSHERJARNEFNDAR Birgir, Jón, Atli, Siv og Ellert eru sammála um að breytingar séu æskilegar en eru ósammála um hvaða leið skuli farin. SAMSETT MYND

NÚVERANDI FYRIRKOMULAG

■ Dómsmálaráðherra skipar nú alla dómara, hvort sem er við héraðsdóma eða Hæstarétt.

■ Hæstaréttardómarar veita sjálfir umsagnir um umsækjendur um stöðu hæstaréttardómara. Almennur vilji virðist fyrir því meðal stjórnmalamanna að endurskoða það fyrirkomulag.

■ Þriggja manna nefnd skipuð af Hæstarétti, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands metur hæfi umsækjenda um stöður héraðsdómara, sem ætlað er að vera ráðherra til leiðbeiningar við ráðninguna.

stigur@frettabladid.is

LÖGREGLDUFRÉTTIR

Fundu hass á Skagaströnd

Lögreglan á Blönduósi lagði hald á um 30 grömm af hassi við húsléit á Skagaströnd á laugardag. Enginn var handtekinn vegna málsins sem telst upplýst.

Velti til að forða árekstri

Tveir voru fluttir á slysideild í gærmorgun eftir umferðaróhapp á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Ökumaður ók út af veginum og velti bifreiðinni þegar hann reyndi að koma í veg fyrir árekstur. Fólkíð slasaðist ekki alvarlega.

Brutust inn í bíla í vesturbæ

Nokkur erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Tveir menn voru handteknir við innbrot í bíla á Bræðraborgarstíg og slökkviliðið var kallað að Rauðhelli í Hafnarfirði þar sem eldur logaði í bíl. Þar leikur grunur um íkveikju.

Verslun fiskiprinsins Hlíðasmára
hefur verið tekin í extreme makeover.
Verið velkomin í betri og flottari verslun

Ýsa - hrogn - siginfiskur
flottir fiskréttir

HAFID FISKIPRINSINN

þú getur alltaf treyst á prinsinn

Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi • s: 554 7200
www.hafid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

BREYTINGAR Á MIÐVIKUDAG
Í dag verður vægt frost víða um land en til morguns herðir frostið allnokkuð. Þá má reikna með 5-10 stiga frosti á láglendi en kaldara á fjöllum. Á miðvikudag hvesir smám saman af austri, fyrst sunnan til og síðan víðar á landinu þegar líður á daginn. Samfara þessu dregur úr frosti og frostlaust verður um hádegi sunnan til.

Á MORGUN 3-10 m/s, hvassast með ströndum syðra

MIÐVIKUDAGUR Allhvasst allra syðst annars 5-10 m/s

HEIMURINN

Alicante	14°
Amsterdam	3°
Basel	2°
Berlin	0°
Billund	5°
Eindhoven	3°
Frankfurt	1°
Friedrichshafen	2°
Gautaborg	5°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	19°
London	9°
New York	1°
Orlando	19°
Osló	5°
Paris	4°
Róm	11°
Stokkhólmur	5°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

ÞEKING SEM STYRKIR STÖÐU ÞÍNA!

YFIRLIT NÁMSBRAUTA Á VORÖNN 2009

TVÆR ANNIR

Sölu-, markaðs og rekstrarnám 396 stundir

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Í síðari hluta er lögð áhersla á rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Frábært nám fyrir alla sem starfa við sölumennsku og/eða eru með eigin rekstur.

Skrifstofu- og rekstrarnám 462 stundir

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á þremur námskeiðum sem öll styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám, Fjármál & rekstur ásamt viðbótarnámi í Navision viðskiptakerfinu.

Skrifstofunám og hönnun 414 stundir

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsingastofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

Sölunám og hönnun 420 stundir

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja söluferlið.

Kerfisstjórn 330 / 396 stundir

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórnar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

4 alþjóðleg próf innifalin: „Microsoft Certified Server Administrator“
Eingöngu er stuðst við viðurkennt námsefni frá Microsoft (MOC).

Ein önn

Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

Meðal kennslugreina eru tölvubókhald, verslunarreikningur, Windows, Word, Excel, Power Point, streitustjórnun, gerð kynningarefnis og margt fleira.

* Alþjóðlegt prófskírteini (ECDL) í tölvufögnum.

Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

Fjármála- og rekstrarnám 132 stundir

Hér er um að ræða frábært námskeið fyrir þá sem vilja bæta við sig þekkingu í fjármálum og rekstri fyrirtækja. Námið snýr m.a. að rekstrarfræði, fjármálastjórnun og áætlanagerð. Lögð er áhersla á verkefnavinnu sem tengd er efninu.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

Kerfisumsjón 180 stundir

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.



NYTIST SEM UNDIRBÚNINGUR
FYRIR HÁSKÓLANÁM



INNTRITUN Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

KJÖRKASSINN



Stundar þú líkamsrækt reglulega?

Já	37%
Nei	63%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú tekið þátt í mótmælum vegna ástands efnahagsmála á Íslandi?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Bretaprins sætir harðri gagnrýni fyrir að uppnefna araba á myndbandsupptöku:

Harry prins biðst afsökunar

BRETLAND Þriggja ára gömul myndbandsupptaka sem sýnir Harry Bretaprins viðhafa niðrandi orð um Pakistana og araba hefur valdið nokkru fjadrafoki í Bretlandi og víðar. Enska dagblaðið News of the World birti myndbandið á vef sínum á laugardag. Harry Bretaprins baðst í gær opinberlega afsökunar á orðbragði sínu í myndbandinu.

Upptakan sýnir Harry kalla sammemanda sinn í Sandhurst-herskólanum „paki“, en það orð er gjarnan notað á niðrandi hátt um fólk frá Pakistan. Einnig kallar Harry annan félaga sinn „rag-head“, eða handklæðahaug, sem er uppnefni yfir araba.



UMDEILDUR Harry Bretaprins gegndi herþjónustu í Afganistan á síðasta ári.

Ummæli prinsins hafa vakið hörð viðbrögð úr ýmsum áttum, þar á meðal frá samtökum mús-

lima í Bretlandi. David Cameron, leiðtogi breska íhaldsflokksins, segir orðaval Harrys óviðunandi og breska jafnréttis- og mannréttindanefndin, sem er óháð nefnd á vegum ríkisins, hefur heitið því að rannsaka málið.

Í tilkynningu sem Harry prins sendi breskum fjölmiðlum í gær segist hann harma orðaval sitt í myndbandinu, en ummælin hafi þó alls ekki átt að vera meiðandi á nokkurn hátt.

Ári áður en téð upptaka var gerð, eða árið 2005, var Harry Prins harðlega gagnrýndur fyrir að mæta í nasistabúningi á grímuball.

- kg

Ráðherrar um gjaldprotaspá:

Segja tölur um gjaldprot ýktar

VIÐSKIPTI Ekki er raunhæft að ætla að 3.500 fyrirtæki verði gjaldprotá á árinu, eins og tölur sem Credit Info á Íslandi hefur tekið saman gefa til kynna. Þetta segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra. Hann segir að hér sé skuldastaða fyrirtækjanna tekin miðað við gengi krónunnar eins og það sé í dag. Það sé ekki raunhæft viðmið, enda vitað að gengið eigi eftir að styrkjast.

„Ég held að þetta séu mjög orðum auknar tölur, en auðvitað er það okkar markmið að koma í veg fyrir að slík stóráföll verði eins og þarna er lýst,“ segir Geir H. Haarde um tölurnar.

- bj



VIÐ MALAVÍVATN Nýja fiskverkunaraðstaðan í Madzede.

MYND/STEFÁN KRISTMANNSSON

Próunarsamvinnustofnun:

Verka fisk við Malavívatn

PRÓUNARMÁL Próunarsamvinnustofnun Íslands hefur sett upp fiskverkunaraðstöðu í þorpinu Madzede við Malavívatn. Aðstaðan gæti hugsanlega orðið fyrirmynd fleiri slíkra umhverfis Malavívatn. „Framtíðin verður að dæma um hvort vel hafi til tekist og hvort þetta verði fiskimannafjölskyldum til framdráttar með aukinni fæðuöflun,“ er haft eftir Stefáni Kristmannssyni, verkefnastjóra fiskimála hjá ÞSSÍ í Malaví, í tilkynningu.

Verkefnið er hluti af samstarfsverkefni ÞSSÍ við malavísk yfirvöld og fiskimenn við Malavívatn um tækniþróun smábáta.

- hhs

Aðilar vinnuarkaðar:

Endurskoðun fer á fullt

VINNUMARKAÐUR Formenn og samninganefnd Alþýðusambandsins, ASÍ, hefur átt fund með forystu opinberra starfsmanna í því skyni að taka upp samningaviðræður um að framlengja kjarasamninga sem losna um miðjan febrúar. Upp úr viðræðum við ríkið slitnaði fyrir jól.

„Við erum að reyna að finna fleti á því að setja í gang viðræður við okkar viðsemjendur og hefja tvíhliða viðræður. Þetta eru viðræður um að endurskoða kjarasamninga á almenna markaðnum og leggja drög að kjarasamningi á opinbera sviðinu. Eins og var fyrir jól var mikil eindrægni hjá samtökum launafólks um að eigna náði og gott samstarf.“ Fundur var með SA fyrir helgi. Samningaviðræður fara á fullt eftir helgi.

- ghs

GARÐABÆR

Lækka laun stjórnenda

Semja á við stjórnendur og lykilstarfsmenn hjá Garðabæ um tímabundna skerðingu á yfirvinnu frá 1. maí 2009. Þá verður frá sama tíma sagt upp samningum við starfsmenn um afnot einkabíla og þeim boðnir nýir samningar. Markmiðið er að lækka laun stjórnenda hjá Garðabæ um 5 til 10 prósent.

Ríkisfyrirtæki bíða úrskurðar kjararáðs

Stjórnir fyrirtækja ríkisins fara yfir tilmæli ríkisstjórnarinnar um launalækkun og bíða eftir niðurstöðu kjararáðs varðandi ædstu embættismenn. Stjórnarformaður Flugstoða mun ræða við eigandann. Seðlabankinn lækkar laun.

KJARAMÁL Stjórnir fyrirtækja í eigu ríkisins fara yfir tilmæli ríkisstjórnarinnar um að lækka laun helstu stjórnenda á næstunni. Talið er að niðurstaða kjararáðs varðandi launalækkun ædstu embættismanna og stórra hópa í þjónustu ríkisins geti lagt línuna fyrir ríkisfyrirtæki og er því beðið eftir niðurstöðu kjararáðs. Undirbúningur kjararáðs hefst á næstunni og má búast við að niðurstaða liggja fyrir síðar í janúar.



INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Tilmæli stjórnvalda verða tekin fyrir í stjórn Landsvirkjunar um miðjan janúar. Ingimundur Sigurpálsson, formaður stjórnar Landsvirkjunar, segir að niðurstaðan geti farið eftir því hvernig úr spilast hjá kjaradómi. Hann vill sjá hvernig það fer. Einnig geti skipt máli við ákvarðanatökuna hvernig launapróunin hafi verið og hvort viðkomandi hafi nýlega notið launahækkunar eða ekki. Annað sé að taka nýlega hækkun af mönnum en að lækka laun manna sem ekki hafi fengið hækkun lengi.

Ólafur Sveinsson, stjórnarformaður Flugstoða, segir að Flugstoðum hafi ekki borist formlegt erindi frá ríkisstjórn eða kjaranefnd. Stjórnin taki málið fljótlega fyrir og í kjölfarið ræði hann við eigandann hafi ekki formlegt erindi borist.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HVAÐA STÉTTIR HEYRA UNDIR KJARARÁÐ?

Undir kjararáð heyrar ýmsar stéttir, til dæmis forstjórar og forstöðumenn ríkisstofnana, lögreglumenn, prestar, ráðuneytisstjórar og skrifstofustjórar, sendiherrar, dómarar, biskupar og prestar, rektorar og skólameistarar. Þessar stéttir fá umsagnarrétt.

Stjórn Keflavíkurflugvallar ohf. hefur samþykkt lækkun stjórnarlauna um tíu prósent en óráðið er um frekari aðgerðir. Hlynur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar, telur að Fríhöfnin fylgi sennilega ákvörðun móðurfélagsins.

Bankaráð Seðlabankans lækkar laun bankastjóra um fimmtán prósent frá áramótum og út næsta ár. Laun bankastjóra verða tæplega 1,2 milljónir og formanns bankastjórnar tæplega 1,3 milljónir.

Stjórnmalámennt allra flokka nema Frjálslynda flokksins virðast fylgjandi launalækkun. Guðjón

Kjararáð hefur úrskurðað að laun forsætisráðherra lækki um 15 prósent, annarra ráðherra um 14 prósent og alþingismanna um 7,5 prósent frá síðustu áramótum. Ákvörðun um launamál annarra stétta, sem heyrar undir ráðið, verður tekin síðar í janúar.

Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, telur réttara að hækka skatta. „Vitlaus aðferð,“ segir hann. Betra hefði verið að setja hátekjuskatt, þrepaskipt skattkerfi með meiri skattlagningu á tekjur yfir ákveðinni upphæð, og komast þannig hjá deilum sem nú séu fyrirsjáanlegar við ýmsar stéttir.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, er fylgjandi því að lækka hæstu launin en hækka lægstu launin. „Við stöndum frammi fyrir alvöruvanda sem við þurfum að taka á í sameiningu,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Tilraunaperskeldi HB Granda í Berufirði gengur vel:

Íslenskur eldisfiskur til Evrópu

FISKVINNSLA HB Grandi hefur flutt út 50 tonn af eldisþorski til Evrópu. Fiskurinn kemur úr tilraunaeldi fyrirtækisins í Berufirði og hefur verið tvö ár í sjó. Um hágæðahræfni er að ræða segir Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri fyrirtækisins.

Fiskurinn er blóðgaður strax eftir slátrun á Berufirði og ísaður í kór og fluttur til Akraness þar sem hann er unninn. Þar er hann flakaður og hnakkastykkið síðan tekið úr honum. „Það er besti bitinn og við fljúgum með hann til Evrópu. Þetta er mjög góð vara,“ segir Eggert.

Um tilraunaverkefni er að ræða og hefur það gengið mjög vel. „Það er ýmislegt sem þarf að rannsaka; hve góð nýtingin er, gæðin – hvort los er í holdinu og þess háttar – og svo hvernig best er að haga vinnsluferlinu; hve langur tími liður frá blóðgun til vinnslu. Svo þarf að huga að arðsemisþættinum, vaxtahraða og fódurnýtingu. Verðið er gott núna og besti tíminn til að selja þorsk í Evrópu um jól og áramót, enda stíluðum við upp á það.“



ÞORSKELDI 50 tonnum af eldisþorski var slátrað og flutt á markaði í Evrópu. Gott verð fæst fyrir fiskinn nú um stundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á milli jóla og nýárs var 20 tonnum slátrað og unnin og önnur 30 strax eftir áramót. Það sem eftir er af fiskinum þegar hnakkastykkið er farið er ýmist selt ferskt eða fryst. Hluti af því fer í harðfisksvinnslu.

- kóp



GU GU Þrátt fyrir sakleysislegt útlit geta pöndur verið hættulegar ef þeim finnst þeim vera ógnáð.

Dýragarðurinn í Peking:

Pandan Gu Gu söm við sig

PEKING, AP Pandan Gu Gu í dýragarðinum í Peking er allt annað en gestrisin í garð óboðinna gesta. Á því fékk maður að kenna á miðvikudag þegar hann klifraði yfir eins og hálf metra háa girðingu til að ná í leikfang sem fimm ára sonur hans hafði misst ofan í búr pöndunnar.

Gu Gu beit fast í fótlegg mannsins og neitaði að sleppa fyrir en dýragarðsstarfsmenn spenntu munn pöndunnar upp með verkfærum. Maðurinn er nú á batavegi eftir skurðaðgerð.

Gu Gu komst fyrst í fréttirnar árið 2006 þegar hún beit drukinn mann sem reyndi að faðma pönduna í búrinu. Drukni maðurinn brást við með því að bita Gu Gu í bakið, og úr urðu heljarinnar átök.

- kg

Met í mjólkurframleiðslu:

Náttúrulegu skilyrðin góð

LANDBÚNAÐUR Síðasta ár var metár í innvigtun mjólkur en rúmum 126 milljónum lítra af mjólk var skilað til samlaga innan Samtaka afurðastöðva á árinu.

Fyrri metið var frá 2007 en þá var innvigtunin tæplega 125 milljónir lítra.

Í frétt á vef Landssambands kúabænda segir að undanfarin ár hafi flest náttúrulegu skilyrði til mjólkurframleiðslu verið hagfelld, þó ekki sé sömu sögu að segja af hinum efnahagslegu.

- bps

Fjárhagsáætlun Akraness:

Sparað við opinbera viðburði

STJÓRNMÁL Í vinnu við að ná saman endum í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar er stefnt að sparnaði við margs konar opinbera viðburði. Er þar, að sögn Gísla S. Einarssonar bæjarstjóra, horft til sjómanna dagsins, írskra daga, 17. júní og vikulangrar menningardagskrár sem efnt hefur verið til í bænum á haustin.

„Það mun draga úr útgjöldum vegna þessa,“ segir Gísl.

Almenn þjónusta verður ekki skert og þjónustugjöld við skóla og leikskóla ekki hækkuð.

- bps



Í janúar og febrúar býður Sindri öllum eigendum DeWalt verkfæra upp á **fría viðgerðar, viðhalds og þjónustuskoðun.**



Við vitum hversu mikilvæg tækin eru fagmönnum í öllum tegundum iðnaðar og að viðhald er gríðarlega mikilvægt til að ná fram hagræðingu á öllum sviðum.

Í tilefni þess að DeWalt verkfærin hafa ávallt verið fyrsta val fagmannsins í fjölda ára þá bjóðum við nú upp á þjónustu sem samræmist gæðunum.

Við erum þess fullviss að bilanatiðni DeWalt sé mun minni heldur en hjá samkeppnisaðilum og því bjóðum við þér framúrskarandi þjónustu.

Þú getur nú komið með DeWalt verkfærin þín og fengið **fría viðgerðar og þjónustuskoðun**, það eina sem þú þarft að tryggja er að vélin sé **CE** merkt.

* Öll vinna er viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Eingöngu er greitt fyrir varahluti.

DEWALT

...fyrir fagmanninn

Þú finnur fimm stjörnu viðurkennt DeWalt þjónustuverkstæði að Viðarhöfða 6

SINDRI

BYGGINGAÐEILD

VERSLANIR

VÉLAÐEILD

ÞJÓNUSTUÐEILD

www.sindri.is

sindri@sindri.is

Viðarhöfða 6 Reykjavík

Sími: 575 0000

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða ráðherra hefur nýlega ritað bók um tengsl Íslands og Evrópusambandsins?
2. Hversu margir tóku á föstudaginn þátt í áheyrnarprufum fyrir Idol-stjörnuleit?
3. Hvaða íslenski eðalrokkari heldur upp á fimmtugsafmæli sitt í sumar?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Ráðgjöf í reykbíndindi:

Reykingafólki býðst aðstoð

HEILBRIGÐISMÁL Reykingafólki býðst ókeypis aðstoð við að hætta að reykja. Í tilkynningu frá Lýðheilsustöð segir að hjúkrunarfræðingar, sem sérhæfðir eru í slíkri aðstoð, svari fyrirspurnum í síma 800 6030. Þeir leiðbeini hverjum og einum miðað við hans þarfir.

Í tilkynningunni kemur fram að 20 mínútu eftir að reykingamaður hætti að reykja komist púls og blóðþrýstingur í eðlilegt horf. 24 klukkustundum síðar byrji lungun að losa sig við slím og 48 klukkustundum síðar sé nikótíníð horfið úr líkamanum. Þremur til níu mánuðum síðar hafi lungnastarfsemi þess sem hætti að reykja batnað um 5 til 10 prósent og að fimm árum liðnum hafi líkur á kransæðastíflu minnkað um helming.

- ovd

Skotárás í Finnlandi:

Kona og börn flýðu en þrír fundust látnir

FINNLAND Þrír menn létust í skotárás í íbúð í fjölbýlishúsi í Jyväskylä í Finnlandi fyrir helgi. Tveir þeirra fundust látnir fyrir utan íbúðina, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.

Nágranni, sem heyrði skothvella, hringdi á lögreglu sem mætti konu með tvö börn í stigaganginum á leiðinni. Talið er að þeim hafi tekist að flýja úr íbúðinni áður en árásin hófst.

Í íbúðinni voru fimm til sex manns þegar lögregla kom á svæðið.

- ghs

DÓMSTÓLAR

Skallaði lögreglumann

Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann fyrir að hafa drukkinn ekið niður götuvita. Hann stakk síðan af. Lögreglan náði manningum og tók hann til yfirheyrslu. Í lögreglubílum skallaði hann lögreglumann í höfuðið og var einnig ákærður fyrir það.

Tollgæslan fær búnað til að efla aðgerðir gegn fíkniefnasmygli:

Gegnumlýsir gám á mínútu

LÖGGÆSLUMÁL Tollgæslan hefur nú fengið afhentan bíl með sérstökum búnaði til gegnumlýsingar á gámum. Tollstjórnin keypti bílinn í þeim tilgangi að efla aðgerðir gegn fíkniefnasmygli og auka öryggi vöruflutninga. Búnaðurinn gerir kleift að stórauka fjölda skoðaðra gáma á ári hverju með talsvert minni fyrirhöfn en áður hefur tíðkast.

Tollgæsla og aðrar löggæslustofnanir víða um heim hafa notað við bifreiðar sem þessa um nokkurt skeið og hafa þær skilað góðum árangri.

Bifreiðin er búin nýjustu tækni sem völ er á í dag í færanlegum



GEGNULÝSINGARBÍLL Bíllinn vegur rúm 24 tonn.

gámaskönnum. Gegnumlýsingartækið, sem er af gerðinni

MT1213LH-DE, er byggt á Volvo FM 400 bifreið. Innan við mínútu tekur að gegnumlýsa 40 feta gám að myndgreiningunni undanskildri. Með slíkri gegnumlýsingu er hægt að sjá hvað leynist á bakvið allt að 320 millimetra af stáli og hægt er að gegnumlýsa hluti sem eru 4,6 metra háir og 2,7 metra breiðir. Bifreiðin sjálf vegur rúm 24 tonn. Með henni er unnt að framkvæma gegnumlýsingu þó svo að rafmagnstenging sé ekki til staðar en þá er notast við 42 kílówatta rafstöð sem er hluti af búnaði bifreiðarinnar.

Kaupverð bílsins er 1.318.800 evrur.

- jss

Arðgreiðslur í stað tekna skattavandamál

Fulltrúar allra flokka í efnahags- og skattanefnd eru sammála um vandamál við skattlagningu arðs í stað tekna hjá einkahlutafélögum. Fulltrúar Vinstri grænna, Samfylkingar og Framsóknar vilja endurskoðun á skattalöggjöfni.

SKATTAMÁL „Í ljósi breytinga í þjóðfélaginu þarf að taka skattalöggjöfina til gagnerrar endurskoðunar," segir Birkir Jón Jónsson, fulltrúi Framsóknarflokks í efnahags- og skattanefnd. „Þá þarf að gæta meira jafnræðis milli þeirra sem reka einkahlutafélög og fá tekjur í gegnum arðgreiðslur og almennra launamanna." Hann segir fulla ástæðu til að endurskoða skattkerfið, þannig að það verði einfalt, en tekið sé tillit til aðstæðna fjölskyldna.

Í Fréttablaðinu fyrir skömmu birtist grein eftir Svein Jónsson, fyrrum löggiltan endurskoðanda, þar sem hann lýsir efasemdum sínum á skattalagabreytingum sem gerðar voru 2001, þegar tekjuskattur á hlutafélög og einkahlutafélög var lækkaður í 18 prósent. Þessi skattur var svo lækkaður í 15 prósent í vor.

Sveinn segir í grein sinni að hann fái ekki séð „hvernig náðst getur samstaða og samhugur með þjóðinni ef ekki verður tekið á því misrétti," sem hann telur upp í greininni. Annars vegar að tekjuháir einstaklingar geti lækkað skatta sína með því að greiða sér arð í stað launa. Hins vegar að sveitarfélög verði af útsvarstekjum.

Gunnar Svavarsson, sem situr fyrir Samfylkingu í efnahags- og skattanefnd, segir rétt að skoða skattalöggjöfina „í því ljósi að tekjuskattur einstaklinga var að hækka en tekjuskattur hlutafélaga var að lækka". Sérstaklega telur hann að þurfi að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og telur að vaxandi skilningur sé fyrir því á Alþingi.

Bjarni Benediktsson, fulltrúi Sjálfstæðisflokks í efnahags- og skattanefnd, og Katrín Jakobsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna,



RÍKISSTJÓRNIN KYNIR FJÁRLAGAFRUMVARPIÐ 2009 Frá og með 1. janúar hækkðu tekjuskattar um eitt prósentustig.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BIRKIR JÓN JÓNSSON



GUNNAR SVAVARSSON



BJARNI BENEDIKTSSON



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

eru sammála um að við núverandi aðstæður sé ekki rétt að hækka skatt á fyrirtæki. „Vandinn snýst um þá sem koma sér undan að greiða það sem með réttu ætti að falla undir tekjuskatt," segir Bjarni.

„Við höfum mælt fyrir því að tekinn yrði upp hátekjuskattur,

hækkun á fjármagnstekjuskatti og að þeir sem hafa fjármagnstekjur greiði sér laun og þar af leiðandi tekjuskatt og útsvar," segir Katrín. Hvað varðar breytingar á skattkerfinu segir hún að ástæða sé til að skoða réttlátari dreifingu á skattbyrðinni.

svanborg@frettabladid.is

Meirihluti landsmanna er fylgjandi einhliða upptöku alþjóðlegs gjaldmiðils:

Meirihlutinn vill evru í stað krónu

EFNAHAGSMÁL Meirihluti Íslendinga er fylgjandi einhliða upptöku alþjóðlegs gjaldmiðils í stað krónu samkvæmt skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir áhugamenn um stjórn peningamála.

Í könnuninni sögðust 56,4 prósent svarenda hlyntir einhliða upptöku alþjóðlegrar myntar, 21,6 prósent voru andvígir og 22 prósent sögðust hvorki andvígir né fylgjandi upptöku alþjóðlegrar myntar á Íslandi.

Þegar svarendur voru inntir eftir því hvenær þeir þá vildu sjá upptöku annarrar myntar en krónu sögðust 68,9 prósent vilja taka upp aðra mynt á næstu sex mánuðum. Sé þeim bætt við sem vilja breyt-


inguna á næstu 7 til 12 mánuðum kemur í ljós að 85,3 prósent þeirra sem vilja gjaldmiðilsbreytingu vilja að hún verði innan 12 mánaða.

Loks voru svarendur beðnir um að segja til um hvaða mynt þeir þá vildu að tekin yrði upp í stað krónunnar. Langflestir, eða 70,3 prósent, vilja taka upp evru. Alls 25,7 prósent vilja Bandaríkjadal, 14,1 prósent vilja norska krónu og 3,9 prósent vilja annað. Rétt er að taka fram að svarendur gátu merkt við fleiri en einn valmöguleika.

Könnunin fór fram 18. til 30. desember síðastliðinn. Endanlegt úrtak var 1.234 einstaklingar og var svarhlutfall 61,8 prósent.

- ovd

Ertu hlynt(ur) eða andvíg(ur) því að tekin verði einhliða upp alþjóðleg mynt á Íslandi í stað krónunnar?



HEIMILD: CAPACENT GALLUP

Útköll Slökkviliðs Akureyrar:

Útköllum fjölgar á milli ára

LÖGREGLUMÁL Útköllum Slökkviliðs Akureyrar fjölgaði um 5,5 prósent í fyrra samanborið við árið 2007.

Útköll voru alls 2.263 talsins í fyrra og fjölgaði þeim um 119 frá fyrra ári. Sjúkrabílar slökkviliðsins fóru í 1.645 útköll og er það nokkur fjölgun. Útköllum slökkvibíla liðsins fækkaði hins vegar og voru þau 124 talsins.

Þá fóru starfsmenn Slökkviliðs Akureyrar í 494 sjúkraflug á árinu 2008 og er það nánast sami fjöldi sjúkrafluga og árið áður þegar þau voru 493 talsins. Alls voru 525 sjúklingar fluttir í þessum ferðum.

- ovd



SIANGHÆ Heimssýning verður í Sjanghai árið 2010.

Hönnun Íslandsskála á EXPO:

Tillögufrestur rennur út í dag

STJÓRNSÝSLA Frestur til að skila inn tillögum vegna hönnunar sýningarskála Íslands á heimssýningunni í Kína, EXPO 2010, rennur út í dag. Fimm fyrirspurnir um verkefnið bárust Ríkiskaupum áður en frestur til fyrirspurnarann út. Leigður verður 500 fermetra skáli fyrir Ísland á svæði með hinum Norðurlöndunum. Eftir að kreppan hófst var ákveðið að framlag ríkisins verði um það bil aðeins þriðjungur af því sem var áætlað. Ríkið muni þannig verja um 150 milljónum í sýninguna og fá þess utan framlög frá fyrirtækjum.

- gar

Stuðningsfjölskyldur fatlaðra:

Hærrí greiðslur frá áramótum

FÉLAGSMÁL Greiðslur til stuðningsfjölskyldna sem annast sólarhringsvistun fatlaðra barna í skamman tíma hækkðu um 12,5 prósent um áramótin.

Hækkunin er samkvæmt reglugerð sem Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur sett.

Þjónustan er foreldrum fatlaðra barna að kostnaðarlausu en ríkissjóður greiðir stuðningsfjölskyldunum verktakagreiðslur sem eru stigskiptar og taka mið af fötlun og umönnunarbörf.

- ovd



ÍPRÓTTAMAÐUR ÁRSINS Birna Jóhanna Ólafsdóttir sjósundkona er íþróttamaður ársins á Álftanesi 2008.

Íþróttamaður Álftaness:

Sjósundkona er maður ársins

ÁLFTANES Birna Jóhanna Ólafsdóttir, sundkona og lyfjafræðingur, hefur verið kjörin íþróttamaður ársins 2008 á Álftanesi.

Birna er fjórfaldur Norðurlandameistari í sundi í sínum aldursflokki, 45-49 ára, og setti Íslandsmet í 200 metra bringusundi á Norðurlandamótinu í Hafnarfirði í haust.

Birna er ein allra fremsta sjósundkona Íslands og er í landsliðinu í sjósundi.

- ghs

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

LYFJAVER APÓTEK

NICOTINELL

Nicotinell Fruit 2 mg

JANÚARTILBOÐ: VERÐ 4.459,- FRUIT, 204 stk.

LYFJAVER - VERÐPRESSARINN!

SUÐURLANDSBRAUT 22

VIRKA DAGA 08:30 - 18:00
LAUGARDAGA 10:00 - 14:00



Námsbrautir Endurmenntunar

- örfá sæti laus

NÁMSBRAUTIR

Rekstrar- og viðskiptanam

í staðnámi og fjarnámi

54 ECTS

Verkefnastjórnun - Leiðtogabjálfun

í samstarfi við Nordica ráðgjöf

24 ECTS

Gæðastjórnun

í samstarfi við verkfræði-

og náttúruvísindasvið HÍ

36 ECTS

Kostnaðarstjórnun og greining

í samstarfi við viðskiptafræðideild HÍ

36 ECTS

Hagnýt eininganámskeið

Á GRUNNSTIGI HÁSKÓLA

Upplýsingatækni (einnig í fjarnámi)

Hefst 20. janúar

Skapandi atvinnugreinar

Hefst 21. janúar

Leiðsögumaðurinn (einnig í fjarnámi)

Hefst 10. febrúar

Sölu- og markaðsmál (einnig í fjarnámi)

Hefst 18. febrúar

Hagfræði (einnig í fjarnámi)

Hefst 27. febrúar

Forysta og stjórnun (einnig í fjarnámi)

Hefst 2. mars

Mat á árangri (einnig í fjarnámi)

Hefst 4. mars

Náttúra Íslands (einnig í fjarnámi)

Hefst 17. mars

Ferðamennska og umhverfi (einnig í fjarnámi)

Hefst 2. apríl

Reikningshald og skattskil (einnig í fjarnámi)

Hefst 14. apríl

Lögfræði (einnig í fjarnámi)

Hefst 14. apríl

Mörg stéttarfélag styrkja félagsmenn sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:

sími 525 4444

endurmenntun.is

„ORÐRÉTT“

Hvor sjórin er lygnari?

Ekki ein um það

„Höfum við eitthvað við Bandaríkjamenn að tala? [...] Er ekki best að þeir sigli bara sinn sjó og við okkar?“

SIGURÐUR LINDAL LAGAPRÓFESSOR TELUR AÐ BANDARÍKJAMENN SÉU EKKI ENDILEGA BESTU FYRIR-MYNDIRNAR.

Fréttablaðið 11. janúar.

„Að mínu mati er þetta einn heljarinnar misskilningur.“

KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR, AÐSTOD-ARMADUR UTANRÍKISRÁÐHERRA, SKILUR EKKI ALVEG UMRÆÐUNA UM FORDÆMINGU EÐA EKKI FORDÆMINGU STJÓRNVALDA Á ÁRÁSIRNAR Á GAZA.

Fréttablaðið 11. janúar.

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGNÝ KOLBEINSDÓTTIR VÖRUHÖNNUÐUR

Situr heima og teiknar seli

„Ég sit hérna heima hjá mér og er að teikna seli. En þeir eru einhverjum veginn allt of venjulegir hjá mér svo það getur vel verið að þeir breytist í eitthvað allt annað,“ segir teiknarinn og hönnuðurinn Signý Kolbeinsdóttir. „Selirnir eru hluti af mynd sem ég er að teikna fyrir Andra Snæ Magnason rithöfund. Hún verður prentuð á risastóran ramma, 2,5 sinnum 1,5 að stærð.“ Signý segist vera undir miklum áhrifum af Íslandi og sér í lagi náttúrunni við teikningu myndarinnar. „Já, ég er með Ísland á heilanum þessa dagana. Ég er búin að vera í einhverjum þjóðremb-uffiling út af þessari kreppu, svo myndin verður undir svolitlum áhrifum af því. Svo hefur það kraumað í mér lengi að notast meira við íslenska náttúru og þjóðsögu í

verkum mínum. Þegar Andri Snær vildi fá hjá mér mynd small þetta svo allt saman, enda honum mjög svo umhugað um náttúruna.“

Handbragð Signýjar þekktist auðveldlega á verkum hennar. „Ég er sennilega undir einhvers konar asískum áhrifum hvað varðar allt þetta krúttlega í myndunum mínum. Þetta er teiknistill sem ég hef þróað með mér og fólk má túlka hann alveg eins og það vill. Sumir sjá eitthvað japanskt út úr myndunum mínum á meðan aðrir sjá eitthvað skandinavískt, sem mér finnst líka frábært. Ef ég ætti að lýsa mínum stíl myndi ég segja að hann væri martraðarkenndur, litríkur, mjúkur og krúttlegur. Myndirnar mínar verða alltaf draumkennar og súrrealískar.“



ANDAHEIMAR ERU TIL DRAUGAR?

■ Erlendur maður telur sig hafa náð mynd af draugi í Hólavallakirkjugarði í Reykjavík eins og sagði frá í Fréttablaðinu á fimmtudag.



„Draugasögur hafa tilhneigingu til að skreppa saman þegar menn ætla sér að beisla fyrirbærin með vísindalegri aðferð. Draugar gera ekki vart við sig reglulega í einhverju tilteknu orsakasamhengi. Engar óvefengjanlegar vísindarannsóknir benda til tilvistar drauga. Langflestir hallast að því að draugagang megi skýra með missýnum og oftúlkunum og blekkingum af ýmsu tagi þó að sögur af honum kunni að eiga sér einhvern tilgang,“ segir um drauga á Vísindavef HÍ.

SJÓNARHÓLL

BREYTINGAR Á HEILBRIGÐISKERFINU



INGIBJÖRG SIGMUNDSDÓTTIR
Garðyrkjubóndi.

Geta verið jákvæðar

„Sumt af þessu getur verið jákvætt,“ segir Ingibjörg Sigmundsdóttir, garðyrkjubóndi í Hveragerði, um boðaðar breytingar á heilbrigðiskerfinu. „Sameining heilsugæslustöðva getur til dæmis verið jákvæð því með tilfærslu sérfræðinga getur þjónustan aukist á minni stöðum,“ segir Ingibjörg. Hún tekur sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi sem dæmi um vel heppnaða aðgerð.

„Maður skilur vel að það þurfi að taka á núna þegar þrengir að í samfélaginu. Ég vil bara ekki sjá að það bitni á heilbrigðiskerfinu og menntakerfinu,“ segir Ingibjörg sem vill ekki sjá niðurskurð í þeim málaflokkum. „En ég held að það sé líka jákvætt fyrir allar stofnarnir, hvort sem það eru heilbrigðisstofnanir eða aðrar, að skoða innviði sína,“ segir Ingibjörg. „Ég vil ekki skerða þjónustuna en ef við spörum, til dæmis með sameiginlegri yfirstjórn þá finnst mér að það eigi að skoða það.“

Viss um að það yrði þungt yfir mér ef ég kæmist ekki á sjóinn

Egill Kristjánsson var nýlega valinn Vestfirðingur ársins 2008. Hann er 88 ára Súgfirðingur og sækir enn sjóinn. Ástin á frúnni og áhyggjuleysið gerir það að verkum að hann er fjörugur á við ungmenni þrátt fyrir háan aldur.

„Ég man fyrst eftir mér í fjörunni á Ísafirði,“ segir Egill sem er fæddur og uppalinn á Ísafirði en býr frá 22 ára aldri á Suðureyri í Súgandafirði. Tólf ára gamall fór hann á sjóinn með föður sínum og þar með var tónninn sleginn því enn þann daginn í dag sækir Egill sjóinn á trillu sinni, Blikanesi ÍS. „Ég ræ reyndar aðeins á sumrin. En ég get varla beðið eftir því að apríl renni upp því þá er hægt að fara að róa. Ég er nokkuð viss um að það yrði þungt yfir mér ef ég kæmist ekki á sjóinn.“ En þegar vetur er í bæ situr hann ekki með hendur í skauti. „Ég hef alltaf eitthvað að gera,“ segir hann. „Það er verst að það vantar allan snjó, annars væri ég úti að moka fyrir frúna.“

En sjórin er ekki eina yndið hans Egils, það kemur svo sannarlega í ljós þegar hann er spurður að því hvernig hann haldi sér svo



GETUR VARLA BEÐIÐ EFTIR AÐ KOMAST Á SJÓ Vel kvæntur maður sem á góð börn og býr því við áhyggjuleysi getur ekki verið annað en kátur segir hinn 88 ára gamli Egill Kristjánsson sem getur varla beðið eftir að komast á sjó í apríl. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

vel við á gamals aldri. „Þegar maður á góða konu og góð börn sem lenda ekki í neinni vitleysu og eru því ekki að valda manni neinum áhyggjum þá er nú ekki annað hægt en að vera hress og léttur þrátt fyrir háan aldur,“ segir hann.

Þau Egill og Guðrún Guðjónsdóttir hafa verið gift í 60 ár og hann segir ástina ekkert hafa visnað; þvert á móti. Þau eiga þrjú börn saman en áður en þau rugl-

uðu saman reyntum áttu þau hvort sitt barnið með fyrrum förunautum.

En frá ástinni beinist talið aftur að sjómennskunni sem var ekkert grín á fimmta og sjötta áratugnum, frekar en nú. Þá var Egill á vetrarvertíðum undir jökli, eins og hann segir, en þá var veitt skammt út af Snæfellsnesi. „Þá voru menn látnir beita uppi á dekki hvernig sem viðraði og svo voru tveir í koju,“ rifjar hann upp. „Ég segi það stund-

um, svona meira í gríni, þegar ég heyri af einhverjum vitleysugangi manna hvort sem það er í stjórnmálum eða kaupsýslu að það væri réttast að senda þá eina vertíð undir jökul. Það myndi tjónka við þeim,“ segir hann og hlær við.

Að skilnaði ræða Egill og blaðamaður um ástandið í dag og að lokum segir sjómaðurinn: „Vertu svo bara kátur þrátt fyrir allt saman, þá fer þetta allt vel.“

jse@frettabladid.is

Hringdu í síma

512

50

60

ef blaðið berst ekki



Borðspil sem var einungis selt á Ísafirði seldist upp:

Vestfirska kvótasvindlið búið

Borðspilið Vestfirska kvótasvindlið, sem þeir Páll Erniðsson og Pétur Magnússon hönnuðu, hefur selst upp en það var framleitt í 260 eintökum og einungis fánlegt á Ísafirði.

„Reyndar sendum við það líka með póströfu víða um land og ég veit að það voru ekki aðeins Vestfirðingar sem að voru að kaupa það,“ segir Páll. Hann segir að þrátt fyrir mikla eftirspurn verði ekki framleitt meira af spilinum en hann bendir hins vegar á að líkt og kvótinn sé spilið framseljanlegt svo þeir heppnu sem tryggðu sér eintak geta selt það áfram. „En það er þó ekkert búið spil hjá mér,“ segir Páll sem hyggst koma með nýtt spil áður en langt um líður. Í fyrra gerði hann borðspilið Ísafjörður-einokun en það var vestfirsk útgáfa af Monopoly spilinum fræga. Hann telur mestar líkur á því að næsta borðspil verði einnig tengt Vestfjörðum, jafnvel er hugsanlegt að Gísli Súrsson mun þar koma við sögu.

Eins og gefur að skilja byggist



PÁLL ERNIÐSSON Ekki búið spil þótt ekki verði framleidd fleiri vestfirsk kvótasvindlið segir Páll. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kvótasvindlið á því að tryggja sér sem mestan kvóta og söðla undir sig sem mest að bátum. En þó vissar reglur fylgi spilinum segist hann hafa komist að því að nokkrir hafi sveigt þær til og jafn-

vel búið til sínar eigin reglur. „Ég er bara ánægður með það,“ segir hann og kannski ekki nema von því sjálfur hefur hann grætt á „svindlinu.“

- jse

ÚTSALA

ATH.

Breyttir opnunartímar
12:00-18:00 virka daga
12:00-16:00 laugardaga

Visco X dýna
Queen – 153x203
Áður 114.900. – Nú 79.900

Beauty Sleep
Queen – 153x203
Áður 89.900 – Nú 79.900

Box dýna – 140x200
Áður 64.900 – Nú 49.900

ÍSLENSK HÖNNUN



IQ-CARE

HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi

IQ-CARE Tilboð

King og Cal. King.
Áður 269.900. – Nú 199.900

Queen
Áður 189.900 – Nú 149.900

TAKMARKAÐ MAGN



PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.
2x90 x 200 cm. Áður 409.900

Nú 299.900

IQ-CARE



Sængur
30% afsláttur
Takmarkað magn
Sængurverasett
20% afsláttur



S-CAPE

WALLHUGGER

Sá nýjasti og besti frá Leggett
2x90 x 200 cm. Áður 684.900

Nú 499.000

50-70% afsláttur af
öllum húsgögnum
og teppasettum



Óseyri 2

AKUREYRI

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Slá verður fleiri stoðum undir hagkerfið á ný.

Hvers á stórhuga smáþjóð að gjalda?

ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON SKRIFAR

EF Ísland drægi sig út úr alþjóðlegu fjármálakerfi og innri markaði Evrópu kann að vera að landið passaði betur inn í niðurstöðuna sem Carsten Valgreen, fyrrum aðalhaf fræðingur Danske Bank, kemst að í grein sem hann skrifaði í Fréttablaðið í fyrradag. Hann segir ekki ljóst „hvers vegna lítið, mjög opið hagkerfi, þar sem stór hluti af útflutningi er vörur en ekki þjónusta ætti að taka upp alþjóðlega mynt“.

Ætli landið hins vegar að gera aðra tilraun til að byggja fleiri stoðir undir hagkerfið en útflutning fiskis og áls, má ljóst vera að upptaka alþjóðlegrar myntar er nauðsyn. Ekki þarf að fjölyrða um áhrifin á fjármálastöðugleika, bakland fjármálafyrirtækja og hag almennings og fyrirtækja af lægra vaxtastigi og stöðugleika þeim sem fylgir evru og aðild landsins að Evrópusambandinu.

Af lestri greinar Carstens mætti hins vegar ráða að honum hugnist ekki of vel stórhuga smáþjóðir. Hann segir ódaverðbólgu, hrun krónunnar og sveiflur hagkerfisins í sjálfu sér endurspeglar „samfélag, stofnanir og stjórnmalakerfi, sem á erfitt með að sníða sér stakk eftir vexti“. Carsten bendir réttilega á að hér skorti sárlega aðskilnað valds, að miklu leyti vegna smæðar landsins og mikilla innri tengsla í samfélaginu. Hann bendir á að Færeyingar hafi átt við svipaðan vanda að glíma og bendir á að stundum hafi þar mál endað með að danska ríkið hafi þurft að borga reikninginn.

Líkast til er þetta rétt hjá Carsten. Hér var gerð tilraun til að byggja upp alþjóðlegt fjármálaumhverfi með risastórum bönkum án þess að um leið væri gripið til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja bakland slíkrar starfsemi. Ólíklegt verður að teljast að Íslendingar stæðu frammi fyrir algjöru hruni fjármálakerfis síns, líkt og raunin varð, ef stigið hefði verið til fulls skrefið til Evrópusamstarfs, jafnvel þótt einn eða tveir bankar hefðu rúllað (líkt og gerst hefur í Danmörku). Tilfellið er nefnilega að víðar en á Íslandi hafa bankar orðið alþjóðlegri fjármálakrisu að bráð. Alvarleika hennar sáu fáir fyrir og rétt að halda því til haga að Carsten Valgreen sá ekki fyrir að Roskilde Bank færi í þrot á undan íslensku bönkunum.

Spá Carstens Valgreen og hageildar Danske Bank í „Iceland: Geysir Crisis“-skýrslunni 21. mars 2006 um hrun krónunnar og 5 til 10 prósentu samdrátt þjóðarframleiðslu hér árin 2006 og 2007 gekk ekki eftir og byggði um margt á veikum grunni. Bankinn og margir aðrir bentu hins vegar réttilega á margvíslega brotalöm í íslensku hag- og fjármálakerfi. Bankarnir brugðust við og skýrðu margt í starfsemi sinni um leið og skorði var á krosssegnartengsl og dregið úr áhættu, jafnvel þótt bakslag hafi svo orðið aftur í áhættusækni þegar frá leið. Stjórnvöld brugðust hins vegar algjörlega í að koma á nauðsynlegum umbótum og daufheyrðust við ákalli um að styrkja hér bakland fjármálakerfisins með því að byggja upp nægilegan gjaldeyrisforða, já, eða stefna að Evrópusambandsaðild og upptöku evru.

Ætli hins vegar stórhuga smáþjóð að gera sér vonir um að fjölga þeim stoðum sem hagkerfi hennar byggir á og að fá einhvern tímann brotist úr helsi öfgafullra hagsveiflna og gengisóróa er nokkuð ljóst hvaða leið þarf að fara.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar eht

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is. AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðtölum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Að velja sér andstæðing

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra fer mikinn í færslu á heimasíðu sinni á laugardaginn. Þar skammast hann yfir viðtali sem Kolbrún Bergþórsdóttir blaðamaður átti við Gauta Kristmannsson, þýðingarfræðing og dósent við Háskóla Íslands, og birtist í Morgunblaðinu þann daginn. Birni virðist helst falla illa sjónarmið Gauta í Evrópumálum, sjónarmið sem hann eignar reyndar Kolbrúna og Morgunblaðinu líka að einhverju leyti. Björn spyr hvaða þýðingu skoðanir þýðingarfræðings á Evrópumálum hafi. Merkilægast finnst Birni samt að Kolbrún hafi ekki spurt Gauta hvers vegna hann bjóði sig ekki fram til að leysa



mál þjóðarinnar. Ef til vill sér Björn þarna fyrir sér verðugan andstæðing í umræðum um Evrópumál? Eða vill hann kannski bara fá Gauta í stjórn-málin?

Lifi umræðan

Upphlaup dómsmálaráðherra vegna viðtalsins er um margt áhugavert. Spyrja má hvort að viðbrögð þessa fyrrum aðstoðarráttgjafa Morgunblaðsins séu til komin einungis vegna viðtalsins eða hvort viðtalið hafi verið kornið sem fyllti mælinn. Vandaðar og ýtarlegar fréttaskýringar Morgunblaðsins um Evrópumál kunna að leika þar einhvern þátt. Grundvöllur umræðu um Evrópumál og hugsanlega inngöngu Íslands í Evrópusambandið hlýtur að vera

að upplýsa þjóðina um helstu kosti og galla aðildar. Það skýtur því skökku við að dómsmálaráðherra þjóðarinnar skuli agnúast út í slíka umræðu. Ætli hann kunni því best að gamla aðferðin verði notuð, að stjórnmal-mennirnir ákveði þetta þar sem þeir einir hafi vit á málum á meðan þjóðin sitji skoðanalaus hjá.

Bolur inn við bein

Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir, varaborgarfulltrúa Samfylkingarinnar, finnst það ekki málið að mótmælendur hylji andlit sín. Á bloggsíðu sinni bendir hún samt á afar gagnlegar leiðbeiningar um hvernig búa megi til grímu úr stuttermabol. Gagnsemi borgarfulltrúa eru greinilega fá takmörk sett.



olav@frettabladid.is

Egon Krenz er við völd

Að hafa Sjálfstæðisflokkinn áfram við völd eftir hrunið er eins og að Egon Krenz hefði setið áfram við völd í Austur-Þýskalandi eftir fall múrsins – með Erich Honecker sér til halds og trausts í Seðlabankanum.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Stjórnmalástandið

Solla á bláum kjól

Í ríkisstjórninni er Ingibjörg Sólrún fulltrúi þeirra u.þ.b. 64 prósentu landsmanna sem ekki kusu Sjálfstæðisflokkinn í síðustu alþingiskosningum. Þar er samherja hennar að finna. Rétt er að sýna henni bæði skilning og sanngirni þegar kemur að því að meta störf hennar við aðstæður sem verða að teljast nánast óbærilegar. En óneitanlega þykir manni undarlegt að utanríkisráðherra landsins takist ekki að koma á framfæri fordæmingu íslenskra stjórnvalda á víðurbyggilegu framferði Ísraelsmanna á Gaza án þess að umræðan snúist upp í haardískar vífilengjur um það hvort og hvernig ríkisstjórnir álykti. Og ekki tülkaði Ingibjörg Sólrún skoðanir þessara 64 prósentu í Kastljósinu um daginn með traustyfirlýsingu Árna Mathiesen til handa...

Sjálfstæðismenn geta ekki verið í ríkisstjórn lengur. Það er ekki vegna þess að ráðherrar flokksins séu vont fólk eða spillt heldur vegna hins, að sú stefna sem flokkurinn stendur fyrir og fylgir hefur beðið skipbrot og umgengni flokksins við vald – eins og hjá Árna Matt við embættisveitinguna alræmdu – er óþóðleg.

Guðinn sem brást

Það hefur verið grundvallarstefna flokksins að einkavæða allt og treysta svo á „Markaðinn“ eins og kristinn maður á Guð sem alvitur og algott afl sem rétta lausn hafi á öllu. Þessi dogmatíska afstaða flokksins með tilheyrandi Laissez-faire eða reiðareks-stefnu í efnahagsmálum kom þjóðinni á

kaldan klaka. Öfgafull markaðstrú var að vísu ekki einskorðuð við Sjálfstæðisflokkinn – hún var mjög vinsæl innan Samfylkingarinnar þar sem menn töldu sig gjarnan hreinlyndari í markaðshyggjunni en sjálfstæðismenn, og Framsókn var auðvitað orðin að litlum hægriflokki undir lokin. En Sjálfstæðisflokkurinn var aflstöðin í þessum efnun. Þar var hugmyndafræðin, þar voru prestarnir, þar var safnaðarstarfið...

Davíð Oddsson hefur furðu oft rétt fyrir sér í seinni tíð – en býr við þá ögæfu að tala ævinlega í skollaeyrun; vera sjálfkrafa aldrei trúað. Þannig var það til dæmis á fundi með ríkisstjórninni er hann hvatti til myndunar þjóðstjórnar þegar gnýr hrunsins sást við sjóndeildarhringinn. Oddvitar ríkisstjórnarinnar ofmátu þá umboð sitt og afl til að fylkja þjóðinni að baki sér. Þeir gengu að traustinu sem vísu og vanmátu nauðsyn þess. Sjálfstæðismenn hafa svo lengi verið ráðandi flokkur alls staðar í stjórnkerfinu að lýðræði er þeim að mörgu leyti framandi hugmynd.

Hefði þjóðstjórn verið mynduð strax... hefði verið skipt um ráðherra strax, þeir axlað ábyrgð án þess endilega að játa sig seka um eitt eða neitt – því eitt er sök og annað pólitísk ábyrgð... hefði verið skipt um fólk í lykilembættum til að afla þess trausts sem Geir og ISG töldu sig eiga skuldlaust – þá væri ef til vill starfhæf ríkisstjórn í landinu.

Öll gildi eru á hverfanda hveli.

Jörðin er á fleygiferð undir fótum okkar. Allt það sem haft var fyrir satt reyndist tál. Handhafar sannleikans standa tómhentir.

Meginhugmynd sjálfstæðismanna var sú að hlutverk ríkisvaldsins væri að greiða fyrir óheftu flæði fjármagns því auðurinn leitaði þangað sem hann ætti að vera fyrir tilstyrk „Markaðarinn“. En auðurinn leitaði akkurat þangað sem hann átti ekki að vera – og leitaði svo þáttar. Er hvergi. Var hverfull. „Auður er valtastur vina“ segir í Hávamálum, hinni raunverulegu speki hinna raunverulegu víkinga sem boðar hófsemi, víðsýni, kurteisi, hlédrægni og slæggð.

Og hugsjóð ykkur ef Egon Krenz hefði svo bara setið... Við sjáum þetta egonkrenz-eðli sjálfstæðisráðherranna svo átanlega þessa dagana í framgöngu Guðlaugs Þórs heilbrigðisráðherra. Þar fer nefnilega hugsjónamaður. Ein af mikilvægustu trúarsetningum markaðshyggjunnar er að opinber rekstur sé aldrei góður. Og verði vart vel rekinar stofnunar í almannaeygu er talið afar brýnt að koma henni sem fyrst í einkaeigu.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði hefur verið svo vel rekin og farsæll að sjálf tilvera hans er trúvillu samkvæmt þessu hugmyndakerfi. Í ráði virðist að flytja starfsemi spítalans til Keflavíkur þar sem „auðmaðurinn“ Róbert Wessman er sagður hafa uppi áform um einkareknar skurðstofur. Ekki verður annað séð en að Guðlaugur Þór ætli að nota tækifærið sem niðurskurður í heilbrigðismálum gefur honum til að hrinda loksins í framkvæmd hugsjónum sjálfstæðismanna um að auka einkarekstur í þessum málaflokki. Þeim hugsjónum deila hins vegar ekki 64 prósent landsmanna. Að minnsta kosti – og fráleitt að fulltrúar meirihluta landsmanna í ríkisstjórn leyfi ráðherranum að hrinda sértrú sinni í framkvæmd.

Íslensk stjórnvöld fordæma árásina

UMRÆÐAN

Krísturinn Heimisdóttir skrifar um utanríkismál

Strax og árás Ísraelsmanna hófst á Gasavæðið lýsti Utanríkisráðherra Íslands því yfir fyrir hönd íslenskra stjórnvalda að hún væri óverjandi.

Engin önnur stjórnvöld í Evrópu tóku svo sterkt til orða strax í upphafi, en þeim ríkjum fer sem betur fer fjölgandi sem beita röddu sinni á alþjóðavettvangi á sama hátt.

Ríkisstjórn Íslands er fjölskipað stjórnvald og hver ráðherra hefur forræði á sínum málaflokki. Þegar utanríkisráðherra talar um utanríkismál tala íslensk stjórnvöld og ríkisstjórn Íslands.

Ísland fordæmi harðlega innrás landhers Ísraels þegar hún hófst á Gasa og harmaði aðgerðaleyfi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Áður en innrás landhersins hófst sendi utanríkisráðherra Tzipi Livni, utanríkisráðherra Ísraels, bréf, þar sem hún fordæmdi hernaðaraðgerðirnar sem aldrei gætu leitt til viðvarandi friðar og öryggis. Var Ísrael hvatt til að fallast á vopnahléstillögu Evrópusambandsins sem þá lá fyrir. Ísland fordæmi hernaðinn á opnum fundi

öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í New York og í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í Genf fyrir helgina og sagði alþjóðasamfélagið verða að grípa inn í. Afstaða Íslands gæti ekki verið skýrari og afdráttarlausari á alþjóðavettvangi. Það sýnir t.d. frétt Jerusalem Post með fyrirsögninni Ísland fordæmir innrás á Gasa sem Fréttablaðið hefur sagt frá hér heima.

Sumir íslenskir fjölmiðlar reyna af fremsta megni að sýna fram á að meintur ágreiningur í ríkisstjórn geri þessa afstöðu Íslands á einhvern hátt ómerki-legri en hún gæti verið. Samt hefur Geir H. Haarde forsætisráðherra í viðtölum við íslenska fjölmiðla tekið undir afstöðu utanríkisráðherra, ítrekað staðfest að um málið sé enginn ágreiningur innan ríkisstjórnar og yfirlýsingar Íslands nú á alþjóðavettvangi hafi nákvæmlega sama slagkraft röddu Íslands og allar yfirlýsingar sem áður hafi verið gefnar, ef ekki meiri.

Ég hvet fólk til að kynna sér þær fjölþættu aðgerðir sem þessi ríkisstjórn hefur staðið fyrir síðustu átján mánuði í málinu og eiga sér ekki fordæmi í utanríkisstefnu Íslands.

Höfundur er aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2009

Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og nærri 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja (yfir 2.000 manns á ári).

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
ASSESSMENT

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Starfsnáms- og bókhaldsbrautir



Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná göðum tókum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. Verð: 108.900

Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda

Nám sem gerir þér kleift að verða betri bóvari og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjors og ársreikningagerðar til uppgjorsaðila eða endurskoðanda

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 79.900

Hagnýtt bókhaldsnám I+II: Verð 169.900

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL próf tekin.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 186 stundir/124 klst. Verð: 139.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Sparaðu og bættu bókhaldi og fleiri greinum við skrifstofu- og tölvunámið.

Lengd: 318 stnd./212 klst. Verð: 229.900

Tölvu- og bókhaldsnám

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

Helstu kennslugreinar

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

Lengd: 270 stnd./180 klst. Verð: 189.900

Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. Verð: 79.900.

Vefhönnun og margmiðlun

Náðu þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Spannandi og skemmtilegt nám.

Helstu kennslugreinar

- Hönnun og skipulag vefja
- HTML forritun
- DreamWeaver vefsíðugerð
- Photoshop myndvinnsla og grafík
- Flash I+II margmiðlun

Lengd: 108 st./72 klst. Verð: 129.900

Vefsíðugerð grunnur

Lærðu grunnatriðin í vefsíðugerð með DreamWeaver og Photoshop.

Lengd: 54 stundir/36 klst. Verð: 49.900

Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfi Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stundir/48 klst. Verð: 64.900

Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stigðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

Lengd: 60 stundir/40 klst. Verð: 54.900

Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafræna myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndir inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. Verð: 16.900

Þjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugvaljómynndara

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun.

Lengd: 94 stundir/63 klst. Verð: 159.900

Veldu þetta nám og MCITP nám saman, taktu alþjóðlega viðurkennd próf og útskrifaðu þig sem kerfisfræðing tv.

Hagnýtt verkefnastjórnun

Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tókum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við öll verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun MS Project við gerð verkáætlaða og stjórnun.

Lengd: 54 st./36 klst. Verð: 99.900

Þjóðum einnig námskeið um PRINCE2 verkefnastjórnun og Microsoft Project.

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

Stutt námskeið

Skoðuðu vefsíðuna okkar þar sem þú finnur mesta úrvalið af stuttum námskeiðum fyrir byrjendur, sem lengra koma!

Skoðuðu www.tv.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Brettum upp ermarnar

UMRÆÐAN

Anna Hildur Hildibrandsdóttir skrifar um íslenska tónlist

Össur Skarphéðinsson ritaði nýverið grein í Fréttablaðið undir fyrirsögninni Sókn til nýrra starfa. Eg kiptist við af gleði að sjá ráðherrann minnst á tónlistargeirann í skrifum sínum. Umræðan er mér mjög að skapi og er kveikja þessara hugleiðinga.

Heimsbyggðinni dylst ekki að Íslendingar kunna að búa til tónlist. Þúsundir ferðamanna koma hingað árlega til að fylgjast með tónlistarviðburðum. Erlendir tónlistarmenn sækjast eftir þjónustu hljóðvera á Íslandi í auknum mæli. Þeir sem náð hafa árangri í útflutningi á íslenskri tónlist á undanförunum áratugum hafa beint augum heimsbyggðarinnar að þeim mikla sköpunarkrafti sem blómstrar á Íslandi. Þeir hafa með þrautseigju byggt upp ímynd sem stendur eins og klettur í hafi og bíður engan hnekki þrátt fyrir að fjármála-geirinn riði. Þeir eru frumkvöðlar sem byggðu traustan grunn að ímynd okkar.

Sprotarnir

Árangurinn er undraverður. Mezzoforte, Sykurmolararnir, Björk, Sigur Rós, Gus Gus, Jóhann Jóhannsson, Múm og Emilíana Torrini hafa opnað leiðir og rutt brautir. Fjöldinn



ANNA HILDUR HILDIRANDSDÓTTIR

Guðmundsson og fleiri eru flutt víða. Oft ber svo vel í veiði í Lundúnaborg og öðrum stórborgum heimsins að velja má úr 3-4 íslenskum tónlistarviðburðum í viku og stundum sama kvöldið. Nöfn á borð við Mugison, Lay Low, Amiinu, Bang Gang, Ólaf Arnalds, Ghostigital, Ólöfu Arnalds, Steed Lord, Sign, Borko, Seabear, Hjaltalín, FM Belfast, For a Minor Reflection, Helga Jónsson og fleiri og fleiri hafa átt leið um margar borgir og mörg lönd. Hver og einn að vinna að og flytja frumsamið efni. Hver og einn í nýsköpun og sprotastarfsemi. Þeir sem fylgst hafa með atvinnusköpun Bjarkar og Sigur Rósa á undanförunum árum vita að aukinn árangur er atvinnuskapandi fyrir tónlistarmenn og ekki síður tæknifólk, hönnuði, hljóðver, kvikmyndagerðarmenn, ljósmyndara, vefsíðugerðar- og markaðsfólk, tónleikabókara, umboðsmenn að ekki sé talað um menningartengda ferðaþjónustu.

allur af óperu-söngvurum og einleikurum hefur náð stórgóðum árangri. Tónverk eftir Jón Leifs, Áskel Mátsson, Karólínu Eiríksdóttur, Atla Heimi, Mist Þorkeldsdóttur, Huga

Ímynd Íslands

Hver listamaður skapar á ferðum sínum um heimsbyggðina fjölda dálksentimetra í fjölmiðlum sem vegur þungt á vogarskálunum þegar ímynd Íslands er skoðuð erlendis. Hún styrkist aðeins ef við erum dugleg að undirstrika það sem við gerum best. Draga fram í dagsljósið það sem við kunnum og styðja framgang þeirra sem ná árangri í að skapa og koma sköpun sinni á framfæri.

Alþjóðlegir samningar

Nú í byrjun þessa árs, sem sumir horfa til með óvissu og kvíða, eru að minnsta kosti tveir íslenskir tónlistarmenn og ein hljómsveit í viðræðum við alþjóðleg fyrirtæki um tugmilljóna samninga. Það undirstrikar að iðnaðarráðherra hittir naglann á höfuðið þegar hann bendir á að tækifærin eru mörg í kringum okkur.

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (ÚTÓN) er markaðs- og viðskiptaskrifstofa fyrir íslenska tónlist. Við viljum samvinnu við alla þá aðila sem ætla að stuðla að því að efla atvinnutækifæri og fjárfestingar í tónlistargeiranum, jafnt innlendar sem erlendar. Brettum upp ermarnar og notum orku okkar og þekkingu til að vinna markvisst og faglega að því sem við getum og gerum best.

Höfundur er framkvæmdastjóri ÚTÓN.

Ótæk vinnubrögð heilbrigðisráðherra

UMRÆÐAN

Almar Grímsson skrifar um St. Jósefsspítala

Heilbrigðisráðherra Guðlaugur Þór Þórðarson tilkynnti miðvikudaginn 7. janúar sl. að núverandi starfsemi St. Jósefsspítala í Hafnarfirði yrði hætt. Fyrirætlun hans er að meltingarsjúkdómadeild spítalans flytjist yfir á Landspítalann ásamt almennum skurðlækningum og jafnframt flytji skurðaðgerðir innan kvensjúkdómalækninga, bæklunarlækninga og lýtalækninga sem framkvæmdar hafa verið á St. Jósefsspítala á skurðstofur sem nú tilheyra Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ.

Þessi aðgerð er órókstudd en af einhverjum annarlegum ástæðum hefur ráðherra valið að fara fram með þetta þrátt fyrir síendurteknar beiðnir um að kynna fyrst beina útreikninga og rekstrarleg rök fyrir ákvörðun sinni.

Ótæk vinnubrögð – Ráðstjórn

Orðrómur um slíka aðgerð hefur verið á sveimi um margra vikna skeið og valdið starfsfólki og skjólstæðingum spítalans miklum óþægindum og kvíða. Ráðherra viðhafði algera leynd yfir áformum sínum og hleypti þar engum að nema völdum aðilum í ráðuneytinu og á Landspítalanum. Engin umræða hefur farið fram á faglegum grunni né rekstrarlegum við starfsmenn eða faglega stjórnendur spítalans og bæjaryfirvöldum hefur einnig verið haldið vandlega utan við þessi áform.

Svona vinnubrögð eru bæði ólýðræðisleg og ótæk og ekki sæmandi ráðherra sem ber að leita gagna og sjónarmiða sem víðast áður en hann tekur ákvörðun. Ég hef verið að leita samlíkningar við starfsaðferðir ráðherrans og tel helst hægt að líkja þeim við aðgerðir í einræðisríkjum.



ALMAR GRÍMSSON

Það var einu sinn kallað „ráðstjórn“.

Þjónusta í 82 ár

Skömmu fyrir jól afhenti Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar St. Jósefsspítala að gjöf sérbúnað í sjúkrastofu á lyflæknisdeild spítalans. Þetta er eitt af ótal dæmum um gjafir velunnara spítalans og hafa félagasamtök,

fyrirtæki og einstaklingar unnið markvisst að því að efla og styrkja starfsemi hans með dýrmætum gjöfum

Skemmt er að minnst þegar keypt voru tæki til að stórefla starf spítalans við forvarnir og meðferð meltingarsjúkdóma. Lokun hans er stór móðgun við gefendur og alla sem notið hafa sérhæfðar þjónustu St. Jósefsspítala. Starfsfólki spítalans sem lagt hefur mikinn metnað í að byggja upp skilvirka, nýja og sérhæfða þjónustu á síðustu áratugum og með þessari fáránlegu aðgerð teflir ráðherra því starfi í algera tvísýnu. Á síðustu árum hefur þjónusta meltingarsjúkdómadeilda spítalans verið í fararbroddi, skurðstofur verið mjög vel nýttar og öflug göngu-deild starfað við spítalann.

Hafnirfíringar sameinast

Þessi ákvörðun ráðherra hefur vakið geysilega sterk viðbrögð í Hafnarfirði og um leið og

ákvörðun ráðherra lá fyrir var stofnaður áhugamannahópur um framtíð St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Það var til borgarafundar í Íþróttahúsinu við Strandgötu laugardaginn 10. janúar sl. undir yfirskriftinni „Stöndum vörð um starfsemi St. Jósefsspítala og framtíð heilbrigðisþjónustu í Hafnarfirði“. Það liggur þannig fyrir að Hafnirfíringar og aðrir velunnarar spítalans munu slá skjaldborg um hann og gera allt til að snúa ráðherra og ríkisstjórninni til betri vegar í þessu máli.

Höfundur er bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.

Taktu þátt í að móta framtíðina

Málefnanefndir Sjálfstæðisflokksins halda á næstu dögum opna fundi í Valhöll þar sem drög að ályktunum 38. landsfundar flokksins verða kynntar og ræddar. Fundirnir eru opnir öllum sjálfstæðismönnum og eru fundartímar sem hér segir:

Mánudagur 12. janúar

kl. 16.00 Sjávarútvegsnefnd
kl. 17.00 Nefnd um málefni eldri borgara

Þriðjudagur 13. janúar

kl. 17.00 Landbúnaðarnefnd
kl. 17.00 Samgöngunefnd
kl. 17.00 Skóla- og fræðslunefnd
kl. 17.30 Vísinda- og nýsköpunarnefnd

Miðvikudagur 14. janúar

kl. 12.00 Utanríkisnefnd
kl. 16.30 Nefnd un umhverfis- og auðlindanýtingu
kl. 17.00 Fjölskyldunefnd
kl. 17.00 Heilbrigðisnefnd

Fimmtudagur 15. janúar

kl. 12.00 Réttarfars- og stjórnskipunarnefnd
kl. 16.30 Viðskipta- og neytendanefnd
kl. 17.00 Efnahags- og skattanefnd
kl. 17.00 Menninganefnd
kl. 17.00 Sveitarstjórnar- og skipulagsnefnd

Framtíð íslensks sjávarútvegs, Ísland og Evrópubandalagið

Eggert Guðmundsson, forstjóri HB Granda, og Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, ræða um framtíð íslensks sjávarútvegs á opnum fundi í Valhöll mánudaginn 12. janúar kl. 16. Sjávarútvegsnefnd Sjálfstæðisflokksins stendur fyrir fundinum og Sigríður Finsen, formaður sjávarútvegsnefndar, er fundarstjóri. Að loknum erindum verða umræður og kynnt drög að ályktun landsfundar um sjávarútvegs mál.



Sjálfstæðisflokkurinn

Nánari upplýsingar um fundina og félagsstarf Sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.

Brýnum stéttarfélagin

UMRÆÐAN

Einar Ólafsson skrifar um stéttarfélagin

Með hrúni íslenska fjármála-kerfisins afhjúpaðist það sem líklega má kalla mesta arðrán Íslandssögunnar. Og almenn- ingur heimtar réttlæti, krefst rannsóknar á glæpnum, kallar eftir afsögn þeirra stjórn mála- og embættismanna sem sköpuðu skilyrði fyrir glæpin og hylmdu yfir hann, krefst þess að þeir sem hlut áttu verði dregnir til ábyrgðar og heimtar að ránsfengum verði skilað. Í meira en þrjú mánuði hafa þúsundir manna komið saman á Austurvelli auk fjölda annarra samkomna og mótmæla- aðgerða. En það er ekki hlustað á almenning, láti hann í sér heyra er hann kallaður skrifill. En almenningur á sér samtök, nærri því hver einasti launamaður er í stéttarfélagi.

Meginverkefni stéttarfélaganna er að standa vörð um kjör félagsmanna sinna – og lágmarka arðránið. Og stéttarfélagin hafa afl, sameinuð hefur verkalýðshreyfingin mikið afl ef hún virkjar það. Stéttarfélagin mega ekki standa á hliðarlínunni meðan almenningur safnast saman á sjálfsprottnum fundum. Vissulega sitja þau ekki aðgerðalaus. Stéttarfélagin hafa meðal annars verið að gera kjarasamninga undanfarið ár og nú er framundan víðtækt samráð um launa- og kjarastefnu fram á næsta ár og gengur undir nafninu þjóðarsátt. Þessir samn-

ingar munu óhjákvæmilega mótast mjög af því efnahagslega neyðarástandi sem ríkir í landinu og það verður lagt mjög fast að verkalýðshreyfingunni að fara varlega, það verður vísað til drauganna tveggja, ótryggs atvinnuástands og verðbólgu.

Og vissulega þarf verkalýðshreyfingin að verjast þessum draugum, en hún má ekki heldur láta þá gleppa sér sýn, hún má ekki horfa framhjá því að launafólk ber ekki ábyrgð á kreppu auðvaldsins og henni ber að lágmarka arðránið. Verkalýðshreyfingin verður að ganga til þessara samninga með skýr markmið sem kristallast í þrennu: að tryggja atvinnu, verja velferðarkerfið og koma í veg fyrir að kreppunni verði velt yfir á herðar launafólks. Í því felst meðal annars krafa um uppgjör á því sem gerðist og að allra ráða verði beitt til að ránsfengnum verði skilað. Það er hamrað á að nú verði allir að standa saman, þjóðarsátt.

En það er brýnt að muna eftir beittasta vopni verkalýðshreyfingarinnar, verkfallsvopninu. Við skulum reyna að ná þjóðarsátt um launa- og kjarastefnu, en ef sú stefna á að ganga út á að launafólk og alþjóðan almennt eigi að bera kostnaðinn af kreppu auðvaldsins en ræningjarnir að sleppa meira og minna, ja, hvenær ef ekki þá er rétt að beita verkfallsvopninu? Félagsmenn í stéttarfélagum, brýnum félagin, brýnum forystuna, brýnum vopnin!

Höfundur er bókavörður.

TANNBURSTAGLAS í fallegum litum getur lífgað upp á baðherbergið. Tilvalið getur verið að nota eitthvert fallett glas sem er orðið eitt eftir úr settinu sem það var í.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



Eigum á lager milliveggjastoðir (beinar og burðmiklar) úr Kerto límtré frá 2- til 5 metrum

TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619
MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

Hjördís Lilja er í draumastarfinu hjá Íslenska dansflokknunum. Í uppvextinum vildi hún verða lækni, en þegar hún missti hálf tónnári úr dansi vegna meiðsla, fann hún hve dans var henni mikils virði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Það eru að koma gestir!

Lummulega kremaður dyrasími í Fossvoginum hlaut verðskuldaða upplýftingu þegar nýir húsbændur sprautuðu hann fagurrauðum lit, en hljómur hans boðar komu velkominna gesta í heimabakað bakkelsi.

„Þegar við fluttum í nýju íbúðina var hún dálítið upprunaleg, blá-máluð og þung, og margt orðið gamalt, þar á meðal þessi dyrasími sem var lítið augnayndi og kremlitaður. Við veltum því fyrir okkur hvað við ættum að gera við hann og þá fékk minn heittelskaði hugmyndina að sprauta hann og tókst svona vel upp að dyrasíminn er orðinn retró-munur heimilisins, og sá allra flottasti, að mínu mati,“ segir Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, dansari hjá Íslenska dansflokknunum, um þann heimilismun sem henni er mest að skapi. Hún segir dyrasímann hafa hlotið athygli og aðáun eftir upplýftinguna. „Það er gaman að gefa gömlum

hlutum nýtt líf. Ég er hrifin af blönduðum stíl, því margt sem komið er til ára sinna býr yfir sál og karakter. Við höfðum áður leigt íbúð með húsgögnum og þurftum að kaupa flest nýtt í þessa íbúð, en það gekk eins og í sögu því við vorum samhent og sammála um flest, sem ég er þakklát fyrir, því slíkt er ekki sjálfgefið,“ segir Hjördís Lilja, alsæl í Fossvoginum, þar sem veðursæld er mikil um kyrrlát strætin. „Ég flutti héðan um tíma en er nú komin aftur, með mömmu skammt frá, því hér eru mínar uppeldisstöðvar frá unglingsárum og hér hef ég kunnað best við mig,“ segir Hjördís Lilja sem naut dyggrar aðstoð-

ar sjónvarpskonunnar Nadiu Banine við uppstokkun innviða nýrra heimkynna. „Við vorum heppin að komast í innslag í Innliti-útliti og njóta snilligáfu Nadiu sem meðal annars fann gamalt eldhúsborð og stóla sem við lökkuðum og litu út eins og nútíma hátískuhúsgögn á eftir,“ segir Hjördís Lilja.

Ög gamli dyrasíminn geymir töfrahljóm: „Það er alltaf gaman að heyra hann hringja því það þýðir að komnir séu gestir, sem mér finnst mjög skemmtilegt. Hann mætti alveg hringja mun oftar því ég kann vel við þau gömlu gildi þegar gesti bar óvænt að garði og boðið heimabakað með kaffinu.“

thordis@frettabladid.is




Óska eftir samstarfsaðilum um allt land

Markmið 4you er að flytja inn og selja vandaðar vörur á frábæru verði

4you.is • Digranesveg 10
200 Kópavogur • s: 564-2030


Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



flooré
GÓLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvogur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur
Sími 567 1330 • Fax 567 1345 • www.hringas.is

Hringás ehf.

Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Neysluvatnshitatarar
Hitöld (element), hitastillar,
hitastýringar og flest
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Blaðberinn
bíður
þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

HITA
KÚTAR
Amerísk gæða
framleiðsla

30-450
lítrar



Umboðs-
menn um
land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

NÁM

HRADLESTRARNÁMSKEIÐ verða haldin fyrir nemendur í Háskólanum í Reykjavík á vegum Hraðlestrarskólans nú í byrjun vorannar. Námskeiðin eru þriggja vikna löng og hefjast 18. og 19. janúar.



Nýkomnir glæsilegir dömuskór úr leðri og með skinnfóðri. Margar gerðir. stærðir: 37 - 41 Verð: 14.880.-

Misty skór

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Í POTTINN, Í FERÐINA, Í SUNDLAUGINA

D,DD,E,F,FF,G,GG,H skálum á kr. 6.990,- flottar buxur í stíl á kr. 2.990,-

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Myndlistarnámskeiðin eru byggð á grunnatriðum myndlistar; litum, formum og teikningu en kennarar skólans eru duglegir við að brydda upp á nýjum og spennandi verkefnum fyrir krakkana við þeirra hæfi.

Gott fólk gerir góða skóla

Myndlistarskóli Mosfellsbæjar hefur verið starfræktur í tíu ár. Ásdís Sigurþórsdóttir, stofnandi og skólastjóri skólans, segir myndlistarnám nokkuð sem fólk ætti að leyfa sér á þessum síðustu og verstu.

Námskeið í myndlistarskóla Mosfellsbæjar hefjast mánudaginn 19. janúar og er skráning hafin. Ásdís Sigurþórsdóttir, myndlistarkona og skólastýra, segir skólann byggðan á klassískum grunni.

„Þetta er klassískur myndlistar- og tómskundaskóli þar sem er farið í undirstöðubætti myndlistar en reynt að gera það á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Skólinn er námskeiðsskóli, fyrir börn og unglínging og svo eru námskeið fyrir fullorðna á kvöldin.“

Ásdís stofnaði skólann fyrir tíu árum og hefur byggt hann upp í vaxandi bæjarfélagi síðustu ár, en nemendafjöldi á haustönn var um 120 nemendur. Hún segir það sem einkenni góðan skóla sé gott starfsfólk og skólinn leggi metnað í ný og spennandi verkefni á hverju ári. Verkefni eru lögð að áhugasviði og aldri barnanna í hverjum hóp en unnið er út frá litum, formum og teikningu, málun og mótun.



Fjölbreytt námskeið eru í boði fyrir börn og unglínging og verkefni aðlöguð getu og þroska hvers hóps.

„Hver önn hjá okkur er þrettán vikur og svo erum við með sumar-námskeið og helgarnámskeið til tilbreytingar í módelteikningu og málun. Svo stefnum við á vinnuhelgi í Skálholti á vorönn sem við köllum skissuvinnu, undirbúningur fyrir málverk. Þrjú kennarar eru við skólann auk mín, Þuríður Sigurðardóttir, Soffía Sæmunds-

dóttir og Anna Gunnlaugsdóttir, allt myndlistarkonur.“

Spurð hvort ástandið í þjóðfélaginu í dag setji eitthvert strik í reikninginn hjá skólanum á Ásdís ekki von á því. „Ég held að það sé einmitt gott að takast á við eitthvað gefandi, þroskandi og uppbyggjandi á þessum tímum.“

heida@frettabladid.is

Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239

www.birkiaska.is



Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi



Gömludansarnir

Opið hús

miðvikudaginn 14. janúar kl. 20.30

Gömludansanámskeið

hefjast mánudaginn 19. janúar kl. 20.00

Upplýsingar í síma 587 1616
Þjóðdansafélag Reykjavíkur Álfabakka 14a

MaxMara
MARINA RINALDI

ÚTSALA
50% AFSLÁTTUR

MaxMara

Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík, sími 562 2862



NÁMSKEIÐ Á VORÖNN 2009

Tungumál

10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennir er í byrjenda - framhalds - og talæfingaflokkum

ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA

Íslenska fyrir útlendinga I - IV

10 vikna námskeið
60 kennslustundir

Icelandic for foreigners I - IV
10 weeks courses
60 class hours

Kurs języka islandzkiego dla obcokrajowcow I - IV
Kurs10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

Verklegr greinar

Bókband
Frístundamálun
Glerbrensla
Silfursmíði
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

Saumanámskeið

Að endursauma fót og hanna að nýju
Crazy quilt
Fatasaumur/
Barnafatasaumur
Skrautsaumur
Baldering
Skattering
Þjóðbúningur - saumaður

Tölvunámskeið

Fingrasetning
Tölvugrunnur
Tölvugrunnur II
Word
Ritvinnsla
EXCEL

Förðunarnámskeið

Förðunarnámskeið
Að farða sig og aðra

Matreiðslunámskeið

Bökur
Fríðubökur
Gómsætur bauna - pasta - og grænmetisréttir
Gómsætur hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum
Hráfæði
Ítölsk matargerð
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn I
Grunnnámskeið
Matargerð fyrir karlmenn II
Framhaldsnámskeið

Garðyrkjunámskeið

Garðurinn allt árið
Trjáklippingar
Trjárækt í sumarbústaðalandinu

Innritun í síma 564 1507

Gjaldprotaráðgjöf, líf eftir gjaldþrot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s: 771 45 45.

Meindýravarnir

- Guðmundur Óli Scheving -

- NÝTT símanúmer!
Gegn nagdýrum - skordýrum - áttftættlum og fuglum. Eyði geitungabúum og úða fyrir köngulóm. Útvega allan bænóð - geri verðtilboð fyrir heimili og fyrirtæki. Hef sérhæft mig í meindýravörnum HACCP umhverfi.

Upplýsingar og pantanir í síma 857 7200. Geymdu auglýsinguna.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar S. 555 6363 & 899 7188.

Búslóða flutn., vöruf., planó flutn. og aukamenn ef óskað er. Sama verð alla daga !! Allar stærðir bíla.

Búslóðaflutningar
Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verði. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG
RAFVIRKJA
MÁLARA
FLÍSARA
FLÍSARA
PÍPARA
Sími: 511-1707
HANDLAGINN
www.handlaginn.is

RemontMax ehf.
Spörsulum - Málum - Flísaleggjum - Þrif hús. Góð tilboð/verð. Uppl. í s. 849 9301. www.flisarogmalun.is s.

VIÐHALDSVIRKNI!
S 517-0117 & 661-0117
HÚSAVIÐGERÐIR
www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
S. 517 0117 & 661 0117

Parketslípun
sólfallslípun | parketlagnir
551 1309 / 500 5115
golfist@golfist.is
www.golfist.is
list

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flísa-lögn, múrverki, pípu-lögn, máln-ingu, parketlagn, glerisetningu og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur niðurrif úr húsum og múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Tímavinna eða tilboð. **Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

BORTÆKNI
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

E.H. MÚR
ÁRATUGAREYNSLA Í
HÚSAVIÐGERÐUM.
UPPL. Í SÍMA
697 8763

Pípu-lagnir. Getum bætt við okkur verkefnum. Stór og smá verk. Vönduð vinnubrögð. Eingöngu faglærðir menn. G.O Pípu-lagnir s.6950170

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gölf. Smíðalausrir. S. 899 3011.

Pípu-lagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Húsaviðhald!
Pak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Húsaviðgerðir
Skriptum um rennur og bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Stíflupjónusta

Stíflupjónustan ehf
S. 554 2255 / 896 5800
Stíflulosun-röramyndum
www.stiflupjjonustan.is

Tölvur

BILANAGREINING SAMDÆGURS
Mac, iPod og PC
Viðgerðarþjónusta
tölvuhjálpi
www.tolvuhjalp.is
588 95 90

Tölvuviðgerðir, kem á staðinn. Microsoft viðurkenndur s. 699 6735 Baldvin

Vandaðar tölvuviðgerðir
Gerir við allar tegundir. MEDION DELL ACER HP TOSHIBA IBM/LENOVO FUJITSU O.FL. Ríkharður - Miðnet ehf S. 615 2000

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun. Yfir 15 ára reynsla, ódýr og örugg þjónusta. S. 821 6839, Stefán.

Dulspeki-heilun

Bella.is
Símaspá-Tarot-Ráðgjöf-Fyrirbærir
Mán-fimmt. 17:30 - 22:30
567 0757 visa/euro

Spádómar

Hanna S. 555 2927
visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbærir
Draumar
Tarot
Er við alla daga frá hádegi til miðnættis

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Tímabantanir í s. 587 4517 Erla.

Englaliós
S. 908 7000 & 863 1987

Tarot, miðlun, fyrirbærir
Opið alla daga frá 12-01
VISA/EURO

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI - Spámiðill
Spá í spili og kristalkúlu. Fyrirbærir. Sími 6183525 www.engill.is

Símaspáin.
+ draumaráðningar. Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan, fjárhæilun. Spák. Yrsa. 9086414, 5535395 (VISA/MC 173 mín.). Símat. 10-24 - Hringdu núna!

Iðnaður

Pípu-lagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 699 6069

Rafvirkjun

ProService

Uppsetning og Þjónusta á öllum dyrasímakerfum.
Almenn smápenningþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Tengingar og mælingar á tölvu- og ljósleiðaralögnum. Góð þjónusta. Vönduð vinnubrögð. ProService 894-7999 johann@proservice.is

Raflagna og dyrasímapjónusta
Setjum upp dyrasímakerfi og gerum við eldri kerfi. Nýlagnir og endurnýjun raflagna. Gerum verðtilboð
Rafneisti s. 896 6025
löggildur rafverktaki.
rafneisti@rafneisti.is

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum. Fljót og góð þjónusta Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Viðgerðir

Loftnets og símapjónusta
Viðgerðir og uppsetningar á loftnetum, diskum, heimabíóum og ílatskjám. Loftnetstækni S. 894 2460.

Til sölu

Zidon Sól
NO 4.200 KR.
TRANSPORTER 3
Hraunbergi 4 - Sími: 588 1710

10 tíma ljósakort áður 7200 kr., nú 4200 kr. + 2 tímar frítt í túrbo bekk + boðsmíði í bíó + prufa af rakakremi + prufa af sodo kremi.

Evrur óskast
Óska eftir að kaupa evrur og dollara.
Regent Accounts Ltd
Uppl. gefur Brian í s. 618-7001

Óskast keypt

Parftu að losna við úr fataskápnun þínum?
Komdu með í Kompuna Laugarvegí 118 og við kaupum þau jafnvel af þér. Opið frá 12-16 virka dag.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tölvur

Er tölvun biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Til sölu
MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fánleg í netverslun Fleshlight.is
FLESHLIGHT.IS

Vélar og verkfæri

CMT ORANGE TOOLS



CMT sagarblöð og fræsittennur í mjög miklu úrvali, góð verð.

Ásborg
vélar og verkfæri
Smíðjuveg 11 Sími 5641212



ÚTSALA
30-50 % afsláttur!
Endilega kíkðu inn á www.gala.is - Verslunin Emilía Suðurlandsbraut 50 (Bláa húsunum Faxafeni). S. 588 9925. Opíð 11-18. Lau.11-16.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Þantaðu friðan prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is



5-7 Kilo í Burtu?
Sjálfstæður dreifingararði FLP
9 daga hreinsiprógram frá Aloe Vera. S. 772 2885, Sigríður & Kristján.

Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE
ICELANDIC Level I: 4 weeks M-Fri; 18-19:30 start 19/1, 16/2, Level II: 7 w; M/W/Fri; 20-21:30: 9/2, 6/4. Level III: 10 w Tsd/Thsd: 20-21:30: 20/1, 31/3. Level IV: 10 w; Sat/Sun 14-15:30: start 17/1, Level V: 10 w Sat/Sun 10-11:30: start 17/1. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

R-109 Snyrtileg 2ja herb kj-ibúð í fallegu og rólegu hverfi. Reykl. og reglus. V.79þús. Sími 695 1790

3. herb. íbúð til leigu í Vesturb. 107 Laus strax. Uppl. í s. 554 2676 eða 824 4113.

Til leigu fullbúin herb. á gisti h. Flóki - Inn að Flókaögðu 1. Þrjár stærðir þrjú verð, 38,48, og 58þ allt innifalið, þröð-laust net, fjöldi sjónvarpstöðva. Uppl í s.663-9309 Bjarni

Rúmgóð og björt 2 herb íbúð á Völlum HFN. Reykl.& gæluðýral. iskápur og uppþvél fylgir. S. 898-5197.

Stórglæsilegt herbergi til leigu í miðbæ Rvk., með aðgangi að góðu eldhúsi, baði og þvottavél. Uppl. í síma 699 7720 & 552 1225.

Glæsileg 4 herb. íbúð til leigu á svæði 220 HFJ. 120fm. Stutt í skóla, gott útsýni. Laus nú þegar. Uppl. í s. 691 1905.

Til leigu stúdíó íbúð í 105 Rvk. Sérinnangur. Verð 55 þús. Uppl. í s. 897 1071.

105 -Hlíðar

Til leigu gott einbýlishús á 2 hæðum á góðum & barnvænum stað. Sérgarður & sér bílastæði. Leiga 120þ. m/ hita. Laus strax. Uppl. í s. 863 3328/ (846 0408 e/ 13).

75fm. 3herb íbúð til leigu á Framnesvegi. Sér innng. 110þ m.hita & rafm. Laus strax. uppl.bjarnioskar@hotmail.com

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Mjög hentugar stúdíóíbúðir til leigu í hverfi 101, 65-85þ. per mánuð. 1 mánuður fyrirfram + trygging. Reglusemi áskilin, uppl. í s. 568 1848

Til leigu 40 fm stúdíó í Dalshrauni. Verð 59 þús. og herbergi frá 25 þús. Uppl. í s. 770 5451 & 770 5500.

Nýtt studio við Laugardalinn

Glæný og vönduð stúdíóíbúð við Hraunveg. Parket og flisar á gólum. Sérinnangur. Frábær staðsetning í Laugardalnum. Íbúðin er laus strax. Upplýsingar í síma 895-1098 & 896-1098.

ROOMS FOR RENT IN 108.109.111. RVK w/furnit access to kitchen/bath 8973611

Rúmgott herbergi í 101 til leigu með aðgangi að baði og eldhúsi. Uppl. í s. 770 6090.

Húsnæði óskast

29 ára kk óskar eftir 2-3 herb. íbúð Greiðslug. 80-100þ. Skilvísing gr. heitið. S. 772 1113.

Herb/stúdíó óskast. Helst með húsg. Greiðslug. 30-40 þús. 8492469 eftir klukkan 19.

NULL

Ungt par í háskóla óskar eftir rúmg. 2ja herb. íbúð miðsv. í Rvk. Greiðslug. 80þús. Reglusöm og reyklus. skilv. gr. heitið. S. 8457301/8689325

Reyklaus fjölskylda óskar eftir 4-5 herb. íbúð/hús á höfuðborgarsv. til leigu, greiðslug. 100-150þús. á mánn. erum spennstust fyrir 113, 112 og 104 R-vik. Upplýs. sendist á s.atla@simnet.is eða í síma 896 9616.

Sumarbústaðir

Til leigu eitt af glæsilegustu sumarhúsum á landinu! 140 fm er á bókkum Brúarár í Leyni Bláskogarbyggð. Vikul. 70þ. Helgarl. 40þ. Uppl. í s. 893 8767 & 848 8881.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnueignir
Lögglöð leigumíðun og fasteignasala
Erum með allar stærðir verslunar-, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæðis til leigu og sölu. Til leigu Skeifa (áður BT), verslunarhúsnæði 1100 fm. Atvinnueignir s.534-1020.

Til leigu 80fm atvinnuhúsn. Norðurhelli Hfj. Sér innkeyrsluþyr og innng. Uppl. í s. 770 3282.

Til leigu verslunar og þjónustuhúsnæði : Hlíðasmára, 150m2 og Skútuvogi, 100 til 1000m2, lofthæð allt að 7 mtr. Upplýsingar hjá santon@mi.is & anton-eht@gmail.com

Til leigu 30 fm skrifstofuherbergi við höfnina í hafnarfirði. Uppl. s: 894-6633.

Pláss til leigu á Smíðjuvegi, 320 fm. Hentar vel fyrir heildsölu eða lager. Uppl. í síma 8960551.

Til leigu iðnaðhúsn. í Hafnarf. 210m2 hægt að skipta í 2 bil 2 hurðir 3.55x3.7. S. 892 9260.

Geymsluhúsnæði

Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

geymslaeitt.is
Til leigu sér geymsluhl 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktad. S. 564 6500.

Til bygginga



Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengslum. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

Til leigu lítil krani og 45 lm af mótum og vinnuskúr. Leigist í sitthvoru lagi eða saman. Leigist á mjög hagstæðu verði. Uppl. í s. 698 2261.

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkan bæði í lengd og þykkt. Kannadu málið á bathmate.is

Til leigu

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
LEIGUMÍÐLUN
Sími 5207500
Til leigu

Brekkuás Hf. 2ja herb. 85 fm. Kr. 95. þ. á mánn. Langtímaleiga

Brekkuás Hf. 3ja herb. 105 fm. Kr. 115 þ. á mánn. Langtímaleiga

Reykjarvíkurvegur Hf. - Nýtt. 60 ára og eldri, 3ja herb. 110 fm. Bílskýli. Verð frá 135 þ.

Jöfralind Kóp. Raðh. 4ra herb. 151 fm. m/bílskúr. 170þ. langtímaleiga

Hafnarfirjörður. Mjög góð herbergi m/aðgangi að snyrtingu og eldhúsi. Verð frá 25 þ.

Brekkuás Hf. 4ra herb. 117 fm + bílskýli. Verð 140 þ. langtímaleiga.

Drekavellir Hf. 3ja 100fm. + bílskýli 130 þ. langtímaleiga.

Eskivellir hf. 4 ra 107 fm. Verð 120 þ. langtímaleiga.

Höfum allar stærðir og gerðir atvinnuhúsnæðis á skrá. Leiga til lengri eða skemmri tíma.

PIRATES 2
Sjálfstæður dreifingararði FLP
Ný og glesleg húsanna...
TANTRA
EROTISKA VERSLUN

Ýmislegt

Second hand store - Rzeczy uzywane
Faxafeni 8, opíð virka daga frá 11-18 og laugard 12-16
Húsgögn
Allskins munir
Föt
2 fyrir 1 af öllum fatnaði í dag
Kerleikurinn
S. 520 5500

Heilsuvörur

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Tilkynningar

Hamraborg 11 **Catalina** S: 554-2166
Eldhúsið er opið alla daga frá 11:00 – 21:00
Hádegismatur – hamborgarar. Veislumatur – kökur.
Catalina
Allir velkomnir

Atvinna

PERLAN
Hugað að framtíðinni
Vilt þú öðlast framtíðarstarf á næstu árum? Ef svo er þá erum við að leita að framreiðslunum (þjónanemum) á einu glæsilegasta veitingahúsi landsins sem er skemmtilegur staður fyrir skemmtilegt fólk.
Upplýsingar veitir Guðni Hrafn veitingastjóri í síma 562-0200 eða 899-5870 perlan@perlan.is

Figú
Léttast um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. Ótrúlegur árangur á ótrúlega stuttum tíma. Engin óvandi efni notað. Þýsk gæðavara. Uppl. Dóra 869-2024 www.dietkur.is lr-dora@internet.is

Þú nærð góðum árangri með Herbalife
FYRIR EFTIR
Bergún Ingimarsdóttir Sími: 861 5512
beco@simnet.is / www.bergun.is
Sjálfstæður dreifingararði

Betrí lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig íðjúpjalfr/einkabj. s. 862 5920.

Fæðubótarefni

Perform.is - Landsins mesta úrval af fæðubótarefnum. 10-30% afsláttur í janúar!

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Exclusive tantra massage

For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd - Japanska baðið
Skurbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki eróttískt nudd). Opíð frá kl. 12.00 og framtefir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

Flug

Flugfélagið Geirflugl auglýsir næstu námskeið. Einkaflygmannsnámskeið (PPL) hefst 19.jan Blíndflugsnámskeið (IR) Kennaranámskeið (FI) Láttu drauminn rætast - bættu við þig réttindum Nánari upplýsingar í síma 511-5511 eða www.geirflugl.is

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og aksturmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is S. 694 9515
Öku og bifhólakennsla. Tek einnig að mér aksturmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Húsgögn
Borðstofuborð úr gleri + 6 leðurstólar til sölu. Sem nýtt! S. 588 5934 og 846 4428

Heimilistækni
Vil kaupa flatskjá 32"eða stærri ábyrgðarskríteini verður að fylgja uppl. 8643974

Húsnæði í boði
Leigusali auglýstu FRÍTT Leigjandi leitaðu FRÍTT

Leiga.is
Lögglöð leigumíðun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is Sími 534 4488 *m.v. 10 daga

Íbúðir til leigu í Keflavík, Hafnarfirði og Reykjavík. Upplýsingar á www.heimahagar.is og í síma 6996464

Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.

Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða Rvk. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða Rvk. Uppl/info í s. 824 4530.

husaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mánn. Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktad & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Atvinna í boði

Járnamenn

Óskað eftir vönum járnsmónum. Upplýsingar í síma 693 7979 og frekari upplýsingar á jarnabending@internet.is og stalbindingar@internet.is

Vanan stýrimann vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnótartáb sem gerður er út frá Suðurnesjum. Einnig yfirvélstjóra á 70 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. S. 892 5522.

Energia veitingahús Smáralind: Laust starf í eldhúsi, viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, vera duglegur, samviskusamur og vera stundvís, reynsla æskileg, fullt starf, einnig vantar starfskraft í sal og á kaffibar 1/2 starf eða hlutastarf. Uppl. á staðnum eftir kl. 15 ,hægt er að sækja um á netinu, energia@energia.is

Járniðnaðarmaður eða maður með reynslu af rafsuðu óskast til starfa hjá rótrönu fyrirtæki í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar veitir Rósalind í síma 564 1539 eða rosalind@skoflur.is

Kvöldvinna

Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22 Góð laun í boði fyrir gott fólk. Aldur 25+ og góð íslenskukunnátta (talað mál) Uppl. í síma 699-0005 milli kl.15-19 virka daga.

Atvinna óskast

Ég leita eftir hlutastarfi 50% helst, flegt kemur til greina. Uppl. í s. 893 8695.

Fundir

FERÐAKLÚBBURINN
4x4

Ferðaklubburinn 4x4. Munið félagsfundinn í Mörkinni 6 í kvöld. Sjá dagskrá á www.f4x4.is.

Einkamál

Símaþjónusta Spjalldómur 2 nýjar dömur S. 908 6666.

SÍMAPJÓNUSTUR
Stefnumót 905-2000 (símatorg) 535-9920 (kreditkort) 535-9923 (frítt, karlar) 555-4321 (frítt, konur) Spjall 904-5454 (símatorg, karlar) 535-9940 (kreditkort, karlar) 555-4321 (frítt, konur) Gay spjall 535-9988 (kreditkort) Sögur 905-2002 (símatorg) 535-9930 (kreditkort) Spjalldómur 908-6000 (símatorg) 535-9999 (kreditkort)

Mögnuð upptaka!

Hér er komin alveg mögnuð upptaka, dálítið stór í fyrstu en tekur svo alveg gríðarlegt flug! Þú heyrir upptökuna hjá Sögu Rauda Torgsins, sími 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, mun ódyrara), upptökunr. 8759.

Rúmlega fertugur
reynslufull maður, mjög spenntur, vill kynast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hans er hjá Rauda Torginu Stefnumót, s. 905-5000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), augl.nr. 8190.

Vel vaxin kona,
35 ára, með sitt ljóst hár, sérlega barmfögur, vill kynast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er hjá Rauda Torginu Stefnumót, s. 905-5000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), augl.nr. 8751.

45 ára kona
vill kynast karlmanni með tilbreytingu í huga. Augl. hennar er hjá Rauda Torginu Stefnumót, s. 905-5000 (símatorg) og 535-9920 (Visa, Mastercard), augl.nr. 8341.

Ný stjórnarskrá – stjórnlagagæping

UMRÆÐAN

Jón Kristjánsson skrifar um stjórnarskrána

Lýðveldisstjórnarskráin sem gekk í gildi á Þingvöllum árið 1944 hefur nú gilt í 62 ár. Að stofni til er stjórnarskráin 135 ára gömul í þessum mánuði. Hún hefur aldrei verið endurskoðuð í heild sinni, en nokkrar atrennur hafa verið gerðar, svo sem breytingar á kjördæmaskipan og endurskoðun á mannréttindakaflanum á tífunda áratugnum. Tilraunir sem gerðar voru til endurskoðunar á síðasta kjörtímabili báru ekki árangur. Stjórnarskrárnefndin náði saman um tillögu um að hægt væri að breyta stjórnarskránni án þess að efna til þingkosninga. Í stuttu máli sagt er það mín skoðun að nálægð við pólitísk hitamál í samfélaginu hafi gert það að verkum að ekki reyndist unnt að ná samkomulagi um frekari breytingar.

Miklar þjóðfélagsbreytingar kalla vissulega á heildarendurskoðun á stjórnarskránni. Gjörbreytt samskipti við alþjóðasamfélagið, aukin krafa um íbúalýðræði og dreifingu valds og gegnsæi, gjörbreyttar aðstæður í samfélaginu. Allt kallar þetta á endurskoðun, og nægir að minna á umræðu dagsins um með hverjum hætti má framselja fullveldi eða ríkisvald.

Innan Framsóknarflokksins hafa verið miklar umræður og málefnavinna varðandi stjórnarskrána og beint lýðræði. Starfshópur á vegum flokksins hefur unnið að stefnumótun í málinu nú um margra mánaða skeið og hyggst gefa flokksþingi skýrslu þar sem hugmyndir um endurskoðun stjórnarskrárinnar eru lagðar fyrir.

Þjóðin sjálf markí nýja stjórnskipan

Það er eindregin skoðun starfshópsins að búa verði svo um hnútana að þjóðin sjálf sé stjórnskrárgjafinn með raunverulegum hætti. Hingað til hafa breytingar á stjórnarskránni verið hnýttar við almennar kosningar um umræður um dægurmál í Alþingi. Það er meðal annars vegna þess að rjúfa þarf þing og efna til kosninga eftir að alþingismenn hafa rætt og samþykkt stjórnskrárbreytingar. Þær hafa hingað til hafa verið undirbúnar af fámennum starfsnefndum og lagðar fyrir Alþingi sem frumvarp til stjórnskipunarlags. Frumkvæði að breytingum hefur aðeins getað komið frá alþingis-

mönnum þó að stjórnvöld fari með vald í umboði þjóðarinnar.

Hugmyndir starfshópsins sem lagðar verða fyrir flokksþing Framsóknarmanna um næstu helgi eru þess efnis að kalla eftir þátttöku þjóðarinnar í þessari vinnu með stjórnskrárbreytingu um að boðað verði til stjórnlagagæpinga og kosið til þess sérstaklega. Slíkt stjórnlagagæping yrði haldið í heyranda hljóði eins og Alþingi og það mætti hugsa sér að tillögur þess yrðu síðan lagðar fyrir dóm þjóðarinnar ef þær nytnu nægilegs stuðnings. Þjóðin hefði síðan ætíð síðasta orðið í allsherj-

aratkvæðagreiðslu um tillögurnar.

Sjálfstæði stjórnlagagæpinga mikilvægt

Með þessari skipan eru stjórnskrárbreytingar fjarlægðar frá stjórnsmálaátökum dagsins sem verka truflandi á þessa vinnu. Hugmyndin er að alþingismenn sitji ekki stjórnlagagæping til þess að þjóðin veljist ekki í vafa um þennan aðskilnað. Með því koma þjóðkjörnir fulltrúar á stjórnlagagæpingi einir að málinu og ákveða nýtt upphaf að fenginni reynslu af því stjórnskipulagi sem hefur ríkt hér lítið breytt í rétt 105 ár frá heimastjórn 1904.

Hugmyndir þessar tengjast

ekki með beinum hætti því ástandi sem er nú í samfélaginu, en hafa orðið til við skoðun og umræðu nú um allan tíma. Hins vegar kalla aðstæður nú á endurmat og nýjar aðferðir og dreifingu valds og skýrar leikreglur. Í því umróti sem nú er ríkir mikið vantraust á stjórnvöldum og stjórnsmálaöflum.

Mörg brýn verkefni stjórnlagagæpinga

Stjórnlagagæping mundi hafa mikil verkefni og nauðsyn ber til að það spegli sem flest sjónarmið í samfélaginu. Sem dæmi um verkefni má nefna ákvæði um ríkisstjórn og Alþingi og tengsl þeirra aðila, forseta Íslands, dómstóla,

auðlindir og umhverfi. Til viðbótar má svo nefna það ákvæði sem mikið hefur verið til umræðu nú þessa dagana sem er um framsal ríkisvalds eða fullveldis. Ennfremur eru sjónarmið um almenn mannréttindi ætíð breytingum háð. Þá er brýn þörf á að setja ákvæði um aukid valfrelsi kjósenda um fulltrúa á framboðslistum og framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég tel að Alþingi setji ekki á neinn hátt niður þótt efnt verði til stjórnlagagæpinga. Alþingi hefur næg verkefni í almennri löggjöf, og þörf er á að efla starf þess.

Höfundur er fyrrverandi ráðherra og formaður stjórnarskrárnefndar.



JÓN KRISTJÁNSSON

**Útsala
20-70%
afsláttur
Mikið af sértíloboðum!
Aðeins í nokkra daga!**



Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Kíktu á netverslunina
www.nevadabob.is

GOLFVERSLUN
NEVADA BOB

HÚSGAGNAHÖLLINNI Sími: 577 2525

RITHÖFUNDURINN AGATHA CHRISTIE
LÉST PENNAN DAG ÁRIÐ 1976

„Mér hefur fundist gaman að lifa. Ég hef vitaskuld verið þjökkuð af sorgum, sem og órvænting- arfull, vonduf og einkar miður mín, en allan tímann meðvítuð um að lífið er stórkostlegt.“

Enska leikritaskáldið og sakamála- höfundurinn Agatha Christie hefur verið kölluð drottning glæpasagn- anna. Hún skrifaði einnig ástarsög- ur undir nafninu Mary Westmacott, en er þekktust fyrir morðgátur sem leynilögrefluflókið Hercule Poirot og ungrú Jane Marple leysti.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 12. JANÚAR 1948

Gandhi fastar í hinna sinn

Mohandas Mahatma Gandhi hóf sína hinna föstu þennan janúar- dag fyrir 61 ári. Gandhi var helsti trúarleiðtogi og stjórnmálamaður Indverja, kallaður „faðir þjóðarinn- ar“, en millinafn hans merkir „mikil sál“ á sanskrít. Fæðingardagur hans 2. október er hátíðardagur á Ind- landi og kunnur á heimsvísu sem alþjóðlegur dagur án ofbeldis.

Gandhi var fyrst og fremst frið- arins maður og hvatti til aukinna mannréttinda og frelsis um allan heim. Hann lifði látlausu lífi, borð- aði fábreytt grænmetisfæði og fast- aði löngum stundum; til hreinsun- ar fyrir sjálfan sig og í mótmælaskyni. Hann hóf sína síðustu mótmælaföstu í Delí þegar hann vildi knýja fram frið milli Indverja og Pakist-



ana í kjölfar stríðs milli þjóðanna árið 1947, en honum mislíkaði að stjórnvöld skyldu neita Pakistön- um um sáttgæiðslu og það þess að greiðslan yrði innt af hendi, því hann óttaðist að órói myndi enn auka á reiði Pakistana gagnvart Indverjum og átök breiddust út. Þá var Gandhi miður sín þegar leið- togar múslima og hindúa gátu ekki mætt kröfum hvorir annarra. Gand- hi braut föstuna þegar stjórnvöld afhentu Pakistönnum féð og trúar- leiðtogar sannfærðu hann um frið. Gandhi var skotinn til bana á kvöldgöngu í Nýju-Delí 30. janúar 1948, en hinna orð hans voru „Ó, Guð“. Bana- maður Gandhis taldi hann ábyrgan fyrir að hafa veikt þjóð sína með greiðslunni til Pakistan.

MERKISATBURÐIR

- 1268 Gissur Þorvaldsson jarl, goðorðsmaður og mestur höfðingja hérlendis á 13. öld, deyr.
- 1493 Gyðingum fyrirskað að yfirgefa Sikiley.
- 1684 Loðvík fjórtándi, konung- ur Frakklands, kvænist Madame Maintenon.
- 1830 Síðasta aftaka á Íslandi, þegar Friðrik Sigurðsson og Agnes Magnúsdótt- ir eru tekin af lífi í Vatns- dalshólum, fyrir morð á Natan Ketilssyni og Pétri Jónssyni.
- 1940 Einar Benediktsson skáld deyr, 75 ára.
- 1989 Idi Amin úthýst frá Saír.
- 1993 Samningur um aðild Ís- lands að Evrópska efnahagssvæðinu, EES, sam- þykktur á Alþingi.

AFMÆLI



ELÍSBET
ÞORGEIRS-
DÓTTIR
rithöfundur
er 54 ára.



HREINN
LOFTSSON
hæstarétt-
arlögmaður
er 53 ára.



ÁSTA
MÖLLER
alþingis-
maður er
52 ára.



BJÖRN
THORS
leikari er
31 árs.

Tæknifræði kennd við HÍ

Kennsla í tæknifræði við Há- skóla Íslands hefst í fyrsta sinn í lok mánaðarins. Námið er samstarfsverkefni HÍ og Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs. Nem- endur verða skráðir við HÍ og munu útskrifast þaðan, en námið fer fram hjá Keili á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurlflugvelli.

Í fyrstu verður boðið upp á tvær brautir: orku- tæknifræði og mekatrón- ík. Áhersla verður lögð á gæði námsins með takmark- aðri inntöku, persónulegri kennslu og verklegu námi í vel búnum tilraunastof- um. Samhliða náminu verð- ur byggð upp rannsókn- að- staða á staðnum. Umsókn- arfrestur er til 20. janúar og nánari upplýsingar er að finna á www.keilir.net.

Orkutæknifræði er þver- faglegt nám þar sem veitt- ur er grunnur í undirstöðu- orkugreinum og í því að nýta bæði rafeinda- og hugbúnað til að stjórna vélbúnaði, og notkun mælitækja. Að auki verður veittur grunnur í bor- holutækni og orkutengdum jarðvísindum.

Nám í mekatrónískri tæknifræði er þverfag- legt nám þar sem veittur er sterkur grunnur í aðferðum sem nýta bæði rafeinda- og hugbúnað til að stjórna vél- búnaði.



KEILIR Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs.



†
Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Munda Kristbjörg
Guðmundsdóttir**

Sunnuvegi 7, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Langholtskirkju þriðjudaginn
13. janúar kl. 13.00.

Helgi Ólafsson

Guðmundur Óli Helgason

Guðrún Lára Helgadóttir

Christer Allanson

Þórólfur Örn Helgason

Hulda Hrönn M. Helgadóttir

Kjartan Orri Helgason

Guðlaug Erla Halldórsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



TIL BJARGAR HEILÖGU HJÓNABANDI Særa Þórhallur Heimisson hefur langa reynslu af björgun hjónabanda og fjölskyldna, sem oftast er það dýrmætasta í lífi hvers manns og til mikils að vinna að bæta bresti í kærleikssamböndum og viðhalda áfram heilagleika heimilislífs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÆRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON: OPNAR FJÖLSKYLDU- OG HJÓNARÁÐGJÖF Í DAG

Vinátta, virðing og umhyggja

„Skilnaður er eitt af stóru áföllum lífs- ins. Honum má líkja við þungar gárur á vatni, þar sem hringirnir koma niður á hópum fólks; einstaklingunum sjálf- um, börnunum og öðrum ástvinum,“ segir séra Þórhallur Heimisson, sem í dag opnar nýja fjölskyldu- og hjóna- ráðgjöf sem er sérstaklega ætlað að vera valkostur fyrir hjón og sambúð- arfólk í vanda með sín samskipti.

Særa Þórhallur hefur um árabíl hald- ið úti fjölsóttum hjónanámskeiðum og hjónaráðgjöf þeim tengdum. „Á nýja árinu eru liðin tuttugu ár síðan ég vígð- ist sem prestur. Þá sá ég alls ekki fyrir mér hversu stór hluti sálgaðslunnar yrði sambúðarvandi. Í framhaldsnámi í Svíþjóð starfaði ég mikið við hjóna- samtöl og ráðgjöf innan sænsku kirkj- unnar og hélt því áfram eftir að heim kom árið 1996,“ segir séra Þórhallur sem þá tók við starfi sínu í Hafnar- fjarðarkirkju og byrjaði fljótlega með námskeiðahald til að krydda safnaðar- starfið.

„Það kom mér strax á óvart hversu mikil þörf var á slíkum námskeiðum og víst að aðsókn hefur farið stigvax- andi síðan. Því vil ég koma þessu starfi í fastara form þannig að fólk geti sótt á ákveðinn stað á ákveðnum tíma og vinna ráðgjöfina skipulegar, því svo mikið er hringt að ég hef átt bág með að sinna starfinu jafn vel og ég hef

viljað,“ segir séra Þórhallur, sem um áramót hóf hálfis árs leyfi frá störfum sínum í Hafnarfjarðarkirkju og starf- ar nú sem héraðsprestur, en í því leys- ir hann af aðra presta í kirkjum próf- astsdæmisins.

„Vegna þjóðfélagsástandsins nú hefur kirkjan beðið mig um að standa fyrir fræðslustarfi fyrir presta og söfnuði. Því varð úr að ég tæki þetta leyfi því ekki er leggjandi á söfnuð minn að ég sé starfandi að fræðslu um allt land, á sama tíma og mikið er sótt í kirkjuna. Þarna gefst því svigrúm til að einbeita sér alfarið að fræðslu og ráðgjöf.“

Særa Þórhallur segist í vetur hafa uppgötvað að fjölskyldufólk troði mar- vadann eftir að þjóðfélagið fór í upp- lausn. „Margir bera þungan kvíðboga fyrir framtíðinni því erfitt er að fóta sig og byggja upp framtíð þegar morg- undagurinn er í óvissu, fólk er að missa vinnu sína og lán eru orðin stjórn- laus í vexti sínum. Þá verður stremb- ið að vera í Pollyönnu-leik alla daga og það bitnar á fjölskyldunni, hjóna- bandinu og einstaklingnum sjálfum,“ segir séra Þórhallur og bætir við að algengasta orsök skipbrota hjóna- og fjölskyldulífs undanfarna mánuði sé streita og álag vegna efnahagshrun- ins, þegar deilur og rifrildi magnast vegna þreytu, spennu og kvíða.

„Framhjáald er einnig afar algeng- ur skaði, og samsettar fjölskyldur er ótrúlega stór deilupunktur, þegar fólk býr með börnum úr fyrri sam- búð og ræðir ekki fyrirfram hvernig það ætlar að haga málum. Slíku fjöl- skyldulífi er erfitt að púsla saman, enda viðkvæm mál að eiga við,“ segir séra Þórhallur og bendir á að lang- flestir séu tilbúnir að leggja mikið á sig svo bjarga megi hjónabandi og fjölskyldu.

„Það fer eftir fólkinu og því sem kemur upp á hvort hægt sé að bjarga sambandinu, því lífið er margbreyt- legt og hvert einasta samband flókið. Góðu fréttirnar eru þær að fólk á all- af góða möguleika, og þótt óumflýjan- legt sé að fólk fari í sundur er einn- ig gott að ræða málin og skilja á frið- samlegan hátt svo framhaldið verði sem sársaukaminnst fyrir alla,“ segir séra Þórhallur, sem tekur á móti öllum í ráðgjöf, óháð prófastsdæmi.

„Galdurinn við gott hjónaband felst í því að vera vinir og virða hvort annað gegnum lífsins ólgusjú, í gleði og sorg, og sýna hvort öðru umhyggju þegar koma upp veikindi og áföll. Þá er hægt að sigrast saman á öllum að- stæðum lífsins.“

Nánari upplýsingar er að finna hjá séra Þórhalli í síma 891 7562.

thordis@frettabladid.is



HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hleknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 26. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Völd og áhrif í Brussel

Myndi eitthvað breytast með ESB aðild?
Hver er reynsla Íslands til þessa?



Stofnun stjórnsýslufræða við Háskóla Íslands og Evrópusamtökin halda opinn fund í HÍ, í Odda stofu 101, þriðjudaginn 13. janúar næstkomandi milli kl.12.05-13.00.

Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknþjónustu HÍ hefur tekið þátt í samstarfi við ESB í yfir sextán ár.

Rætt verður um hvernig þjóðir hafa áhrif á laga og reglugerðasetningu innan ramma Evrópusambandsins.



Að sjá það góða


NOKKUR ORÐ
Freyr Gígja Gunnarsson

Stundum gerir maður sér ekki grein fyrir allri þeirri heppni sem umlykur mann. Maður þarf stundum að fá stóran og þungan hamar í hausinn til að vakna og sjá allt það góða í kringum mann. Ég er til dæmis búinn að bölvá mikið þeim mönnum sem skjóta upp flugeldum hverju kvöldinu á fætur öðru. Fundist sprengjuhljóðin þreytandi enda koma þau oftast aftan að manni og maður hrekkur í kút þegar himinn lýsist upp af grænum, rauðum og bláum púðurögnum.

Þessar flugeldasprengingar eru bara grín miðað við þær bombur sem íbúar Gaza-strandarinnar þurfa að búa við á hverjum degi og við sjáum myndir af í sjónvarpinu og dagblöðum. Einhvern veginn er það svo fjarlægæt að geta sett sig í spor þessa fólks sem býr við stanslausa ógn frá krabba-

meinsvaldandi stríðstólum og morðóðum Ísraelsmönnum. Merkur maður sagði eitt sinn að það hættulegasta í heiminum væri svangur, þreyttur og reiður maður. Hann gæti tekið upp á hverju sem er og afleiðingarnar yrðu aldrei fallegar. Á Gaza eru Ísraelar að fjöldaframleiða slíka menn og þeir beina reiði sinni ekki gagnvart næsta bíl eða húsvegg heldur gagnvart okkur sem búum í silkimjúku öryggi í Vesturheimi og kvörtum yfir fjármálakreppu og steindaðum stjórnvöldum. Og rífumst um það hvort við getum slitið stjórnmálasambandi við Ísrael eða ekki.

Flugeldar langt fram í febrúar eru því bara gott mál. Það að ég þurfi að láta mér bregða fyrstu daga ársins á meðan sprengjuóðir Íslendingar fá útrás fyrir púðurfíkn sinni er nokkuð sem ég ætla mér bara að njóta. Enda fylgir þessum árlega ávana hvorki dauði né eyðilegging, eymd eða sorg.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HARMAGEDDON
HLUSTIÐ - TRÚIÐ - HLÝÐIÐ
FROSTI & MÁNI ALLA VIRKA DAGA KL. 15-17

Auglýsingasími

512

5050

- Mest lesið

> HRINGUR EYKUR SJÁLFSTRAUST

Britney Spears gengur nú með svokallaðan töfrahing sem á að auka sjálföruggi hennar. Hringurinn er hannaður af stjörnuhönnuðinum Döru Dubinet og á að auka styrk og stöðugleika söngkonunnar. Í viðtali við tímaritið Life and Style segir Dubinet að hún hafi hannað hringinn með Britney í huga, en hann veiti þeim sem gangi með hann jákvæða orku.



fólk

folk@frettabladid.is

Fyrrum ritstjóri til Svíþjóðar

Sveinn Birkir Björnsson, sem hætti sem ritstjóri Reykjavík Grapevine í síðasta mánuði, flytur til Svíþjóðar með fjölskyldu sinni 20. janúar næstkomandi.

Hann jatar að kreppan eigi þar hlut að máli, eins og hjá svo mörgum öðrum Íslendingum. „Konan er að fara í nám í Lundi. Við ætluðum að gera þetta næsta haust en í ljósi aðstæðna ákváðum við að flýta því,“ segir Sveinn Birkir, sem hefur verið atvinnulaus síðan hann hætti hjá Grapevine. „Það eru ekki bjartar horfur fyrir

atvinnulausa blaðamenn í dag.“

Sveinn starfaði í rúm þrjú ár hjá Grapevine, þar af sem ritstjóri í tvö ár, og segir þann tíma hafa verið góðan. Hann ætlar að halda áfram í blaðamennskunni þrátt fyrir allt. „Ég reikna með að finna mér eitthvað í Svíþjóð. Kannski finn ég einhverja enskumælandi miðla þar eða sendi frá mér efni til Íslands.“

Býst hann við að dvelja í Svíþjóð í að minnsta kosti tvö ár. „Maður tekur sig ekkert upp með þrjú börn og flytur fyrir minna en tvö ár.“



SVEINN BIRKIR BJÖRNSSON Fyrrverandi ritstjóri blaðsins Reykjavík Grapevine er á leiðinni til Svíþjóðar með fjölskyldunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



VAR TRÚR Brad Pitt segist ekki hafa haldið framhjá Jennifer Aniston við tókur myndarinnar Mr and Mrs Smith, þar sem hann kynntist Angelinu Jolie.

Neitar framhjáhaldi

Brad Pitt neitar því að hafa nokkurn tíma haldið fram hjá fyrrverandi eiginkonu sinni, leikkonunni Jennifer Aniston, með Angelinu Jolie. Pitt og Jolie kynntust við tókur kvikmyndarinnar Mr and Mrs Smith þegar hann var enn giftur Friend leikkonunni. Eftir að Pitt og Jolie fóru að vera saman spruttu fljótt upp sögusagnir þess efnis að leikarinn hefði haldið framhjá Jennifer Aniston.

Pitt sagði í viðtali við tímaritið W að fólk skildi ekki að þau Jolie hefðu verið við tókur á kvikmyndinni í eitt ár og hefðu enn verið að eftir að það slitnaði upp úr sambandi hans og Aniston.



GAMLA STARFIÐ Pink er hrifnari af nýja starfinu sínu, að vera ein vinsælasta söngkona í heimi, en sínu gamla, afgreiðslu á McDonalds.

McDonalds-martröð

Pink segist fá martraðir um að hún vinni á McDonalds. Söngkonan, sem heitir réttu nafni Alicia Moore, vann á skyndibitastaðnum í heimabæ sínum Doylestown í Pennsylvaníu áður en hún komst á samning hjá plötufyrirtæki sem meðlimur stelpuhljómsveitarinnar Choice, sextán ára gömul.

Hún fær að eigin sögn reglulega martraðir um að hún sé fátæk og komin aftur í sitt gamla starf, en það geti hún ekki hugsað sér eftir allt sem hún hefur lagt á sig fyrir söngferilinn. Hún gaf út sína fyrstu sólóplötu þegar hún var 21 árs og náði nýlega toppsæti vinsældalista bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum með laginu So What af nýjustu plötu hennar Funhouse.

Fjórir tebollar fyrir frumsýningu

Heimildarmyndin Sólskinsdregurinn var frumsýnd í Smárabíói á föstudagskvöldið að viðstöddu margmenni.

„Þetta var dásamlega upplifun, að sjá barnið sitt mótað og fæðast eftir þriggja ára meðgöngu,“ segir Margrét Dagmar Ericsdóttir, mamma Þorkels. Eins og kom fram í viðtali við Margréti í Fréttablaðinu á laugardaginn stóð alls ekki til í upphafi að Margrét og Keli yrðu í aðalhlutverki í myndinni. Heldur að þetta yrði einhvers konar vísindaleg heimildarmynd um einhverfu. En svo breyttist verkið í meðförum Friðriks Þórs og Margrét og Keli urðu miðpunkturinn. „Friðrik sannfærði mig um að ég yrði bara eitthvað tvö til þrjú prósent af myndinni en ég held að það sé óhætt hægt að margfalda það með tíu,“ segir Margrét og viðurkennir að hún hafi fengið sér fjóra Slepptime te-bolla fyrir frumsýninguna enda hafi hún verið vörud við hvíta tjaldinu. „Ég var hins vegar nokkuð sátt, fannst kannski röðdin mín svolítið skrytín.“

Sólskinsdregurinn hefur átt hug Margrétar í þrjú ár og því er löngu tímabili í lífi hennar að ljúka. Margrét hefur reyndar þurft að taka símann sinn úr símaskrá enda hafa fjölmargir sett sig í samband við hana vegna myndarinnar. „Ég er bara að reyna að hvíla mig eftir þessa törn. Auðvitað vill maður samt reyna að hjálpa sem flestum.“ -fgg



GLÆSILEGT SKEGG Björgólfur Thor skartaði glæsilegu skeggi á frumsýningunni og hér er hann ásamt frænku sinni, Huguínu Margréti.



MÆDGURNAR MÆTTAR Bryndis Schram og dóttir hennar, Kolfína Baldvinsdóttir, voru mættar á frumsýningu Sólskinsdreginsins.



LEIKSTJÓRI OG FRAMLEIÐANDI Kristín Ólafsdóttir, eiginkona Björgólfs Thors, er einn framleiðandi myndarinnar. Hér er hún ásamt leikstjóranum Friðriki Þór.



ÁNÆGD Á FRUMSÝNINGU Fjölskyldan var að sjálfsgöðu samankomin á frumsýningunni í Smárabíói. Frá hægri: Unnar Snær, Þorkell, Þorsteinn, Margrét og Erikk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



TVÆIR FORSETAR Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, heilsar upp á þau Margréti Dagmar og Þorsteini. Væntanlega heyrir það til undantekninga þegar tvær forsetar lýðveldisins eru á sömu frumsýningunni.



FYRRVERANDI FORSETI OG ÞORKELL Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, og Þorkell hittust skömmu áður en ljósin voru slökkt í stóra sal Smárabíósins.

Stillir til friðar á Gaza

„Ég hef alltaf farið í frí eftir jólaertíðina til að ná mér aðeins niður,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi. Hann er á leiðinni til Egyptalands með fjölskyldu sína, lands sem margir myndu kannski hugsa sig tvisvar um að heimsækja í ljósi ástandsins í nágrennalandinu Palestínu. „Jú, það verður alveg að viðurkennast að Egyptaland var ekki fyrsti valkostur. Þegar bankarnir hrundu og gengið með þá tók ég eiginlega þá ákvörðun að leggja af þessa árlegu utanlandsferð. Mér þótti það bæði siðlaust og óverjandi að kaupa gjaldeyri á því verði sem hann er á í dag,“ útskýrir Jóhann og augljóst að honum er létt við að komast burt frá landinu.

Svo mikil var neyðin að á einum tímupunkti kom eiginkonan með þá hugmynd að fara með alla fjölskylduna norður í skíðaferð. „Jafnvel þótt hvorki ég né hún kunnum á skíði,“ útskýrir Jóhann sem tók heldur fálaga í þessa skíðaferðarhugmynd, þótti það síður en svo skemmtileg tilhugsun að skipta út heitri sólinni og hvítum söndum fyrir naprar fjallshlíðar og stórhrið. „Svo litlar undirtektir hlaut þessi hugmynd að konan mín hélt að ég væri orðinn afhuga henni,“ grínast bókaútgefandinn með.

En annan í jólum rofaði til þegar Egill Örn sonur hans fann sín tilboð á lastminute.com. „Ég tók umsvifalaust gleði mína á ný þegar ég sá að það liggur við að Egyptar borgi fólk fyrir að koma í heimsókn þar sem ferðamönnum hugnast ekki það áhugamál þar sem slóðir að sprengja ferðamenn í loft upp.“



HVERGI BANGINN Jóhann Páll er hvergi smeykur við að ferðast til Egyptalands, nágrennaríkis Palestínu, en þar logar allt í átökum við Gaza-ströndina. Hér er hann með Agli syni sínum sem fann gott tilboð fyrir pabba gamla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jóhann og fjölskylda héldu því til Egyptalands á hádegis á föstudag þrátt fyrir að Mið-Austurlönd bókstaflega logi vegna ófriðarinnar á Gaza-strönd. „Já, og hún er vist ekki lengi langt undan. Kannski að maður geti bara orðið að liði,“ segir Jóhann, hvergi smeykur og bætir því við að hann fljúgi frá Íslandi með góðri samvisku. „Eftir að ferðin var í höfn gat ég unnið af miklu kappi enda með góða gulrót á spýttunni.“



JENNIFER CONNELLY Connelly ásamt eiginmanni sínum, leikaranum Paul Bettany.

Vill vingast við Aniston

Jennifer Connelly hafði mjög gaman af því að leika með Jennifer Aniston í myndinni He's Just Not That Into You. Vonast hún til að þær geti orðið góðar vinkonur í framtíðinni.

„Mér hefur alltaf fundist hún mjög hæfileikarík og indæl,“ sagði Connelly, sem hefur leikið í myndum á borð við Beautiful Mind og Requiem for a Dream. „Eftir að myndinni lauk hugsaði ég: „Ó, hvað mig langar að verða vinkona hennar. Ég væri til í að eyða meiri tíma með henni.““

-fgg

NÝTT Í BÍÓ!

FRÁ LEXKETÓNA THE PERMIT OF HAPPINESS
WILL SMITH SEVEN POUNDS

EINHVERFA Í NÝJU LIÓSI
SÓLSKINS DRENGURINN

HÖRÐU HASAR MED JASON STATHAM Í ADALHLUTVERKI!
TRANSPORTER 3

BRÁÐSKEMMILEG ÆVINTÝRAMYND
AUSTRALIA

QUANTUM OF SOLACE
TAKEN

THE DAY THE EARTH STOOD STILL

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

SEVEN POUNDS D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SEVEN POUNDS LUXUS D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5:30 - 8	L
TRANSPORTER 3	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16
AUSTRALIA D	kl. 4:30 - 8	12
INKHEART	kl. 3:45	10
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 4	5%
THE DAY THE EARTH...	kl. 10:20	12

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **650 kr.**

ÓDÝRT Í BÍÓ!

TRANSPORTER 3	kl. 6 - 8 - 10	16
AUSTRALIA	kl. 6:30 - 10	12
INKHEART	kl. 5:50 - 8 - 10:10	10
THE DAY THE EARTH...	kl. 8 - 10:20	12
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30	12

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

SÓLSKINS DRENGURINN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
SEVEN POUNDS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
AUSTRALIA	kl. 5:30 - 9	12
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 6	5%
TAKEN	kl. 8 - 10	16

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

SEVEN POUNDS	kl. 8 - 10:10	L
AUSTRALIA	kl. 7	12
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 5:50	L
INKHEART	kl. 5:50	10
SAW 5	kl. 10:10	16

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **mid.is** FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI. AUKAKRÖNUR

NÝTT Í BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

CHANGELING

TAKEN

BRÁÐSKEMMILEG mynd þar sem heimur galdra og ævintýra lítnar við

SÝNINGARTÍMAR

CHANGELING	kl. 6 og 9	16
BOLT 3D - ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
INKHEART	kl. 4, 6 og 10	10
SKOPPA OG SKRITLA	kl. 4	L
TAKEN	kl. 6, 8 og 10	16

SAMBÍÓIN

Svalasta glæpamynd í áráraðir

ROCKNRÖLLA

CHANGELING

YES MAN

THE SPIRIT

ÁLFABAKKA

ROCKNRÖLLA	kl. 5:40 - 8 - 10:30	16
CHANGELING	kl. 5:30 - 8:30	16
YES MAN	kl. 6 - 8D - 10:20D	7
YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	VIP
THE SPIRIT	kl. 8:20 - 10:30	12
BOLTI 3-D m/isl. tali	kl. 5:50 (30)	L
CITY OF EMBER	kl. 5:50	7
TWILIGHT	kl. 8 - 10:20	12

KRINGLUNNI

ROCKNRÖLLA	kl. 8:10 - 10:30	16
YES MAN DIGITAL	kl. 8:20 - 10:30	7
THE SPIRIT DIGITAL	kl. 6 - 8:10 - 10:30	12
BOLT 3-D m/isl. tali	kl. 6	DIGITAL-3D
BOLT 3-D m/ensku tali	kl. 6	DIGITAL-3D

SELFÖSS

YES MAN	kl. 8 - 10:20	7
CITY OF EMBER	kl. 8	7
APPALOOSA	kl. 10:20	16

AKUREYRI

THE CHANGELING	kl. 6 - 9	16
BOLT m/isl. tali	kl. 6	L
YES MEN	kl. 8	7
THE SPIRIT	kl. 10	12

KEFLAVÍK

ROCKNRÖLLA	kl. 8 - 10:20	16
YES MAN	kl. 8 - 10:20	7

Cynic Guru spilar í New York

„Við förum á fimmtudaginn og spilum þremur tímum eftir að við lendum,“ segir Roland Hartwell sem spilar á Club Midway á Manhattan með hljómsveit sinni Cynic Guru næstkomandi fimmtudagskvöld. Auk þess munu þeir ljúka við gerð tveggja tónlistarmyndbanda í borginni sem þeir hafa tekið upp að hluta til á Íslandi.

„Eigendur klúbbsins heyrðu af okkur, buðu okkur að koma að spila og í kjölfarið fengum við styrk fyrir flugmiðum frá Loftbrú. Þegar Axel Gimenez, gamall vinur minn og leikstjóri í New York frétti svo af því stakk hann upp á að hann kæmi til Íslands til að taka upp myndbönd við lögin Secrets og Downfall of the Enemy sem eru fyrstu smáskírnar af væntanlegri plötu. Gimenez kom því til landsins, við tókum upp á ýmsum stöðum hérlendis og klárum svo myndböndin í New York. Þar verður meðal annars tekið upp í Empire State-byggingunni, Brooklyn Bridge og fleiri stöðum,“ útskýrir Roland og segir nýja breiðskífu hljómsveitarinnar vera væntanlega eftir tvo mánuði.

Þegar spurður um útgáfu í Bandaríkjunum segir hann ekkert ákveðið í þeim efnum en hljómsveitin hefur verið á plötusamningi hjá útgáfufyrirtækinu Fat Northerner Records í Bretlandi frá því 2005.



TÓNLEIKAR OG MYNDBÖND Cynic Guru spilar á Club Midway á Manhattan á fimmtudagskvöldið og lýkur svo við upptökur á tveimur nýjum tónlistarmyndböndum í New York.

„Við erum bara mjög sáttir við þá velgengi sem við höfum notið hér og í Bretlandi. Við erum ekki farnir að hugsa út í útgáfu í Bandaríkjunum, en ef tónleikarnir ganga vel er aldrei að vita hvað gerist.“ segir Roland.

Tónlistarárið mikla hafið

Fjöldi hljómsveita verður á faraldsfæti árið 2009 og ætla sér stóra hluti úti í hinum stóra heimi. Lay Low, Emiliana Torrini, Hjaltalín og Gus Gus verða öll áberandi.

Lay Low og Emiliana Torrini hafa báðar í nógu að snúast á næstunni. Fyrst mun Lay Low hita upp fyrir Emilíönu á mánaðarlangri tónleikaferð um Evrópu sem hefst í Frakklandi 29. janúar.

Eftir stutta dvöl á Íslandi fer Lay Low í tónleikaferð um Finnland, Danmörku, Noreg og Þýskaland. Hinn 12. mars verður hún í London og kvöldið eftir hitar hún aftur upp fyrir Emilíönu í sömu borg. Hinn 15. mars er ferðinni síðan heitið á tónlistarhátíðina South By Southwest í Texas með hljómsveitinni Benny Crespo's Gang. Einnig hyggur Lay Low á tónleikaferð um Bandaríkin á árinu.

Hún mun spila á fjölda annarra tónlistarhátíða árið 2009, meðal annars á hinni bresku End of the Road sem verður haldin í september. Næstu tónleikar hennar verða þó á Kaffi Rósenberg 27. janúar þar sem hún hitar upp fyrir komandi Evróputúr. Forsala er þegar hafin á Midi.is.

Hjaltalín er byrjuð á sinni tónleikaferð um Evrópu, sem hófst í Danmörku síðastliðinn fimmtudag. Lýkur henni í Bretlandi tveimur vikum síðar, eða 24. janúar. Gus Gus hyggur einnig á túr til að fylgja væntanlegri plötu sinni eftir. Fyrstu tónleikarnir verða í Austurríki 31. janúar og eftir það spilar sveitin mestmegnis í Þýskalandi. Hefur hún þegar verið bókuð til 2. maí.

Einnig undirbýr For a Minor Reflection Evróputúr í vor, rétt eins og Reykjavík! og Sin Fang Bous. Seabear hefur bókað sig í Bandaríkjunum á árinu og einnig hljómsveitirnar Vicky og Sprengjuhöllin, sem verður á South By Southwest-hátíðinni.

Á meðal flytjenda sem eru líkleg-



LAY LOW Tónlistarkonan Lay Low verður upptekin allt árið um kring við kynningu á sinni nýjustu plötu, Farewell Good Night's Sleep.

ir til að fara í tónleikaferðir erlendis á árinu eru síðan Helgi Hrafn Jónsson, Retro Stefson, Hafðís Huld, Jóhann Jóhannsson, Agent Fresco, Dikta, Skakkamanage, Heiða Árnadóttir, FM Belfast og Ólafur Arnalds.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útflutningsráði íslenskrar tónlistar, Útón, segir að ekkert lát sé á

á huga á íslenski tónlist úti í heimi. „Það er mjög líklegt að bæði margir úr yngri kantinum og hinir sem hafa verið að róa í nokkurn tíma verði með sterkan prófíl í útlöndum á þessu ári,“ segir hún. „Ég hef á tilfinningunni að þetta verði tónlistarárið mikla og að vegur íslenskrar tónlistar haldi áfram.“

freyr@frettabladid.is

Búlgaríuþlata tafðist í kreppu

Fyrsta plata hljómsveitar Hauks Gröndals, Narodna Muzika, tafðist í framleiðslu erlendis á síðasta ári og kom því ekki út fyrr en rétt fyrir jólin. „Svona þjóðlagamúsík er maður ekki að fara að selja eins og Bubbi Morthens hér á landi. Þeir eru ekki að setja þig í rosalegan forgang,“ segir hann og játar að vera pínulítið svekktur.

Haukur tók plötuna upp í apríl í Reykjavík og í september í Búlgaríu með þarlandum hljóðfæraleikurum en grunnurinn var lagður í ársbyrjun 2006. „Ég þurfti að finna „kontakta“ og þurfti að taka einhverjar fimm til sex ferðir til Búlgaríu. Ég þurfti að finna rétta fólk og hitti alls konar músí-



HAUKUR GRÖNDAL Ný plata Hauks og hljómsveitarinnar Narodna Muzika var ein þeirra sem töfðust erlendis fyrir jólin.

kanta sem ég var að læra hjá til að gera þetta eins vel og hægt var,“ segir Haukur, sem vann plötuna með harmonikkuleikaranum Borislav Zgurovski.

Haukur segir tímann í Búlgaríu hafi verið skemmtilegan að mörgu leyti. „Maður gat ímyndað sér að það versta hjá þeim væri yfirstaðið eftir fall kommúnismans en svo er eiginlega ekki. En ég kynntist hlýlegu fólki sem vildi allt fyrir mig gera, sem er ekki sjálfgefið. Þetta er gestrisið fólk sem tekur öllu fagnandi. Ég hef átt margar ánægjulegar stundir og kynnt fullt af fólki sem ég hef samband við, þannig að þetta var mjög jákvæð upplifun.“

- fb

SÖNGSKÓLI

Mariu Bjarkar



María Björk
Skólastjóri / Söngkona



Regína Ósk
Yfirkennari / Söngkona



Sessý
Söngkona



Hera Björk
Master class



Guðbjörg
Söngkona



Yohanna
Söngkona



Ágústa Ósk
Söngkona



Guðrún Árný
Söngkona

Forskóli

börn fædd '04 & '05
10 vikna námskeið
kennt einu sinni í viku 40 mín í senn
Eini skólinn sem kennir þessum aldri

- 15 ára reynsla
- Höfum tekið frístundakort
- Erum enn með besta verðið

Nýtt

14 ára og eldri taka upp söng sinn á geisladisk í fullkomnu hjóðveri

Á haustönn verður boðið upp á:

1. Forskóli fyrir 3-5 ára krakka.
2. 5 ára og eldri: Byrjenda- og framhaldsnámskeið.
3. Unglingar: Byrjenda- og framhaldsnámskeið.
4. Fullorðnir: Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Markmið söngkennslunnar er að þjálfá nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og framkomu.

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi.

Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslið sem eru atvinnu-menn hver á sínu sviði.

Margir þjóðkunnir listamenn hafa hafið sinn feril hjá Söngskólunum m.a. Ragnheiður Gröndal, Jóhanna Guðrún, Klara Elíasdóttir (Nylon), Emilía Björg (Nylon) og Alma Guðmundsdóttir (Nylon) og margir aðrir frábærir söngvarar.

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

Söngvaborg kemur í heimsókn til yngstu krakkana ásamt Björgvini Franz úr Stundinni okkar

Söngskólinn er einnig umboðsskrifstofa fyrir börn og unglinga á öllum aldri. Fjöldinn allur af efnilegum nemendum hefur sungið á hljómplötum, í sjónvarpi, tekið þátt í auglýsingum, leikhúsi, bíómyndum og fleira.



SÖNGSKÓLI
Mariu Bjarkar

Skráning og upplýsingar:

Sími: 588 1111 & 897 7922

songskolimariu@songskolimariu.is

Fákafeni 11 • www.songskolimariu.is

> Stórleikur í Grindavík

Einn leikur fer fram í Subway-bikar karla í kvöld þegar Grindavík tekur á móti ÍR. Grindavík stöðvaði sjö leikja sigurgöngu ÍR-inga í Röstinni á dögunum og ljóst að Breiðhýltingar hyggja á hefndir í kvöld. Einnig fara fram tveir leikir í Subway-bikar kvenna er Fjölnir tekur á móti Val og svo mætast Skallagrímur og Hekla í Borgarnesi.



sport
sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON LANDSLIÐSPJÁLFARI: ÁNÆGÐUR MEÐ ÆFINGAMÓTIN Í SVÍÞJÓÐ OG DANMÖRKU

Vorum á síðustu bensíndropunum undir lokin

Íslenska handboltlandsliðið lauk tæplega tveggja vika æfinga- og leikjatórn í Danmörku í gær er liðið lagði Bosnía, 33-31, í lokaleik sínum á fjögurra þjóða æfingamóti í Danmörku. Áföllin hafa dunið yfir landsliðið síðustu vikur sem fór í æfingamótin tvö án sex fastamanna. Síðan byrjuðu menn að ganga úr skaftinu vegna meiðsla. Aron Pálmarsson og Einar Hólmgeirsson fóru snemma heim vegna meiðsla. Ragnar Óskarsson meiddist einnig sem og Hreiðar Guðmundsson markvörður og Ingimundur Ingimundarson. Hópurinn var því orðin þunnskipaður og óreyndir menn þurftu að axla mikla ábyrgð. Árangurinn í þessum tveim mótum engu að síður mjög góður miðað við aðstæður.

„Maður er bara hálfgeinn að þetta sé búið. Þetta er búið að vera mjög erfitt og tekið á,“ sagði Guðmundur Guðmundsson landsliðspjálfi sem var mjög sáttur við árangurinn. „Hann er ásættanlegur og rúmlega það. Líklega besti leikurinn var gegn fullskípuðu liði Dana sem kvörtuðu yfir því hversu marga vantaði hjá okkur því þeir vildu alvöru leik. Þeir fengu sko alvöru leik og það var grátlegt að ná ekki að jafna. Það hefði verið afar ánægjulegt.“

Guðmundur viðurkennið fúslega að menn væru nokkuð þreyttir eftir átökin. „Það er búið að mæða svakalega á lykilmönnum og við

vorum á síðustu bensíndropunum hérna í síðasta leiknum. Vissulega vonaðist ég til þess að vera með hóp af mönnum sem er skipaður fleiri mönnum sem hafa verið að spila með A-landsliðinu. Í staðinn fá aðrir tækifæri eins og Sturla sem sýndi mikinn stíganda. Sama má segja um Rúnar Kárasón og Sigurberg Sveinsson. Það er náttúrulega jákvætt enda sé ég betur hvar þeir standa eftir þetta.

Það var margt sagt og svo sumt ekki eins gott í þessu. Þegar komið er í A-landslið þarf ákveðin geta að vera til staðar og það er ljóst að sumir eiga töluvert í land með að vera A-landsliðsmenn. Menn eru samt að fá reynslu og komast betur inn í hlutina,“ sagði Guðmundur.



ÚRSLIT

Enska úrvalsdeildin:

Wigan-Tottenham	1-0
1-0 Maynor Figueroa (90.)	
Man. Utd-Chelsea	3-0
1-0 Nemanja Vidic (45.), 2-0 Wayne Rooney (63.), 3-0 Dimitar Berbatov (87).	

Vináttulandsleikur:

Ísland-Bosnía	33-31 (19-17)
Mörk Íslands: Sturla Ásgeirsson 7, Róbert Gunnarsson 6, Valdimar Þórsson 5, Rúnar Kárasón 5, Sigurbergur Sveinsson 4, Þórir Ólafsson 3, Logi Geirsson 2, Vignir Svavarsson 1.	
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 15.	

Vináttulandsleikur:

Ísland 2012-Tékkland	34-28
Bjarni Fritson skoraði 7 mörk og Ólafur Guðmundsson 6. Ísland varð í 3. sæti á mótinu.	

Subway-bikar karla:

KR-Keflavík	98-64 (41-32)
Stig KR: Jón Arnór Stefánsson 20, Jason Dourisseau 20, Fannar Ólafsson 16, Jakob Örn Sigurðarson 11, Helgi Már Magnússon 10, Skarphéðinn Freyr Ingason 8, Darri Hilmarrson 7, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 3.	
Stig Keflavíkur: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 17, Jón Norðdal Hafsteinnsson 12, Hörður Axel Vilhjálmsson 11, Þróstur Jóhannsson 7, Sverrir Þór Sverrisson 7, Gunnar Einarsson 6, Axel Margeirsson 2, Gunnar Stefánsson 2.	

Stjarnan-Valur

116-70

Subway-bikar kvenna:

Haukar-KR	65-93
------------------	-------

Man. United niðurlægði Chelsea

Man. United vann afar sannfærandi 3-0 sigur á Chelsea í gær. United var miklu betra og Chelsea skapaði sér ekki eitt færi allan leikinn og var í raun niðurlægt. United er nú stigi á eftir Chelsea.

FÓTBOLTI Fyrsti stórleikur ársins í enska boltanum fór fram á Old Trafford í gær er Chelsea sótti Man. Utd heim. Englandsmeistarar United tóku Chelsea í bólinu og skelltu gestunum frá London, 3-0, og Chelsea var aldrei líklegt í leiknum. United heldur því áfram að gera Chelsea lífið leitt en þetta var fyrsta tap liðsins á útivelli í 20 leikjum.

Mikil stöðubárta var í fyrri hálfleik liðsins en United þó alltaf líklegri aðilinn. Það var ekki fyrr en í uppbótartíma fyrri hálfleiks sem Nemanja Vidic kom United yfir með góðum skalla eftir hornspyrnu. United skoraði reyndar mark skömmu áður sem virtist hafa verið löglegt en var dæmt af vegna yfirsjórnar aðstoðardómara.

Síðari hálfleikur var síðan eign United. Liðið spilaði frábæran varnarleik út um allan völl, var miklu klókara og þeir Rooney og Berbatov bættu við mörkum áður en yfir lauk. United er því aðeins stigi á eftir Chelsea og á tvo leiki inni. Vinni liðið þá leiki fer það á toppinn.

Luiz Felipe Scolari, stjóri Chelsea, hafði sagt fyrir leikinn að hans menn yrðu að vinna og hann



FÖGNUMUR Dimitar Berbatov hafði hægt um sig í leiknum en dúkkaði síðan upp undir lokin og skoraði þriðja og síðasta mark leiksins. NEITAOI ÞVI EKKI AÐ TAPIÐ VÆRI „Man. Utd var betra en við í dag og þetta er mjög slæmt tap fyrir

okkur. Við ætluðum ekki að spila svona. Við ætluðum að sigra. Nú verðum við að skoða hvað klikkaði eiginlega hjá okkur,“ sagði Scolari.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var eðlilega himinlifandi með sigurinn en liðsuppstilling hans, með Ryan Giggs á miðjunni, vakti athygli en eins og svo oft áður sannaðist að Ferguson vissi vel hvað hann var að gera.

„Ég hef alltaf sagt að það væri gott að eiga stóru liðin eftir heima og við verðum að vinna þá leiki. Nú er búið að ryðja fyrstu hindruninni frá en það eru fleiri ljón á veginum. Það eru leikmenn í þessu liði sem eru að spila frábæran fótbolta þessa dagana. Það eru margir athyglisverðir leikir fram undan og janúar er afar mikilvægur mánuður í okkar huga,“ sagði Ferguson sem hrósaði einnig Chelsea.

„Þeir voru finir á boltanum lengi vel og þeir eru alltaf hættulegir með boltann. Það eru svo margir snjallir leikmenn í þessu liði en við vörðumst frábæra og þeir fengu ekki færi,“ sagði Sir Alex Ferguson.

henry@frettabladid.is

Óvænt úrslit á Ásvöllum í leik Hauka og KR:

KR rúllaði yfir Hauka

KÖRFUBOLTI KR vann auðveldan sigur á Haukum, 93-65, í Subway-bikarnum í gær. Haukar hafa verið illviðráðanlegir á heimavelli í vetur en áttu ekkert svar við góðum leik KR í gær.

KR náði undirtökunum snemma í leiknum og leiddi í leikhléi, 46-28. KR-stúlkur gáfu ekkert eftir í

síðari hálfleiknum, hélt áfram að þjarma að Haukastúlku og vann að lokum algjöran yfirburðasigur. Óvænt úrslit í ljósi stöðunnar í deildinni. - hbg

MARGRÉT KARA Spilar frábæra leik með KR-liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



KR komið áfram í Subway-bikarnum eftir öruggan sigur á Keflvíkum, 98-64:

Keflvíkingar sáu aldrei til sólar

KÖRFUBOLTI KR fór létt með Keflavík, 98-64, í Subway-bikarnum í DHL-höllinni í gærkvöld. Það benti allt til þess að leikurinn yrði spennandi framan af leik en KR-ingar sýndu er leið á leikinn að þeir eru með langbesta lið Íslands um þessar mundir.

Keflvíkingar mættu mjög ákveðnir til leiks og spiluðu frábæran varnarleik í fyrsta leikhlu og voru átta stigum yfir, 14-22. Munurinn hefði verið þremur stigum meiri hefði Jón Arnór Stefánsson ekki sett niður þriggja stiga flautukörfu. Var þetta fyrsta karfa Jóns í leiknum en hann átti afleitan fyrsta leikhlu þar sem hann tapaði boltanum fjórum sinnum og ekkert gekk hjá honum.

Jón Arnór bætti fyrir þessa frammistöðu í upphafi annars leikhlu þegar hann skoraði átta stig í röð og jafnaði leikinn. Þeim leikkafla lauk með falglegri troðslu sem kveikti í áhorfendum og félagum hans í KR-liðinu sem var níu stigum yfir í hálfleik, 41-32.

„Þeir ætluðu sér greinilega stóra hluti. Þeir spiluðu mjög vel og tók hart á okkur í byrjun og við bökkuðum kannski of mikið. Svo náðum við góðum spretti og það var aldrei spurning eftir það. Vörnin þéttist hjá okkur og við fengum hraðauppþlaup sem er okkar leikur,“ sagði Jón Arnór í leiklok.

Keflvíkingar sáu aldrei til sólar gegn ósigruðu vesturbærliðinu í síðari hálfleik. EKKI HJÁLPAÐI TIL AÐ LYKILMENN VORU Í VILLUVANDRÆÐUM



STERKUR Jón Arnór Stefánsson átti flottan leik í gær. Hann hleypur hér fram hjá Sverri Þór Sverrisyni Keflvíkum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

allan síðari hálfleik sem hafði mikil áhrif á varnarleik Keflvíkinga.

„Við lögðum okkur fram frá byrjun, það var ekki málið. Kannski vorum við yfirspenntir.

Menn eru aldrei værukærir á móti Keflavík. Það er kannski erfitt að gíra sig upp fyrir suma leiki en það er aldrei erfitt á móti þessum Suðurnesjalíðum,“ sagði Jón Arnór að lokum. - gmi

Boltinn er hjá okkur!

Arsenal **TILBOÐ** Verð á mann: **45.000 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og Club level-miði á leikinn.

Man. Utd. **Everton** Verð á mann í tvíbýli: **62.900 kr.**
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, miði á leikinn og gisting í tvær nætur með morgunverði.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Viltu vera í Hressa liðinu?



13 kg
farin

Konur átak

Lokaðir tímar í allsherjar 8 vikna heilsuátaki. Góður árangur. Mikið aðhald og fræðsla.

Karlar átak

Lokað námskeið í átta vikur. Uppbygging og árangur sem þú býrð að alla æfi.

Námskeiðin hefjast 12. janúar
8 vikna námskeið

Verð kr. 22.990.- 3 x í viku

Verð fyrir korthafa kr. 12.000.-

Verð kr. 16.990.- 2 x í viku

Verð fyrir korthafa kr. 8.000.-

14 kg
farin



Kroppar og kríli

Aðhaldsnámskeið fyrir konur, mælingar og fræðsla. Velkomið að taka börnin með sem mæðurnar sinna ef þörf krefur. 8 vikur 3 x í viku.

Pilates Classic

Þetta æfingakerfi er eitt það vinsælasta í heiminum í dag. Engin hamagangur og læti, en virkilega vel tekið á. 8 vikur 3 x í viku.

Rope Yoga

Eykur orku, brennslu og grunnstyrk. Bætur, liðleika, súrefnisupptöku og blóðflæði. 8 vikur 3 x í viku.

60 plús

Tímar fyrir konur 60 ára og eldri sem vilja aukna orku, jafnvægi, styrk og þol. Sérniðnar æfingar við léttu tónlist í góðum félagskap. 8 vikur 2 x í viku.

Tækjapjálfun 12-16 ára strákar

Þjálfun fer að mestu fram í tækjasal. Niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ. Námskeiðið eflir áhuga á heilsurækt. 12 vikur 3 x í viku.

Þolfimi 10-12 ára stúlkur

Krefjandi og skemmtileg námskeið. Kynntar allar vinsælustu þjálfunarleiðir Hress: Les Mills tímar ofl .ofl. 12 vikur 3 x í viku. Niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ.

Þolfimi 13-16 ára stúlkur

Krefjandi og skemmtileg námskeið. Kynntar allar vinsælustu þjálfunarleiðir Hress: Les Mills tímar ofl .ofl. 12 vikur 3 x í viku. Niðurgreitt af Hafnarfjarðarbæ.

FitKid 8-17 ára

„FitKid“ er alþjóðleg íþróttagrein fyrir ungt fólk frá 8-17 ára. Á æfingunum er blandað saman fimleikum, dansi og þolfimi og þátttakendur læra samsetningar sem innihalda styrktar-, liðleika-, tjáningar- og stökkatriði. 16-20 vikur 3 x í viku.

Með námskeiðum í Hress fylgir aðgangur að sundmiðstöðinni Ásvöllum, tækjasölum og öllum opnum tímum*.

*Aðgangur að tækjasal og opnum tímum gildir fyrir 16 ára og eldri.

HRESS

Dalshrauni 11, Hafnarfirði, sími 565 2212,
Ásvöllum 2, Hafnarfirði, sími 565 2712
hress@hress.is www.hress.is

> Ty Pennington

„Þátturinn okkar sannar að það er hægt að gera ótrúlega hluti ef fólk vinnur saman.“ Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni í þættinum Extreme Makeover: Home Edition sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** SPYR OG SVARAR

Baggabindingar og dráp á litlum börnum

Ég hef lengi haldið því fram að það eigi að gera grín að öllu – líka dauðanum. Hver þekkir ekki söguna af landamerkjadeilum Jóns bónda og prestsins af næsta bæ. Jón bóndi lést á sviplegan hátt þegar hann lenti í baggabindivélina sinni en þegar nefndur prestur sagði nokkur orð í jarðarförinni um lífshlaup bóndans byrjaði hann ræðu sína á eftirfarandi orðum: „Nú hefur Jón bóndi bundið sinn síðasta bagga í þessu lífi.“ Þetta er saklaust – ég geri mér grein fyrir því. Örugglega logið ofan í kaupið. Samt skemmtilegt.

Á aðfaranótt laugardagsins var ég að flakka á milli stöðva og lenti inni í endursýndum skemmtipætti bandaríska háðfuglsins Jays Leno. Þar var hann að fara með brandarullu sína í upphafi þáttarins en þegar skammt var á uppstandið liðið, byrjaði hann að dæla frá sér bröndurum um stríð Ísraels og Palestínumanna á Gasa. Einn fjallaði um ísraelskan hjartaþega. Gjafahjartað var



úr Palestínumanni. Skömmu eftir að hann náði heilsu fannst hann láttinn í íbúð sinni. Dauðameinið var að hann hafði barið sjálfan sig ítrekað í höfuðið með grjóti. Ég hló. Svona hélt þetta áfram í góða stund. Ég hló. Svo áttaði ég mig á því að þátturinn var ekki nema nokkurra daga gamall. Allt í einu hófu fréttamyndir síðustu daga að renna í gegnum hugann. Ég hætti að hlæja.

Þetta kvöld sem þátturinn var upphaflega sendur út til hins vestræna heims stóðu tveir norskir læknar, þeir Mads Gilbert og Erik Fosse, aukavaktir við að afflima börn í gluggalausu sjúkrahúsi í Gasaborg. Nokkur hundruð þeirra höfðu þegar fallið fyrir sprengjum eins best búna hers í heimi. Látum liggja á milli hluta fréttina af nokkrum jafnöldrum þeirra sem lágu alblóðug á sundur-skotnum líkum foreldra sinna, veinandi af skelfingu.

Á að gera grín að dauðanum? Já. Er það alltaf viðeigandi? Nei.

MÁNUDAGUR



▶ 19.10 Kompás STÖÐ 2



▶ 20.00 Lady in the Water STÖÐ 2 BÍÓ



▶ 20.10 Comanche Moon SKJÁREINN



▶ 20.25 E.R. STÖÐ 2 EXTRA



▶ 21.15 Sporlaust (Without a Trace) SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknmálsfréttir
- 17.30 Hannah Montana (17:26) (e)
- 17.53 Sammi (9:52)
- 18.00 Kóalabæðurnir (73:78)
- 18.12 Herramenn (35:52)
- 18.25 Út og suður (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Uppgangur mannsins (The Rise Of Man) (2:2) Frönsk heimildarmynd í tveimur hlutum þar sem rakín er sýðmenningar um átta þúsund ára skeið.
- ▶ 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (14:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.

- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Bráðavaktin (ER) (1:19) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
- 23.10 Spaugstofan (e)
- 23.40 Kastljós (e)
- 00.20 Lögin í Söngvakeppninni (1:4) Flutt verða lögin tvö sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins um síðustu helgi.
- 00.30 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.00 Thunderstruck
- 10.00 Wallace & Gromit: The Curse of the Were-Rabbit
- 12.00 Employee of the Month
- 14.00 Thunderstruck
- 16.00 Wallace & Gromit: The Curse of the Were-Rabbit
- 18.00 Employee of the Month
- ▶ 20.00 Lady in the Water Mynd eftir M. Night Shyamalan með Paul Giamatti í aðalhlutverki.
- 22.00 Gacy
- 00.00 Primal Fear
- 02.10 Assault On Precinct 13
- 04.00 Gacy
- 06.00 The Holiday

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Gulla og grænjaxlarnir, Lalli, Refurinn Pablo, Ofurhundurinn Krypto og Justice League Unlimited.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (228:300)
- 10.15 Beauty and The Geek (8:13)
- 11.15 The Celebrity Apprentice (10:13)
- 12.00 Project Runway (7:15)
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Best Little Whorehouse In Texas
- 15.05 ET Weekend
- 15.50 Galdrastelpurnar
- 16.13 Leðurblökumaðurinn
- 16.33 Justice League Unlimited
- 16.58 Lalli
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Neighbours
- 17.58 Friends (5:24)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.05 Veður

- ▶ 19.10 Kompás Algengasta dánarorð sökkunda er krabbamein en tíðnin er álíka há og hjá mannfólkinu. Í síðari hluta þáttarins verður fjallað um íslensku hjálparstærktökin ENZA sem stofnuð voru nýverið.
- 19.45 The Simpsons (7:23) Samvíska Lísu angrar hana eftir að hún svindlaði á prófi og Hómer telur sig geta sparað stórfé með því að rækta sinn eigin humar.
- 20.10 Extreme Makeover. Home Edition (16:25)
- 20.55 Men in Trees (14:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit.
- 21.40 Golden Globe 2009 - samantekt
- 23.20 Warm Springs
- 01.25 Best Little Whorehouse In Texas
- 03.15 Medium (17:22)
- 04.00 Men in Trees (14:19)
- 04.45 Extreme Makeover. Home Edition (16:25)
- 05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Spænski boltinn Útsending frá leik Osasuna og Barcelona í spænska boltanum.
- 15.55 Spænski boltinn Útsending frá leik Mallorca og Real Madrid í spænska boltanum.
- 17.35 NFL deildin Útsending frá leik Pittsburgh - San Diego í NFL deildinni.
- 19.35 World Supercross GP Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Kaliforníu.
- 20.30 Æfingamót í Svíþjóð Útsending frá leik Íslendinga á æfingamóttinu í Svíþjóð.
- 22.00 Spænsku mörkin Allir leikimír og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
- 22.30 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
- 23.15 World Series of Poker 2008 Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd og Chelsea.
- 16.05 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Newcastle og West Ham.
- 17.45 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilprifin á einum stað.
- 18.45 PL Classic Matches Leeds - Tottenham, 2000. Hápunktamir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 19.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Stoke og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 21.00 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilprifin á einum stað.
- 22.00 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markabætti.
- 22.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Portsmouth og Man. City í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 17.35 Vörutorg
- 18.35 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 19.20 Charmed (16:22) Bandarísk þáttur um þrjár fagrar og kyngigmagnaðar ólaganómir. (e)
- ▶ 20.10 Comanche Moon (2:3) Glæný og stórbrotin mínisería í þremur hlutum úrvalsliði leikara í öllum helstu hlutverkum. Myndin er byggð á frægri sögu eftir Larry McMurtry og er undanfari eins frægasta vestra sjónvarpsögunnar, Lonesome Dove, sem hlaut fjölda Emmy-verðlauna árið 1989. Aðalsöguhetjumar eru þær sömu og í Lonesome Dove, tveir laganna verðir í Texas, sem nú elta uppi þrjá eftirlýsta útlaga. Val Kilmer, Rachel Griffiths, Steve Zahn, Linda Cardinelli og Carl Urban leika aðalhlutverkin í þessari episku sögu.
- 21.50 CSI: New York (21:21) Bandarísk sakamála-sería um Mac Taylor og félagan hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Það er komið að æsispennandi lokabætti. Bankarín fer úr skordum og banka-stjórnin er skotin til bana. Bankaræninginn tekur gísla og heimtar að fá einn úr rannsóknardeildinni inn í bankann til að sanna sakleysi sitt.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 Dexter (9:12) Þriðja þáttaröðin um dagfarsprúða morðingjann Dexter Morgan sem drepur bara þá sem eiga það skilið. (e)
- 00.20 Vörutorg
- 01.20 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á kfst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
- N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

RÉTTUR

NÝR HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI HEFST Á SUNNUDAG KL. 20:30

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.40

Golden Globe - Samantekt

Samantekt frá Golden Globe-verðlaunahátíðinni 2009 sem fór fram í Hollywood í nótt. Á þessari næstmikilvægustu verðlaunahátíð á eftir Óskarsverðlaunahátíðinni eru veitt verðlaun fyrir helstu afrek ársins 2007, ekki aðeins í kvímyndum heldur einnig sjónvarpi. Það eru erlendir blaðamenn í Hollywood sem standa fyrir þessari glæsilegu verðlaunaathöfn en til hennar mæta jafnan skærustu Hollywood-stjörnur hverju sinni.



► VIÐ MÆLUM MEÐ
Stöð 2 extra kl. 21.30
20 Good Years

Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta. Með aðalhlutverk fara John Lithgow og Jeffrey Tambor.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregni
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregni
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni og auglýsingar
13.00 Vilt og breitt
14.03 Bak við stjórnurnar
15.03 Útvarpsagan: Gæludýrin

15.30 Lostafullir listræninginn
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregni
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Auðlindin
18.23 Fréttayfirlit og veður
18.26 Spegillinn
18.50 Dánarfregni
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Lárétt eða lóðrétt
22.07 Veðurfregni
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Ársól
23.05 Á tónsviðinu
00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (100:260)

16.30 Hollyoaks (101:260)

17.00 Seinfeld (17:24)

17.25 E.R. (19:25)

18.10 My Boys (15:22)

18.30 20 Good Years (4:13)

19.00 Hollyoaks (100:260)

19.30 Hollyoaks (101:260)

20.00 Seinfeld (17:24) Jerry Seinfeld er óendanlega smámunasamur og sérvitur en sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

►20.25 E.R. (19:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og lækarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

21.10 My Boys (15:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

21.30 20 Good Years (4:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólífuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta.

22.00 Cold Case (2:23) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 snýr aftur í sjöttu seríunni. Lilly Rush og félagar hennar í sérdeild lögreglunnar halda þar áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstu niður í skjalakassann.

22.45 Mad Men (4:13)

23.30 Sjáðu

23.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnáping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Gestur hans er Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðgjafi.

21.00 Í nærveru sálar Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Gestir eru Hörður Hilmarsson og Ómar Sigurðsson.

21.30 Sportið mitt Farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar í máli og myndum í umsjá Sverris Júlíussonar.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.20 OBS 12.35 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Braceface 15.55 Oggy og kakerlakkerne 16.00 Troldspejlet 16.15 Robotboy 16.30 Den travle by 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Guld og grønne skove 19.00 Vild i storbjergene 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot. Barsk begravelse 22.35 OBS 22.40 Hvor kragerne vender 23.25

NRK1

12.00 NRK nyheter 12.05 Berlin, Berlin 12.30 Vår aktive hjemme 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Typisk norsk 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjerter 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Vennene på Solflerken 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Si ja, bli min 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.35 Berlinerprolene 21.25 Store Studio 22.00 Kveldsnytt 22.15 Inspektør Lynley 23.45 Nytt på nytt 00.15 Kulturmytt

SVT 1

12.00 Flickan är ett fynd 13.20 Inför Idrottsgalan 2009 13.35 Leslie 14.05 Foto 51 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Kringskastingsorkestret möter Vamp 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturmytterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Guldbaggen 2009 21.00 Den engelske kirurgen 22.30 Kulturmytterna 22.45 Zafóchi 00.40 Sändningar från SVT24



Gler & Brautir

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA - 5 ÁRA ÁBYRGÐ

COVER

Svalalokanir & Sólstofur

Cover er póstalaust glerbrautarkerfi, sérhannað fyrir svalalokanir, sólstofur og önnur opin rými.

Cover glerbrautarkerfið er eina kerfið sem rennur á hjólum jafnstórum að ofan og neðan. Það útilokar glamur og stírdleika og getur ráðið við 12mm hert gler.

Betri hljóðeinangrun, minna hitatap

Mætum á húsfundi og aðstoðum við að sækja um leyfi.

COVER handriðakerfið loksins á Íslandi!



COVER handriðakerfið er létt og einfalt í uppsetningu, ekki þörf á krana. Framleitt úr áli með innbrenndri húð, hægt að fá í hvaða lit sem er. Ekkert ryð, engin tæring. Passar beint við COVER glerkerfið. Traust og öruggt, þolir vindálag við íslenskar aðstæður.



Gler & Brautir

Gler & Brautir ehf. - Dalshraun 10 - 220 hafnarfjörður
Sími 517 1417 - Netfang: covercover.is - www.cover.is



LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er mikið fyrir gamalt rokk eins og Bítlan, Rolling Stones og Jimi Hendrix. Ég er ekki mikið fyrir nýja poppið.“

Þórey Heiðarsdóttir, hönnunar- og saumakona.

Drottningin stendur undir nafni

„Þriðja táknið eftir Yrsu Sigurðardóttur kom út í gær í kilju í Bretlandi. Stærsta bókabúðakeðjan þar í landi, Waterstone's, gerir henni sérstaklega hátt undir höfði; hún er samsé Waterstone's Crime Book-sellers' Choice í janúar,“ segir útgefandinn Pétur Már Ólafsson.

Þótt jólabókavertíðin sé að baki hefur Pétur í nægu að snúast, einkum í kringum drottningu íslensku glæpasögunnar, Yrsu, sem er að gera góða hluti í Bretlandi. Auk þess sem Waterstone's hampar Yrsu teflir bókabúðakeðjan WH Smiths Travel henni fram. „Ég er ekki viss um að bók eftir íslenskan höfund hafi fengið viðlíka start á breskum bókamarkaði fyrir utan verk Arnaldar Indriðasonar en



YRSA SIGURÐARDÓTTIR Þriðja táknið er nú „val mánaðarins“ í Waterstone's sem er stærsta bókakeðja Englands.

menn hafa einmitt mjög fjallað um það í dómum að nú eigi Ísland tvo framúrskarandi glæpasagnahöfunda, Yrsu og Arnald. Önnur glæpasaga Yrsu, Sér grefur gróf, kemur síðan út innbundin í Bretlandi og

Bandaríkjunum á útmánuðum,“ segir Pétur og er með á hraðbergi góða dóma sem Yrsu hafa fallið í skaut: News of the World birti á dögunum stutta umsögn um bókina og gefur fjórar stjörnur. Að sönnu ekki virtasta blað Bretlandseyja – en það útbreiddasta, svo ekki spillir það fyrir. Áður, þegar Þriðja táknið kom út innbundin í fyrria í Englandi, ritaði gagnrýnandi The Times að breskir lesendur yrðu nú að gefa tveimur góðum íslenskum glæpasagnahöfundum gaum. „Daily Telegraph sagði að Þriðja táknið væri létt og leikandi, bókinn fékk fjórar stjörnur bæði í Sunday Express og í tímaritinu SHE, fimm stækkunargler af fimm mögulegum í vefmiðlinum Crime Squad,

Sunday Telegraph sagði að bókinn væri „fullkomin frumraun“, gagnrýnandi Guardian skrifaði að bókinn væri „fyndin og áhugaverð“ og að mati tímaritsins Woman and Home er Þriðja táknið „æsispennandi frumraun“, segir Pétur og fer ekki í grafgötur með að Yrsa standi undir nafni sem glæpasagnadrottning Íslands. - jbg

PÉTUR MÁR
Ánægður með sína glæpasagnadrottningu sem nú leggur tjallann að fótum sér – öflugt við íslensk stjórnvöld.



1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. tala, 6. samtök, 8. kvk. nafn, 9. þakbrún, 11. skóli, 12. plata, 14. dvaldist, 16. kveðja, 17. hrópa, 18. bergmála, 20. í röð, 21. kvenflík.

LÓÐRÉTT

1. höfuð, 3. belti, 4. handarlínulist, 5. starfsgrein, 7. afsprengi, 10. sigti, 13. frjó, 15. bannhelgi, 16. fjölda, 19. skammstöfun.

LAUSN

LÖBRET: 1. haus, 3. ól, 4. lótaspa, 5. æpa, 18. óma, 20. áb, 21. plís.
LÁRÉTT: 2. tólf, 6. aa, 8. lóa, 9. ufs,

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Björn Bjarnason dómsmálaráðgjafi.
2. Um sex hundruð.
3. Eiríkur Hauksson.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



GÓÐUR TÍMI FYRIR NÁM Steingrímur Sævarr Ólafsson sest á skólabeck við elstu deild Háskóla Íslands, guðfræðideild. Meðal námsgreina Steingríms verður hebreska.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STEINGRÍMUR SÆVARR: LEITAR SVARA VIÐ DJÚPUM SPURNINGUM

Fréttastjóri lærir guðfræði

„Ég verð vel geymdur þarna,“ segir Steingrímur Sævarr Ólafsson, fyrrum fréttastjóri Stöðvar 2, sem hefur skráð sig í nám í elstu deild Háskóla Íslands, guðfræði. Steingrímur hefur látið lítið fyrir sér fara eftir brotthvarfið af Stöð 2 en töluvert hefur verið slúðrað um það á vefsíðum að hann hafi verið stjórnendum gömlu viðskiptabankanna innan handar í kjölfar efnahagshrunsins. Steingrímur vísar því alfarið á bug, segist bara hafa verið að undirbúa sig fyrir námið í háskólanum. „Mér skilst að þetta sé rétti tíminn til að fara í nám, allavega hefur aðsóknin í Háskólann verið góð.“

Þessi gamli upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins segir guðfræðina ekki vera neitt stundar-

brjálæði. Þótt hún hafi í sjálfu sér ekki mallað lengi í kollinum á honum. „Hún er bara nátegd sagnfræðinni sem ég stúderaði á sínum tíma og ætli guðfræðihuginn hafi ekki komið bara með aldrinum, þegar maður reynir að leita svara við djúpi spurningum en bara þessum veraldlegu,“ útskýrir Steingrímur sem hefur alið manninn undanfarna daga í Bók-sölu stúdenta og sankað að sér hvers kyns heimspekiritum og trúfræðibókum. Hann segist jafnframt vera trúður og fari því inn í námið á bæði sagnfræðilegum og trúarlegum forsendum. Meðal námskeiða sem Steingrímur sækir á sinni fyrstu önn eru Inn-gangur að trúfræði og hebreska. Steingrímur er ekki fyrsti þekkti einstaklingurinn sem skrá-

ir sig í guðfræði; söngkonan Móeiður Júníusdóttir kláraði guðfræðina fyrir nokkru, Davíð Þór Jónsson, dómari í Gettu betur, dustaði rykið af gömlu guðfræðibókunum sínum og Ilmur Kristjánsdóttir leikkona lýsti því yfir í sjónvarpsþætti Loga Bergmanns að hún hygðist skrá sig í guðfræði.

Og fyrrum sjónvarpsmaðurinn er ekkert á því að skipuleggja námið of langt fram í tímann. Hefur ekkert velt því fyrir sér hvort hann muni klæðast hennunni góðu í framtíðinni og predika yfir lýðnum. „Maður hefur lært það af gamalli reynslu að það borgar sig ekki að horfa of langt fram á veginn, ég tek bara eina önn í einu.“

freyrgjia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Árlegt Eurovision-æði hófst á laugardaginn þegar fyrstu fjögur lögin voru frumflutt. Ljóst er að keppan hefur aðeins bitið í rassgatið á keppninni því hún er töluvert minni umfangs en á síðasta ári.

Þær **Eva María Jónsdóttir** og **Ragnhildur Steinunn** þreyttu frumraun sína sem tveyki og ljóst að þær hyggjast ekki taka sig of alvarlega í hlutverkum sínum. Stöllurnar klæddust rauðum peysum og gallabuxum og gæddu sér á kaffi meðan þær kynntu lögin fjögur til leiks.

Það voru annars þeir **Óskar Páll Sveinsson** og **Heimir Sindra-son** sem fengu lög sín kosin áfram. **Edgar Smári** söng lag Heimis en ungstirni **Jóhanna Guðrún** kom lagi Óskars vel til skila.

Óskar Páll upplýsti í þættinum að hann hefði komið að sigurlagi Eurovision-keppninnar fyrir nokkrum árum fyrir hönd Noregs og því ekki útilokað að Jóhanna Guðrún nái loks augum og eyrum heimsbyggðarinnar.

Reyndar er gaman að segja frá því að dóttir Heimis hefur getið sér gott orð í sjónvarpinu. Þá hefur mannfólkið reyndar verið í aukahlutverki en dýrin leikið aðahlutverkin. Heimir er nefnilega pabbi **Gaeludýra-Guðrúnar** sem stjórnaði þættinum Dýravínir á Skjá einum. Heimir ætti síðan ekki að vera í vandræðum með að hanna atriðið fyrir úrslitavöldið því önnur dóttir hans, **Sigríður Heimisdóttir**, er hönnunarstjóri hjá danska fyrirtækinu Fritz Hansen.

Í frétt um afmælistónleika Eiríks Haukssonar í sumar var sagt að umboðsmaðurinn Páll Eyjólfsson væri með fyrirtækið Promo. Hann er að sjálfsögðu með viðburðafyrirtækið Prime. - fgg

Stórfyrirtæki slást um Sportacus

Warner Bros. og Sony, eru meðal þeirra framleiðslufyrirtækja sem Magnús Scheving hefur rætt við um gerð kvikmyndar byggðri á Latabæ. Þetta hefur breska blaðið Daily Telegraph eftir Magnúsi Scheving í frétt sem birtist á laugardaginn. Jafnframt er greint frá því að myndin hafi þegar hlotið nafnið Sportacus sem er enska heitið yfir Íþrótta-álfinn.

Magnús segir við blaðið að áætlaður kostnaður sé 25 milljónir dollara eða þrjár milljarðar íslenskra króna.

Telegraph segir jafnframt frá því að Magnús ætli sér ekki að leggja árar í bát þrátt fyrir efnahagshrunið heimafyrir. Hann sé



RISAR SLÁST UM MAGNÚS Magnús Scheving er í viðræðum við bæði Sony Pictures og Warner Bros. um framleiðslu á mynd byggðri á Latabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nú á ferðalagi um heiminn við að leita að nýjum fjárfestum til að

leggja fyrirtækinu lið. Í fréttinni kemur fram að meðal þeirra fyrstu sem lögðu fé í Latabæjarundrið hafi verið Jón Ásgeir Jóhannesson sem hafi tapað ansi miklu þegar íslensku bankarnir hrundu.

Telegraph hefur síðan eftir Magnúsi að hann sé að útfæra þá hugmynd að opna Latabæjarveitingastaði í London, New York og Tókyó. Það sé stór markaður fyrir slíka staði sem bjóði upp á holla fæðu og skemmtilegt umhverfi fyrir börn. Að sögn Telegraph er ráðgert að hver veitingastaður kosti ekki undir 3,5 milljónum dollara eða 435 milljónum íslenskra króna.

- fgg



www.gitarskoli.is

Gítarnámskeið

Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna hefst 26.janúar.

Gítarkennsla er okkar fag!

12 vikur – 40 mínútna tímar – 1 sinni í viku.

Einkatímar Verð kr. 47.000,-

Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is

Skráning hafin í síma 581-1281

Gitarskoli@gitarskoli.is • www.gitarskoli.is



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur

30% afsláttur

Opið virka daga 9-18
og laugardaga 10-15



Óteljandi möguleikar

Ögurhvarf 2 203 Kópavogur
sími 534-0335 www.jke-design.is



BAKÞANKAR
Gerður Kristnýjar

Menn eða mys?

Óraunhæfar áætlanir í þágu einstaklingshyggju hafa vonandi misst trúverðugleika sinn hjá fleirum en mér. Það gildir almennt sterklega um hina hörðu yfirborðsmennsku sem framvegis verður kennd við árið 2007. Kröggur geta samt verið tækifæri í dulargervi og einmitt núna stöndum við sem þjóð á tímamótum í fleiri en einum skilningi. Við höfum möguleika á því að skoða af heildarleika mistökin og gangast við þeim hvötum sem leiddu okkur í ógöngur.

VIÐ höfum þannig tækifæri til að læra af fortíðinni og ákveða hvernig við viljum verða í framtíðinni. Langtímaplön henta ágætlega samfélögum, einkum ef margir taka þátt í umræðum og áætlunum. Þegar ljóst er að fjárfestingarfélög voru ekki stofnuð til að bjarga heiminum gæti okkur nú til dæmis þótt rétt að leggja rækt við göfugri gildi en áhuga á peningum. Til dæmis hugrekki. Eða þá skoðun að rangt sé að úthella saklausu blóði og standa með því sem við teljum réttast. Þeirri sannfæringu sem rak okkur til að samþykkja sáttmála Sameinuðu þjóðanna og sækjast eftir áhrifum í öryggisráðinu þar sem við þráðum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að heimurinn yrði ögn réttlátari.

Á MEÐAN verið er að myrða börn og foreldra þeirra í Palestínu af ískaldri grimmd, að því er virðist til að styrkja stöðu stjórnvalda í Ísrael fyrir komandi kosningar, eru fórnarlömbin eins og dýr í búri og hafa enga flóttaleið af vígvellinum. Á meðan er þögn alþjóðasamfélagsins og aðgerðarleysi óskiljanlegt. Okkar þar á meðal. Fordæming utanríkisráðherra á slátruninni var þó fyrsta skrefið. Fordæming ríkisstjórnarinnar í heild ætti að vera næsta skref, mér er hjartanlega sama hvort hefð er fyrir slíku eða ekki. Slit á stjórnmalasambandi Íslands við grimmdarstjórnina í Ísrael ætti ekki að vera erfið ákvörðun heldur. Hvenær ættum við að taka af skarið með afgerandi skilaboðum ef ekki núna?

ÚRTÖLURADDIR segja að þar með myndum við missa möguleikann á að vera þátttakendur í alþjóðlegri umræðu um málefni Ísraels. Og hvað með það? Kurtislega orðað álit okkar eða annarra vefst augljóslega ekki fyrir þeim hvort eð er. Íslendingar ættu að taka forgöngu um afgerandi afstöðu gegn barnamorðingjum, sama hvernar þjóðar þeir eru.

GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn 12. janúar, 12. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	11.01	13.36	16.12
Akureyri	11.08	13.21	15.34

Heimild: Almanak Háskólans

★ Tenerife í sumar

Costa Adeje Gran Hotel ★★★★★	NÝTT Club Flamingo ★★★
2 vikur með morgunverði frá 99.400 kr. <small>Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn</small>	Íbúð í 2 vikur frá 65.840 kr. <small>Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn</small>

SUMAR FERÐIR

...eru betri en aðrar